



FRÉTTABLAÐIÐ

Ný vísindanefnd óstarfhæf í tvö ár

Vísindanefnd sem skoða á kvörtun um meintan ritstuld seðlabankastjóra hefur verið óstarfhæf í tvö ár vegna flækings milli ráðuneyta.

adalheidur@frettabladid.is



Sigurður Kristinsson, prófessor við Háskólann á Akureyri

STJÓRNSÝSLA Nefnd um vandaða starfshætti í vísindum, sem skipuð var fyrir tveimur árum, hefur aldrei getað tekið til starfa.

„Þetta er eiginlega mjög bagaleg staða og að þetta mál komi upp núna sýnir þörfina á að koma starfi hennar í gang,“ segir Sigurður Kristinsson, prófessor í heimspeki og formaður nefndar sem á meðal annarra verkefna að hafa eftirlit með því að siðferðileg viðmið séu í heidri höfð í starfi vísindamanna.

Rithöfundurinn og fræðimaðurinn Bergsveinn Birgisson hefur beint kvörtun til þessarar nefndar vegna meints ritstuldar Ásgeirs Jónssonar seðlabankastjóra.

Nefndin var skipuð af forsætisráðherra í desember 2019 en var svo færð nær strax undir menntamálaráðuneytið, með forsetaúrskurði. Útlit er fyrir að hún verði enn færð milli ráðuneyta og tilheyri nýju vísinda- og nýsköpunarráðuneyti.

„Þegar menntamálaráðuneytið tók við nefndinni og farið var að reikna út hvað starfið muni kosta

kom í ljós að það er mun meira en upphaflega var áætlað,“ segir Sigurður. Hann vísar til hinna nýju laga og segir nefndinni ætlað heilmikið starf, sérstaklega í upphafi starfstíma hennar. Safna þurfi upplýsingum og móta verkferla, meðal annars til að geta tekið við erindum. Hins vegar hafi ekki verið gert ráð fyrir neinum kostnaði við starfið, utan ferðakostnaðar nefndarmanna.

„Svo veit ég ekki betur en það hafi verið þrýst á þetta í fjárlagagerð síðan, en ekkert fé komið í þetta enn og ekki heldur í fjárlagagerð fyrir næsta ár,“ segir Sigurður.

Þrátt fyrir flakk nefndarinnar hefur kvörtun Bergsveins skilað sér til formannsins.

„Ég er búinn að veita kvörtuninni viðtöku og er búinn að upplýsa hann um að hún verði tekin til athugunar um leið og nefndin geti tekið til starfa,“ segir Sigurður. „Ég vonast til að þetta verði til þess að koma hreyfingu á málið.“ **SJÁ SÍÐU 4**

Alþingismenn að sýsla með eigin kjör

STJÓRNMÁL „Mér finnst hún mjög villandi þessi orðræða, að þingmenn hafi ekki sjálfir sýslað með eigin kjör. Þeir sýsla með eigin kjör í gegnum forsætisnefnd þingsins. Ég hef sjálfur setið fundi inni í nefndinni og heyrt menn grenja yfir eigin kjörum,“ segir Jón Þór Ólafsson, fyrrverandi þingmaður Pírata.



Jón Þór Ólafsson, fyrrverandi þingmaður Pírata

Jón Þór segir að í forsætisnefnd Alþingis hafi þingmenn náð aukalegri umbun fyrir starfskostnað, á sama tíma og kjararáð frysti þingfararkaup.

Sighvatur Björgvinsson, fyrrverandi þingmaður og formaður Alþýðuflokksins og ráðherra, segir að þingið launi nú formenn nefnda

sérstaklega með uppbótum, sem aldrei hafi áður tíðkast.

„Svo er verið að launa formenn þingflokka sérstaklega sem aldrei var í minni tíð og líka þarf að launa formenn flokka, sem samkvæmt þingskapalögum hafa þó engu hlutverki að gegna á Alþingi,“ segir Sighvatur. **SJÁ SÍÐU 8**



Skiðasvæðið í Bláfjöllum var opnað í síðdegis gær í fyrsta sinn á þessum vetri, í létttri snjókomu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Dómurinn var kveðinn upp í gær.

Fær skilorð fyrir fjárdrátt hjá ÍR

adalheidur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Árni Birgisson, fyrrverandi framkvæmdastjóri ÍR, var dæmdur í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, fyrir að hafa dregið sér fé úr sjóðum félagsins meðan hann gegndi starfinu.



Árni hefur endurgreitt félaginu 4,7 milljónir.

Árni var sýknaður af ákæru um peningabætti. Farið var með málið sem jätningarmál og því fór engin eiginleg aðalmeðferð fram í málinu, að því undanskildu að málið var flutt munnlega um peningabættisþáttinn, eina ákæruliðinn sem Árni jataði ekki.

Árni hefur endurgreitt félaginu að fullu það fé sem hann dró sér, um 4,7 milljónir króna. ■

Sköruðu fram úr



Frjálsípróttakonan Bergrún Ósk Aðalsteinsdóttir og sundmennirnir Már Gunnarsson og Róbert Ísak Jónsson voru í gær útnefnd ípróttafólks ársins 2021 hjá Ípróttasambandi fatlaðra. Bergrún Ósk er ípróttakona ársins hjá sambandinu fjórða árið í röð, en það hefur einungis Kristín Rós Hákonardóttir afrekað áður. Ingi Þór Einarsson og Kári Jónsson, fráfarandi yfirmenn landsliðsmála hjá Ípróttasambandi fatlaðra, fengu Hvataverðlaunin 2021. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Engir bólusettir þurft endurhæfingu

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Enginn sem fengið hefur bólusetningu gegn Covid-19 hefur verið lagður inn í endurhæfingu vegna langvarandi Covid-einkenna á Reykjalund.

Stefán Yngvason, framkvæmdastjóri lækninga á Reykjalundi, segir langvarandi einkenni Covid, eða Long Covid, miðast við að einstaklingur sem fengið hafi sjúkdóminn hafi einkenni sem vari í þrjú mánuði eða lengur.

„Að mér vitandi hefur enginn þeirra sem lagðir hafa verið inn verið bólusettur,“ segir hann.

Hér á landi eru 90 prósent landsmanna sem náð hafa tólf ára aldri bólusett. Hæst hlutfall óbólusetta er í aldursþópnum 12-15 ára, tæp 23 prósent.

Rúm fjórtán prósent á aldrinum 30-39 ára eru óbólusett og tæp þret-



Stefán Yngvason, framkvæmdastjóri lækninga á Reykjalundi

tán prósent fólks á aldrinum 16-29 ára.

Óbólusettir eru um þrefalt líklegri til að smitast af Covid-19 og fimm sinnum líklegri til að leggjast inn á sjúkrahús vegna sjúkdómsins, samkvæmt upplýsingum frá sóttvarnalækni á vefsíðunni covid.is.

Í gær var 21 inniliggjandi á sjúkrahúsi vegna Covid-19. Fimm lágu á gjörgæslu. Sólarhringinn á undan greindust 149 smit innanlands. 83 þeirra voru hjá óbólusettu fólki. ■

Herinn vekur lukku meðal krakkanna í Fossvogsskóla

Hjálpræðisherinn sér um matseld fyrir nemendur í Fossvogsskóla. Krakkarnir fengu inni hjá Hernum þegar viðgerð stóð yfir á skólanum og vildu alls ekki missa matinn frá honum þegar skólinn var tekinn í gagnid á ný.

elinhirst@frettabladid.is

SKÓLAMÁL „Þetta er hollur og góður matur, fjölbreyttur og greinilega eldaður af miklum kærleika,“ segir Hafðís Hilmarsdóttir, skólustjóri Fossvogsskóla, en skólinn hefur gert samning við Hjálpræðisherinn um að hann eldi mat fyrir börn í 1. til 4. bekk skólans.

Börn úr Fossvogsskóla fengu að nýta húsnæði Hjálpræðishersins í upphafi skólaárs vegna viðgerða á Fossvogsskóla. Þau voru svo hrifin af matnum hjá Hernum að ákveðið var að semja við Hjálpræðisherinn um að hann héldi áfram að elda mat fyrir nemendur eftir að skólastarfið var flutt aftur í Fossvogsskóla.

„Þau elda þetta hjá sér í nýjum húskynnum Hjálpræðishersins að Suðurlandsbraut 72 og koma svo með matinn til okkar í hverju hádegi,“ segir Hafðís.

Skólustjórinn segir mikla ánægju hjá öllum með matinn og þjónustuna.

„Starfsfólkið frá Hernum er dásamlegt. Þau sjá um þetta allt saman, elda matinn, koma með allan búnað, svo sem leirtau, og gefa börnunum að borða. Það þarf lagni til þess að láta þetta ganga vel, því að við erum ekki með matsal heldur borða börnin í skólastofunum,“ segir Hafðís ánægð.

„Fólkið frá Hjálpræðishernum kemur með svo mikla hlýju og fallega orku með sér og það eru allir alsælir með þetta fyrirkomulag,“ heldur Hafðís áfram.



Börnin í Fossvogsskóla voru í jólalegi hádeginu í gær þegar þau þáðu gómsætan plockfisk hjá starfsfólki Hjálpræðishersins. FRÉTTABLAÐIÐ/EYRÓ



Fólkið frá Hjálpræðishernum kemur með svo mikla hlýju og fallega orku með sér og það eru allir alsælir.

Hafðís Hilmarsdóttir, skólustjóri Fossvogsskóla

Sigrún Hauksdóttir, móttökustjóri Hjálpræðishersins, segir skólakrakkana hafa komið til þeirra í lok ágúst.

„Við vorum tvær herna hjá Hernum sem heyrðum af húsnæðisvanda barnanna, en í ljós hafði komið að skólinn var ónothæfur vegna myglu, svo við buðum fram aðstoð okkar. Við erum með fyrsta flokks húsnæði, stórt eldhús og atvinnumann til að elda, enda tókum við á móti 100-170 manns daglega í mat.“

Sigrún segir að þegar börnin fóru aftur í Fossvoginn hafi Herinn verið beðinn að halda áfram að elda.

„Við gefum nemendum heimilismat, úr fyrsta flokks hráefni og notum mikið grænmeti. Við eldum allt frá grunni og reynum að hafa fisk að minnsta kosti tvisvar í viku,“ segir Sigrún.

Í gær var gamaldags plockfiskur á boðstólum með rúgbrauði og kartöflum – sem gerði augljóslega mikla lukku hjá krökkunum.

„Oft koma þau hlaupandi um leið og við komum og hrópa „hvað er í matinn, hvað í matinn?“ því þau eru svo spennt,“ segir Sigrún.

Helst segir Sigrún að börnin kvarti undan gufusóðnum fiski. „En þá fá þau sér bara tómatsósu út á fiskinn,“ bendir hún á.

Sigrún segir að síðan séu á boðstólum alls kyns fiskréttir sem börnin séu mjög hrifin af. Einnig kjúklingur, slátur og fleira.

„Þetta eru ofsalega góðir og kurt-eisir krakkar sem borða mjög vel,“ segir Sigrún Hauksdóttir móttökustjóri Hjálpræðishersins. ■

Kærleiks kúlan



Salan er hafin á **kærleikskúlan.is** og í gjafavöruslunum um land allt.*

Sölutímabil: 9. – 23. des.

Allur ágóði rennur til starfs í þágu fatlaðra barna og ungmenna.

*takmarkað upplag.

ELKO



VIÐ HJÁLPUM ÞÉR AÐ FINNA RÉTTU GJÖFINA

Við tökum vel á móti þér í verslunum
og minnum á að netspjallið á elko.is
er opið alla daga til 21:00.

Forstjóri OR telur enga þörf á fleiri virkjunum til orkuskipta

arib@frettabladid.is

ORKUMÁL „Það vantar vatn til að knýja vatnsaflsvirkjanir, það er vandinn,“ segir Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur. Hann segir umræðuna um skort á rafmagni hér á landi vera undarlega. „Það er verið að skerða núna rafmagn til stóriðju og fiskimjölsverksmiðja vegna þess að það er ekki hægt að vinna nógu mikið rafmagn eins og er. Það er ekki vegna þess að

það vanti virkjanir. Orkuvinnslugetan á venjulegu ári er meira en fullnægjandi. Astæðan er að það vantar vatn til að keyra virkjanir, það er eingöngu þess vegna,“ segir Bjarni.

Um 70 prósent af öllu rafmagni hér á landi koma úr vatnsaflsvirkjunum, nú er Þórisvatn komið niður að hættumörkum. „Þegar kemur að orkuvinnslugetu í meðalári þá er hún það mikil að það væri engin skerðing í dag. Hún er meiri en öll



Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur

sala í dag. Ef við horfum á árið í fyrra þá var rafmagnsvinnslugetan 21 teravattstund. Í fyrra seldum við 19,1. Tíu prósent af rafmagnsvinnslugetunni voru óseld. Salan hefur sennilega aukist í ár um eina teravattstund, en við erum samt með tæpa teravattstund óselda miðað við vinnslugetu.“

Bjarni segir að Ísland framleiði fimm sinnum meira rafmagn en aðrar þjóðir, 80 prósent af því fari til stóriðju. Stóriðja fái rafmagn á

læggra verði en heimili vegna þess að rafmagn til þeirra sé skert í aðstæðum sem þessum. Það vanti ekkert upp á fyrir orkuskipti í samgöngum.

„Óselt rafmagn í ár, miðað við fulla vinnslugetu, er um 0,9 teravattstundir. Það er nóg til að knýja allan rafbílaflotann, alla einkabíla í landinu sem eru um 240 þúsund. Það er áætlað að þeirri tölu verði náð árið 2040. Þannig að það vantar ekkert rafmagn á rafbíla,“ segir Bjarni. ■

Ný þjónusta fyrir þolendur ofbeldis

ser@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Ný rafræn þjónustugátt fyrir þolendur kynferðisbrota var opnuð í gær á vegum lögreglunnar í samstarfi við Embætti ríkislögreglustjóra. Þar geta þolendur fengið upplýsingar um stöðu sinna mála og bjargir sem standa til bóða.

Þjónustugáttin mun fyrst um sinn þjónusta þolendur á svæði Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, en um er að ræða tilraunaverkefni til eins árs á meðan reynsla fæst á gáttina. Slóðin er: mitt.logreglan.is. ■



Bólusetting í Kenýa. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Jafnari dreifing fremur en örvun

thorvardur@frettabladid.is

COVID-19 Mörg efnameiri ríki heims eru byrjuð að veita örvunarskammta af bóluefni gegn Covid-19 en Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin varar þau við að hamstra bóluefni, mikilvægara sé að tryggja jafnari dreifingu þeirra. Einungis þeir sem glími við undirliggjandi sjúkdóma eða hafi ekki fengið mót-efnasvörun eftir fyrri bólusetningu, eigi að fá örvunarskammt.

Af einum milljarði íbúa Afríku hafa aðeins 7,5 prósent fengið bólusetningu en í Evrópusambandinu er hlutfallið tæp 69 prósent. ■

Gæti dregið Ásgeir fyrir dóm í Noregi

Kæra Bergsveins Birgissonar verður tekin fyrir á fundi síðanefndar Háskóla Íslands á mánudaginn. Umræða um rit- og hugmyndastuld hefur vaxið innan Rithöfundasambandsins að undanfögnu.

helenaros@frettabladid.is

HÖFUNDARRÉTTUR Síðanefnd Háskóla Íslands hefur borist kæra frá Bergsveini Birgissyni, rithöfundi og fræðimanni, vegna meints ritstuldar Ásgeirs Jónssonar seðlabankastjóra, í nýútgefinni bók hans sem ber nafnið Eyjan hans Ingólfs.

Þetta staðfestir Henry Alexander Henrysson, heimspekingur og einn nefndarmanna síðanefndar, í samtali við Fréttablaðið.

Henry Alexander segir mál Bergsveins eitt þeirra mála sem tekin verði fyrir á næsta fundi nefndarinnar sem verður á mánudag.

Málsmeðferð svona mála getur tekið upp undir hálf tveggja árin, að sögn Henrys.

„Það er ekkert að fara að gerast í næstu viku eða byrjun næsta árs,“ segir Henry Alexander og bendir á að fyrsta ákvörðun sé að ræða hvort málið verði tekið fyrir.

Í greinargerð um málið, sem Bergsveinn fékk birta á Vísi í fyrradag, ber hann fram alvarlegar áskanir á hendur Ásgeiri og sakar hann meðal annars um ritstuld, „og það svo umfangsmikinn að mér er til efs að viðlíka dæmi séu til í sögu íslenskrar bókaútgáfu,“ segir meðal annars í greinargerðinni, sem er ítarleg.

Í greinargerðinni segir Bergsveinn það grafalvarlegt mál að saka einhvern um ritstuld. „En ritstuldur sá sem ég tel Ásgeir Jónsson vera sekan um í þessu tilfelli er að sama skapi grafalvarlegt mál. Það gerir málið enn alvarlegra að seðlabankastjóri Íslands sé uppvís



Rithöfundurinn Bergsveinn Birgisson er doktor í norrænum fræðum frá Háskólanum í Bergen.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK



Fólki verður náttúrulega mjög heitt í hamsi – eðlilega.



Vilborg Davíðsdóttir, varaformaður Rithöfundasambandsins

að þjófnaði á hugverkum annarra.“ Í samtali við Fréttablaðið segist Bergsveinn ætla að sjá hvernig málið fari hjá síðanefndinni, áður en hann taki afstöðu til mögulegrar málshöfðunar.

„Ef að ske kynni að þeir myndu segja að þetta væri ekki á þeirra borði verð ég vitanlega að leita réttar míns annars staðar,“ segir Bergsveinn og bendir á að það yrði líklega hjá hans norska forlagi, þar sem bók hans Leitin að svarta víkingnum var upprunalega gefin út á norsku og síðan gefin út í íslensku þýðingu.

Ásgeir sendi frá sér yfirlýsingu vegna málsins í fyrradag þar sem hann vísar ásökunum Bergsveins alfarið á bug og segir þær koma sér mjög á óvart.

Rithöfundasambandi Íslands var ekki kunnugt um málið þegar Fréttablaðið leitaði svara og tjáir sig almennt ekki um einstaka mál.

Vilborg Davíðsdóttir, varafor-

maður Rithöfundasambandsins, segir umræðu um rit- og hugmyndastuld hafa farið vaxandi innan sambandsins að undanfögnu.

„Félagsmenn hafa leitað til okkar og umræðan hefur verið í gangi í stéttinni um það hver á hugmynd og hvað stuldur er. Um höfundarréttarmál í því víða samhengi, og það ætlum við að taka fyrir á málþingi í febrúar.“

Vilborg segir mál af þessu tagi mjög erfið. „Fólki verður náttúrulega mjög heitt í hamsi – eðlilega.“

Fyrirlestri Ásgeirs, um efnahagsmál á landnámsöld, sem átti að fara fram hjá Miðaldastofu Háskóla Íslands í gær, var frestað vegna málsins.

Haraldur Bernharðsson, forstöðumaður Miðaldastofu, sagði frestun fyrirlestrarins hafa verið að frumkvæði stofnunarinnar.

Málið myndi einfaldlega skyggja á efni fyrirlestrarins og réttast væri að fá botn í málið fyrst. ■



MÁL OG MENNING
BÓKABÚÐ

Mikið úrval og gott verð. Kíktu við á Laugavegi 18.
Opíð alla daga frá klukkan 10–20.

Gómsætar gersemar á hátíðarborðið

Rjúpa 375 g

999 kr/stk



HAGKAUP



Kengúru file

4.499 kr/kg



Gæsabringur

4.999 kr/kg



Krónhjartar file
900 g

9.799 kr/pk



Hreindýralundir

9.999 kr/kg



Frönsk Barbary
önd 3,2 kg

5.999 kr/stk



Andabringa
2 stk í pk

2.599 kr/kg



Landsréttur er til húsa í Kópavogi, en á að vera í Reykjavík.

Landsréttur áfram í Kópavogi

adalheidur@frettabladid.is

DÓMSTÓLAR Innanríkisráðherra hefur lagt fram frumvarp um að bráðabirgðaákvæði um heimild til rafrænnar meðferðar mála hjá sýslumönnum og dómstólum verði framlengd til ársloka 2024. Heimildin var veitt í fyrra til að hindra réttarspjöll vegna samkomutakmarkana.

Þá leggur ráðherra til framlengingu bráðabirgðaheimildar fyrir því að Landsréttur verði utan Reykjavíkur. Í lögum segir að aðsetur réttarins skuli vera í Reykjavík en í ákvæði til bráðabirgða segir að aðsetur hans megi vera utan Reykjavíkur til ársloka 2022. Lagt er til að heimildin verði til 2027. Landsréttur er í húsi í Kópavogi, sem áður hýsti Siglingamálastofnun. ■



Flokkur Jacinda Ardern hefur meiri hluta á þingi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Næsta kynslóð fái ekki keypt tóbak

arib@frettabladid.is

NÝJA-SJÁLAND Stjórnvöld á Nýja-Sjálandi hafa kynnt áætlun um að uppræta sigarettureykingar í landinu. Ayesha Verrall aðstoðarheilbrigðisráðherra segir að tóbakskaupaaldur hækki á hverju ári svo þeir sem eru 14 ára er löggin taka gildi geti aldrei keypt tóbak.

Líkt og hér á landi hafa reykingar á Nýja-Sjálandi dregist saman jafnt og þétt, í dag reykja um 13 prósent fullorðinna, er það mun algengara meðal Maoría en fólks af evrópskum uppruna. ■

Vill knýja fram loftlínu með lagasetningu

ingunnlara@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, vill að Alþingi veiti framkvæmdaleyfi fyrir lagningu Suðurnesjalínu 2 sem loftlínu, milli Hamraness í Hafnarfirði og Rauðamels í Grindavík.

Ásmundur er fyrsti flutningsmaður lagafrumvarps um málið en að því standa einnig fleiri þingmenn Suðurlands á milli flokkum.

Línan á að bæta afhendingaröryggi raforku á Suðurnesjum og auka flutningsgetu milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja, til að styðja við afhendingaröryggi á höfuðborgarsvæðinu og að styrkja flutningskerfi raforku á suðvestur-



Þingmenn Suðurlands standa að málinu með Ásmundi.

horni landsins. Lagning línunnar hefur tafist mjög frá því að framkvæmdaleyfi fékkst 2013. Landeigendur og umhverfisverndarsamtök hafa kært leyfið og eftir ógildingu Hæstaréttar árið 2016 þurfti Skipulagsstofnun að gefa út nýtt mat þar sem sex kostir voru skoðaðir.

Landsnet vill leggja loftlínu en Skipulagsstofnun komst að þeirri niðurstöðu að sá kostur hefði neikvæðustu áhrifin í för með sér á ferðþjónustu og náttúru. Jarðstrengur væri vænlegri. Þóris Kolbrún R. Gylfadóttir sagði í fyrra, þegar hún var ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, að jarðstrengur væri ekki í samræmi við stefnu stjórnvalda.

Ásmundur leggur til að Alþingi veiti heimild með lögum til framkvæmda við hin „nauðsynlegu flutningsvirki“ þar sem viðkomandi sveitarstjórnir hafa ekki þegar veitt framkvæmdaleyfi.

Eins og Fréttablaðið hefur greitt frá hafa þrjú af fjórum sveitarfélögum þegar veitt framkvæmdaleyfi vegna Suðurnesjalínu 2, en bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga neitar að veita Landsneti leyfið.

Sjálfstæðismenn vilja grípa fram fyrir hendur sveitarfélagsins til að „tryggja framgang þjóðhagslegra mikilvægra framkvæmda í flutningskerfi raforku“, eins og segir í greinargerð með frumvarpi Ásmundar. ■

Sérlega mikill músagangur í híbýlum

Mikill músagangur er í híbýlum manna hér á landi. Meindýraeyðir segist aðeins einu sinni hafa séð meiri músagang en nú. Spendýrafræðingur segir ástæðu mikils músagangs gott veður fram eftir hausti og hversu harkalega hafi kólnað nýlega.

birnadrofn@frettabladid.is

DÝRALÍF „Ég er búinn að vera starfandi við meindýravarnir í 34 ár og þetta er næstmesti músagangur sem ég hef séð,“ segir Jóhannes Þór Ólafsson, meindýraeyðir og eigandi Meindýravarna Suðurlands, spurður um að því hvort sérstaklega mikið sé nú um mýs í híbýlum fólks.

Fréttablaðinu hefur borist fjöldi ábendinga um mikinn músagang í húsum um land allt og segir Jóhannes að alltaf sé mikið um mýs á þessum árstíma en að þær séu sérstaklega margar núna. „Þetta er hálfgerð vandamál. Þær sækja mikið í hús því þær vantar hlýju og mat,“ segir hann.

Ester Rut Unnsteinsdóttir, spendýrafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, segir músaganginn mikla eiga sér tvíþætta skýringu. Veðurskilyrði í haust hafi verið góð langt fram á haust og svo hafi kólnað snögglega.

„Hagamýs tímgastr bara yfir sumartímamann og við hagstæð veðurskilyrði verður stofninn stór,“ segir Ester. „Svo þegar það fer að vetra svona harkalega þá verður fólk meira vart við að þær leiti inn í skjól,“ bætir hún við.

Ester og Jóhannes eru sammála um að mýs geti haft eyðileggjandi



Jóhannes segir mýs aðalorsakavald þess að það kvikni í út frá rafmagni. Þær nagi sig í gegnum rafmagns- og gasleiðslur.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY



Jóhannes Þór Ólafsson, meindýraeyðir

áhrif á híbýli fólks en þau hafa ólíkar hugmyndir um það hvernig best sé að losna við músagang í húsum.

„Mýs eru aðalorsakavaldur þess að það kvikni í út frá rafmagni,“ segir Jóhannes og bendir á að mýs geti nagað í sundur rafmagns-



Ester Rut Unnsteinsdóttir, spendýrafræðingur

leiðslur í rafkerfum húsa og rafmagnspottum og gasleiðslur á úti-grillum. „Á þeim er oft fita og þegar þær naga gasleiðslur verður sprengihætta.“

Jóhannes segist gefa músunum eitúr í læstum fôðurkössum úti svo

þær komi ekki inni í hús, það sé gert í forvarnarskyni. Kassarnir eru læstir svo önnur dýr og börn komist ekki í eitrið. Inni í húsum mælir hann með að fólk setji upp gildrur til að losna við mýsnar.

„Ég mæli með öllum þeim gildrum sem fólk getur náð sér í og helst sem fjölbreyttustum,“ segir hann.

Ester segir bestu lausnina við músagang í húsum að fylla upp í öll göt svo þær komist ekki inn, mýs komist inn um mjög litil göt. Fari svo að mýsnar komist inn mælir Ester með limgildrum. „Þá er hægt að veiða þær í limgildru og hleypra þeim svo út.“ ■

Gefðu góðar minningar

Jólagjafabréf Heimsferða komin í sölu!

10.000 og færð 15.000

20.000 og færð 30.000

40.000 og færð 60.000



595 1000

Heimsferðir

Pakkasöfnun fyrir börn gengur illa

elinhirst@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Raunin er sú að pakkasöfnun í ár og reyndar í fyrra er með því lakasta sem við höfum séð um margra ára skeið,“ segir Baldvina Snælaugsdóttir, markaðsstjóri Kringlunnar.

Sagt var frá því í Fréttablaðinu í gær að pakkasöfnunin í Kringlunni gengi vel, en blaðamaður Fréttablaðsins leit þar við á miðvikudag og taldi að svo væri. Baldvina segir það hins vegar ekki rétt.

„Við sjáum sláandi mun frá fyrri árum, en við teljum að það hljóti að vera vegna Covid. Margar fjölskyldur höfðu það fyrir hefð að koma saman í Kringluna og kaupa jólagjöf fyrir barn eða ungling sem fá ekki gjafir vegna fjölskylduástaðna. En nú er eins og fólk stoppi styttra við vegna ótta við smit og gefi sér ekki tíma eða gleymi að



Gjafapakkar við jólatréð í Kringlunni í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

setja gjöf undir tréð,“ segir hún.

Að sögn Baldvina er boðið upp á nýjung til þess að bæta úr gjafaskortinum. „Fólk sem vill gefa börnum og unglingum sem minna mega sín gjafir fyrir jólin geti farið inn á kringlan.is og valið sér upphæð sem það vill láta renna í gjöf. Síðan erum við með litla jólaálfa sem fara og

kaupa gjafirnar og pakka þeim inn og merkja og setja undir tréð.“

Baldvina hvetur alla til að hjálpa. „Mér brá í gær við að lesa að pakkasöfnunin gengi vel, því þvert á móti gengur hún illa og ákallið er afar sterkt frá hjálparsamtökum,“ segir hún. Sömu sögu af pakkafæð sé að segja af Smáralindinni. ■



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



11. & 12. DES.
KL. 14:00 & 16:00

LITLI TÓNSPROTINN
JÓLATÓNLEIKAR
SINFÓNÍUNNAR

Gullfallegir jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu eru sannkölluð hátíð fyrir alla fjölskylduna. Eftirlætis jólatónlist allra, meðal annars *Yfir fannhvíta jörð*, *Hin fyrstu jól* og *Gilsbakkapula*. Fjöldi gesta kemur fram með hljómsveitinni á þessum tónleikum.

Hljómsveitarstjóri
Eva Ollikainen

Einsöngvarar
Bryndís Guðjónsdóttir
Valdimar Guðmundsson og
Kolbrún Völkudóttir

Kórar
Stúlknakór Reykjavíkur
og Aurora
Bjöllukór Tónlistarskóla
Reykjanesbæjar
Táknmálskórinn
Litlu sprotarnir

Dansarar
úr Listdansskóla Íslands

Tónlistarhópar
Flautuhópur úr
Skólahljómsveit Kópavogs,
Tónlistarskólanum á Akureyri
og Tónlistarskóla Eyjafjarðar

Gítarhópur úr
Tónlistarskóla Hafnarfjarðar

Kynnir
Trúðurinn Aðalheiður

Miðasala
sinfonia.is

Sími
528 5050



KONTOR REYKJAVÍK

KONTOR REYKJAVÍK

Engin stökkbreyting á flugeldaverði

bth@frettabladid.is

FLUGELDAR Kristján Þór Harðarson, framkvæmdastjóri Landsbjargar, segir að ekki sé von á verulegri verðhækkun á flugeldum um áramótin, þrátt fyrir stóruaukinn gámaflutningakostnað.

„Ég get fullyrt að það verður engin stökkbreyting á verði flugelda,“ segir Kristján Þór.

Hann segir að verðhækkunin verði vonandi innan við 10 prósent. „Mér sýnist að við náum að flytja inn það magn sem við vonumst til að geta selt.“

Svifryksmengun vegna flugelda getur orðið mikið vandamál í staðviðri. Skipuð var nefnd fyrir nokkrum árum með fulltrúum frá ráðuneytum þar sem bregðast átti við. Í fyrra stóð til að stytta sölutíma. Hætt var við það vegna Covid. Líklegt er að ekki verði neinar hömlur á sölu flugelda í ár.

Þorsteinn Jóhannsson, sérfræðingur í loftgæðum hjá Umhverfisstofnun, segir að sumir vilji ganga svo langt að láta banna flugelda.

„Stóru kökurnar menga líklega einna mest. Ef það ætti að banna einhverja ákveðna vöru væri líklega áhrifaríkast að banna öflugustu kökurnar. ■



Skotglæðir landsmenn ættu að geta fengið útrás á gamlárskvöld.

kökurnar,“ segir Þorsteinn. Skot úr kökunum fari ekki eins hátt og flugeldar. Mengunin hafi meiri áhrif.

„Það sem er sérstakt við Ísland er hve við skjótum miklu upp. Undanfarin ár höfum við Íslendingar flutt um 600 tonn af flugeldum á hverju ári. Svíar eru um tíu sinnum fleiri en aldamótaárið 2000 skutu þeir upp 300 tonnum,“ segir Þorsteinn.

Framkvæmdastjóri Landsbjargar segir skorta forsendur til að meta hvort banna skuli stærstu kökurnar. ■



Batman-áin rennur í gegnum Batman-hérað.

MYND/CPA

Batman-spáfiskurinn fundinn

arib@frettabladid.is

TYRKLAND Vísindamenn í suðausturluta Tyrklands hafa fundið lifandi Batman-spáfisk í fyrsta sinn frá árinu 1974.

Batman-spáfiskurinn er röndóttur og verður mest 3,6 sentimetrar að stærð, hann var algengur í Batman- og Ambar-ánum í Tyrklandi. Cüneyt Kaya, lektor við Recep

Tayyip Erdoğan-háskólann, og teymi hans, hafa verið að störfum á svæðinu í meira en áratug. Erfitt er að leita að tegundinni þar sem nota þarf fingerð net. Fannst fiskurinn loks fyrir ofan Batman-stífluna sem var reist á tíunda áratugnum.

Mengun hefur verið mikil á svæðinu og fundur fisksins er jákvæð þróun, að mati vísindamanna. ■

Barstólar fyrir heimilið

Sjá nánar á patti.is



SF-4036

SF-4050

SF-40215

SF-4045

Sófar • Rúm • Stólar • Borð • Hægindastólar

Kíktu í heimsókn!

Opíð virka daga kl. 10-18 Laugardaga 11-15

Bildshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - patti.is

Patti
HÚSGÖGN

Sighvati Björgvinssyni, fyrrum ráðherra, list illa á kjarahækkun þingmanna og uppstokkun ráðuneyta. Hann stendur á áttaræðu og man tímana tvenna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fyrirverandi alþingismaður undrast kjaraskrið á þingi

Sighvatur Björgvinsson undrast sjálfstöku kaupauka hjá þingmönnum. Óráðsíðu megi rekja til hrókeringar ráðherradóms og forsetastóls á Alþingi á síðustu öld. Óráð að slíta ráðuneyti í sundur.

bth@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Sighvatur Björgvinsson þingmaður, sem sat meira og minna á Alþingi árin 1974-2001, segir að þingfararkaup eitt og sér eigi að duga þingmönnum. Launasporlur þingmanna hafi umturnast frá þeim tíma þegar hann var þingmaður og ráðherra.

„Mér finnst kostnaðurinn við stjórnsýsluna orðinn ansi mikill. Ég sat á þingi í tæp þrjátíu ár og þá var enginn greinarmunur gerður á því hvað þú gerðir sem þingmaður. Allir voru á þingfararkaupi og skipti ekki máli hvort þú varst formaður í nefnd eða á forsetastól. Þá voru allir með sömu laun,“ segir Sighvatur, sem var um tíma formaður Alþýðuflokksins.

Sighvatur segir að breyting á þessu hafi orðið 1995 þegar þáverandi ráðherra, Ólafí G. Einarssyni, hafi verið kipt út úr ráðuneytinu og settur forseti þingsins. „Þá var ákveðið að launa Ólaf sem forseta þingsins eins og ráðherra, það hafði aldrei verið gert áður.“

Nú séu þeir tímar að þingið launi formenn nefnda sérstaklega með uppþótum, sem aldrei hafi tíðkast. „Svo er verið að launa formenn þingflokka sérstaklega sem aldrei var í minni tíð og líka þarf að launa formenn flokka sem samkvæmt

Grenjandi út kjarahækkunir

„Mér finnst hún mjög villandi þessi orðræða að þingmenn hafi ekki sjálfir sýslað með eigin kjör. Þeir sýsla með eigin kjör í gegnum forsætisnefnd þingsins. Ég hef sjálfur setið fundi inni í nefndinni og heyrt menn grenja yfir eigin kjörum,“ segir Jón Þór Ólafsson, fyrirverandi þingmaður Pírata.

Jón Þór tekur undir með Sighvati Björgvinssyni um að þingmenn hafi fundið sínar leiðir til að bæta eigin kjör, þótt þeir hafi ekki um þingfararkaupið sjálf að segja.

„Þegar ákvörðun um laun þingmanna fór til Kjararáðs, fóru þeir að hækka alls kyns aukagreiðslur með ákvörðunum inni í forsætisnefnd Alþingis, segir Jón Þór. Hann nefnir sem dæmi aukinn starfskostnað.



Jón Þór Ólafsson.



Þá var ákveðið að launa Ólaf sem forseta þingsins eins og ráðherra, það hafði aldrei verið gert áður.

þingskapalögum hafa þó engu hlutverki að gegna á Alþingi,“ segir Sighvatur.

Þá gagnrýnir hann að formenn flokka hafi heimildir til að ráða sér aðstoðarmenn á kostnað þingsins. Það sé ankannalegt að þingmenn hafi sjálfir tekið ákvörðun um það. „Þingfararkaupið segir ekki lengur til um launakjör þingmanna, það bætist svo margt við.“

Þótt langflestir þingmenn hafi

áður fyrir verið á strípuðu þingfararkaupi segir Sighvatur að honum hafi fundist launin duga vel. Eftirlaun hans og annarra fyrirverandi þingmanna dugi einnig vel. Þá hugnist honum ekki þær breytingar sem ríkisstjórnin hefur gert með uppstokkun ráðuneyta.

„Stjórnkerfið er sjálfstæður aðili sem búið er að byggja upp á löngum tíma til að það skapi traust. Fólk þetta sem vinnur við þetta þarf að vera vel að sér, hver í sinni grein. Nú er verið að slíta þetta allt í sundur,“ segir Sighvatur.

„Ég held að þessar breytingar muni skapa starfsfólki ráðuneytanna mikla erfiðleika og skapa vanda við trúverðugleika. Tökum dæmi þegar umhverfis- og orkumál eru í sama ráðuneyti. Hvernig ætla menn að tryggja jafnvægi þarna á milli? Það verður mjög erfitt. Mér líst ekkert á þetta,“ segir Sighvatur. ■

Segir skort á aðföngum án fordæma

bth@frettabladid.is

IDNADUR Forstjóri BM Vallár segir að verðhækkunir á hrávöru og skortur á aðföngum sé án fordæma. Sement hafi hækkað um 30 prósent á árinu.

BM Vallá hefur brugðist við með því að hækka verð á steypu frá fyrirtækinu um fjögur prósent. Þorsteinn Viglundsson, forstjóri fyrirtækisins, segir áskorun að tryggja nægt sement, enda sé uppgangur í byggingaríðnaði hérlandis.



Þorsteinn Viglundsson

Sedlabankastjóri, Ásgeir Jónsson, varaði í Fréttablaðinu í gær við að fyrirtæki hleyptu hærra innkaupa-verði á aðföngum út í verðlagið. Þorsteinn segir að verðhækkun á steypu

BM Vallár sé minni en sem nemur auknum kostnaði, enda sement ráðandi þáttur í verði steypu.

Fram til þessa segir Þorsteinn að BM Vallá hafi tekist að standa við skuldbindingar til viðskiptavina. Hann vonist til að sama eigi við um næsta ár. Skorttímabilið, sem rekja megi til Covid, hafi þó varað lengur en nokkur sá fyrir. Engar visbendingar séu um jákvæðar breytingar í bráð.

„Þetta er fordæmalaust ástand,“ segir Þorsteinn. ■

TAKTU ÞÁTT

NÓA

ÞÚ GÆTIR UNNIÐ PS5 LEIKJATÖLVU!

- KAUGHTU EINN POKA AF GEGGJUÐUM NÓA LAKKRÍS
- SENDU KVITTUN Á LEIKUR@NOI.IS
- EINN HEPPINN VINNUR PS5 LEIKJATÖLVU MEÐ DISKADRIFI

DREGIÐ 15. DESEMBER.



Stöðva aukna raforkusölu til rafmyntagraftar

kristinnhaukur@frettabladid.is

ORKUMÁL Landsvirkjun mun ekki taka við nýjum viðskiptavinum í rafmyntagreftri og selja ekki meiri raforku til núverandi viðskiptavina. Orkuskortur og takmarkanir á flutningskerfinu orsaka að grípa hefur þurft til skerðinga í desember.

„Við erum í fulllestuðu kerfi og höfum ekki tök á því að verða við óskum um frekari orkukaup. Það gildir bæði um núverandi gagnaver

og þá sem vilja komast að,“ segir Tinna Traustadóttir, framkvæmdastjóri orkusöluviðs. „Við finnum fyrir verulega aukinni eftirspurn frá rafmyntafyrirtækjum sem hafa skammtímasjónarmið. Gagnaverin eru eftirsóttir viðskiptavinir fyrir Landsvirkjun, en við horfum til langtímasjónarmiða.“

Eftir að Kínverjar bönnuðu rafmyntagröfti sumar hafa fyrirtækin reynt að koma sér fyrir annars staðar, en þar í landi voru 80 prósent



Tinna Traustadóttir framkvæmdastjóri orkusölu hjá Landsvirkjun

af allri rafmynt unnin. Samkvæmt Tinnu hefur Landsvirkjun þurft að veita tugum rafmyntafyrirtækja afsvar um orkusölu.

Fyrsta gagnaverið á Íslandi var opnað árið 2009 og hafa þrjú til viðbótar verið opnuð síðan. Rafmyntagröftur hefur verið langstærstur hluti af vinnslu gagnaveranna, í kringum 90 prósent. Hjá Landsvirkjun hefur hlutfall orkusölu til gagnavera á þessu tímabili verið á bilinu 1 til 4 prósent.

Eftir lokunina í Kína hafa erlend fyrirtæki sóst eftir samanlagt 1.000 megavöttum, það er tífaldri núverandi notkun allra gagnaveranna.

Tinna segir hlutfall skerðanlegra samninga litið í stóra samhenginu og vitaskuld verði staðið við alla gerða samninga. „Ef það verður slaki í kerfinu síðar meir getur það komið til greina að selja umfram orku til rafmyntafyrirtækja,“ segir hún aðspurð um framtíð orkusölu til vinnslu rafmynta á Íslandi. ■

Hótelgisting hefur tífaldast á einu ári

ser@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Fjöldi gistinguáttá á hótélum og gistiheimilum hefur tífaldast frá fyrra ári, að því er tölur Hagstofunnar gefa til kynna. Gistinæturnar í nóvember í fyrra voru 23.800 miðað við 251.88 í nóvember í ár. Gistinætur Íslendinga voru 53.200 og útlendinga um 198.600.

„Það er mjög jákvætt að við séum að sjá meiri nýtingu í nóvember en áður,“ segir Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar. „Það segir okkur að straumurinn hafi haldist betur inn í veturinn en við áttum von á í sumar.“ ■



Það er mjög jákvætt að við séum að sjá meiri nýtingu í nóvember.



Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar

Hræða með ásökunum um barnanið

Óprúttir tölvuþrjotar herja nú á franska alþýðu með svindpóstum sem merktir eru löggæslufirvöldum. Í þeim er sagt að viðkomandi sé grunaður um barnanið og þurfi að fylla út upplýsingar um sig.

kristinnhaukur@frettabladid.is

FRAKKLAND Hrina tölvupóstsvika gengur nú yfir Frakkland af óvenjulegu tagi. En í því eru fórnarlömbin sökuð um kynferðisbrot og krafín um að gefa upp upplýsingar um sig. Lögreglufirvöld hafa þurft að gefa út yfirlýsingu til að fullvissa fólk um að um svindl sé að ræða.

Svikahrapparnir senda tölvupóstana yfirleitt undir merkjum herlögrelulíðsins, Gendarmerie, en einnig stundum undir merkjum innanrikisráðuneytisins og franska lýðveldisins, með fölsuðum undirskriftum yfirmanna viðkomandi stofnana.

Í þeim stendur gjarnan að viðkomandi hafi gerst sekur um kynferðisbrot með því að hala niður barnaklámsefni af netinu og sé til rannsóknar af lögreglu, grunaður um barnanið. Oft er sagt að rannsóknin sé hluti af rannsókn Euro-pol á alþjóðlegum barnaklámshring. Viðkomandi þurfi því að fylla út allar upplýsingar um sig á eyðublaði sem hlekkjað er á í tölvupóstinum.

„Gendarmerie vinnur alls ekki á þennan hátt. Það er mjög mikilvægt að fólk bregðist ekki við



Hrapparnir þykjast vera frá frönsku herlögrelgunni, Gendarmerie. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Það er mjög mikilvægt að fólk bregðist ekki við þessu.

Yfirlýsing Gendarmerie

Þessu,“ stóð í yfirlýsingu herlögrelgunnar frá því í október, en hrinunni er langt því frá lokið.

Um er að ræða svokallað vefveiðisvindl (phising á ensku) þar sem hlekkurinn leiðir á hugbúnað sem er hláðið niður á tæki viðkomandi til að stela upplýsingum um hann.

Þessar upplýsingar er hægt að nýta til þess að taka yfir pósthöng, samfélagsmiðla og fleira.

Sennilega er fátt meira ógnvekjandi en að vera sakaður að ósekju um að vera barnaniðingur eða styðja við barnanið. Þessi franski faraldur er ekki fyrsta skiptið sem óprúttir þrjotar á netinu hafa nýtt sér þennan ótta.

Fyrir tveimur árum síðan gekk faraldur af sama meidi yfir Íra. Þá voru póstarnir hins vegar ekki merktir neinni lögreglustofnun eða ráðuneyti, heldur voru nafnlausir.

„Ég veit að þú ert barnaniðingur,“ stóð gjarnan í póstinum sem íbúar eyjarinnar grænu fengu. Sagðist sendandinn vera sérfræðingur í netöryggi sem komið hefði vöktunarbúnaði fyrir á tölvu viðkomandi og

komist á snóðir um að hann væri að horfa á barnaklám. Einnig að búnaðurinn hefði verið notaður til þess að taka upp myndband af viðkomandi að stunda sjálfsfróun.

Írarnir voru hins vegar ekki beðnir um að fylla neinar upplýsingar á eyðublað heldur millifæra peninga, í formi Bitcoin-rafmyntar, á sendandann, ellegar yrði „leyndarmálið“ gert opinbert.

„Ekki hugsa um að fara til lögreglunnar. Ef þú reynir það mun ég samstundis senda henni myndbönd af þér að fróa þér, barnaniðingur,“ stóð í einu.

Rétt eins og Frakkarnir, gáfu írsk lögreglufirvöld út yfirlýsingu þar sem almenningur var hvattur til að bregðast ekki við þessum hótunum. ■

Nú er tími til að njóta ...

Gómsætur veislumatur!

Sérvalinn hryggur án hryggjar-súlu!

Ekkert ves í des

NOÁTÚN

Nóatúns Tvíreykt hangikjöt

5299 kr. kg

NOÁTÚN

Nóatúns Hamborgarhryggur

1998 kr. kg


KRONAN

[f](#) [i](#) [g](#)


Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.


Áhugaverðar bækur




Margar bækur á tilboði fyrir jólin.




Sigurður Þórarinnsson
12.599 kr. VERÐ ÁÐUR 16.999 KR.



Vatnajökulsþjóðgarður
5.699 kr. VERÐ ÁÐUR 7.699 KR.



Veði von og væntingar
6.999 kr. VERÐ ÁÐUR 9.499 KR.



Ævisaga Oddgeirs Kristjánssonar
5.499 kr. VERÐ ÁÐUR 7.499 KR.

TAX FREE
9.12- 13.12

*Gildir ekki með öðrum tilboðum og ekki af húsgögnum og Hay vörum

Fellum niður jafngildi virðisaukaskatts af

**ÖLLUM
VÖRUM!**

PENNINN

Eymundsson

www.penninn.is

Friðunin



Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is

Hver sá stjórnmalamaður sem beitir sér fyrir náttúruvernd er að berjast hinni góðu baráttu. Honum ætti að þakka innilega í stað þess að hneykslast á áherslum hans. Þess vegna er það sönn gleðifregd að Guðmundur Ingi Guðbrandsson hafi, á síðasta degi sínum í embætti umhverfisráðherra, friðlýst jörðina Dranga á Ströndum. Það sýnir að honum er verulega annst um náttúruperlur þessa lands og beitir áhrifum sínum til að vernda þær, í stað þess að sitja aðgerðalaus hjá.

Ekki gerði þessi góða gjörð þó alls staðar lukku. Til dæmis ekki hjá Miðflokknum. Þingmenn þess flokks, eða það sem er eftir af þeim, sáu ástæðu til að kveðja sér hljóðs á Alþingi til að froðufella vegna ákvörðunar Guðmundar Inga. Ekki kom það á óvart. Þingmenn Miðflokksins hafa alveg einstakt lag á að leggja gegn góðum málstað.

Hitt vekur meiri furðu, að hluti stjórnarandstöðunnar ákvað að stilla sér upp við hliðina á Miðflokknum, þar á meðal þingmenn Samfylkingarinnar og Viðreisnar. Þessir tveir flokkar eiga, eins og alkunna er, í töluvert mikilli tilvistarkreppu. Sú vonda staða hefur greinileg áhrif á einhverja þingmenn þessara flokka, sem virðast vera orðnir ansi ruglaðir í ríminu. Eða af hverju tóku þeir upp á því að gagnrýna það sem þeir hefðu réttilega átt að styðja?

Frammistaða stjórnarandstöðunnar þennan dag var ansi aum – og er þá vægt til orða tekið. Ákvörðun Guðmundar Inga, sögðu þingmennirnir, væri dæmi um undarleg vinnubrögð. Þessum þingmönnum var fyrirmunað að standa með náttúruvernd vegna þess að þeim var svo mjög í mun að koma höggi á Guðmund Inga og vildu um leið reyna að ala á tortryggni innan ríkisstjórnarinnar. Hluta stjórnarandstöðunnar fannst sem sagt mikilvægara að steypa sér í pólitískar skotgrafir en að lýsa yfir stuðningi við náttúruvernd. Sú forgangsroðun kallar ekki beinlínis á aðdáun. Það er dapurlegt að horfa upp á þennan vesældarlega afleik stjórnarandstöðunnar. Hún verður að standa sig betur en þetta ætli hún sér að verða marktæk.

Tómas Guðbjartsson, læknir og ötull náttúruverndarsinni, þekkir hina fögru náttúru landsins betur en flestir aðrir og er, eins og margir, heillaður af hinni einstöku náttúru Stranda. Hann segir: „Þetta er einhver stórkostlegasta náttúra sem Ísland hefur upp á að bjóða... Fráfarandi umhverfisráðherra verður minnst fyrir stuðning sinn við friðun þessarar náttúruperlu á meðan hinir gráðugu munu gleymast.“ ■

Þessum þingmönnum var fyrirmunað að standa með náttúruvernd vegna þess að þeim var svo mjög í mun að koma höggi á Guðmund Inga.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Skrýtin byrjun

Hildur Björnsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, tilkynnti í fyrradag að hún sæktist eftir oddavítastöðu flokksins í Reykjavík og hygðist þar með keppa við Eyþór Arnalds um fyrsta sætið fyrir borgarstjórnarkosningarnar á næsta ári. Alvanalegt er að frambjóðendur láti bera meira á sér en minna eftir svona yfirlýsingar og því vakti það sérstaka athygli í gær, þegar Hildi bauðst að setjast niður með Eyþóri á Fréttavaktinni á Hringbraut, að hún sá sér ekki fært að mæta. Kannski er þetta nýtt trix í bókinni...

Vinaóreiðan

Hagsmunaaöflin í landinu hafa verið á ofsafengnum yfirsnúningi síðustu daga, eftir að ein mesta verkefnatilfærsla innan íslenskra ráðuneyta var tilkynnt með viðhöfn af Katrínu og kó á Kjarvalsstöðum. Og voru nú góð ráð dýr, því allt í einu voru uppsöfnuð og árangursrík kynni þrýstihópanna við lykilmál í einu ráðuneyti orðin einskis nýt af því málaflokkurinn tilheyrði nú allt öðru húsi Stjórnarráðsins.

En staðan er þá þessi: Aldrei hafa eins margir lobbistar þurft að eignast jafn marga nýja vini innan kerfisins og einmitt núna... ■

Eru íþróttir besta forvörnin?



Diljá Ámundadóttir Zoega situr fyrir hönd Viðreisnar í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði í Reykjavík

Við fáum oft að heyra að íþróttir séu besta forvörnin, en er það svo? Við getum aðeins treyst á forvarnargildi íþróttastundunar þegar jafnrétti ríkir í allri sinni dýrd. Aðeins þá.

Eðli forvarna er að sporna við hvers konar áhættu- hegðun, eða hegðun sem gæti dregið úr lífsgæðum og hamingju. Áföll og andlegt álag á borð við viðvarandi misrétti og ofbeldi geta stuðlað að áhættu- hegðun og ýtt undir aðra kvilla á borð við kvíða, brotna sjálfsmynd og þunglyndi.

Á meðan #MeToo-bylgjan stóð sem hæst var það álit fólks að frásagnir af upplifun stúlkna og kvenna í íþróttum væru hvað mest sláandi. Þar afhjúpaðist hversu mikið kynjamisréttið hefur verið í gegnum tíðina.

En átakanlegast fannst mér að lesa um það kynferðisofbeldi sem hefur verið beitt og svo þaggað niður. Líkt og fram kemur hér að ofan geta slík áföll orðið algjör andhverfa þess sem forvarnir standa fyrir.

Í vikunni kom út skýrsla um kynferðislega áreitni og ofbeldi innan KSÍ og tillögur starfshóps til úrbóta innan hreyfingarinnar. Í skýrslunni blasir vandinn skýrt við og það er ósk mín að þessar tillögur marki tímabær tímamót í sögu íþróttá Íslandi.

Í dag, 10. desember, er alþjóðlegur dagur mannréttinda og af því tilefni stendur Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar fyrir opinni málstofu um jafnrétti í íþróttum í Ráðhúsinu kl.9 - 10.30. Þar verða kynntar niðurstöður jafnréttisúttektar hverfis- íþróttafélaga í Reykjavík, rætt um hinsegin fólk og íþróttir, aðgengi fólks af erlendum uppruna að íþróttum og fyrrnefnda skýrslu um KSÍ.

Við verðum að nýta þann mikla kraft sem umræða um kynjamisrétti í íþróttum hefur gefið okkur til að efla enn frekar forvarnargildi íþróttá, til að við öll getum stundað þær með þeirri vissu að jafnrétti ríki þar í öllum birtingarmyndum. ■

Áföll og andlegt álag á borð við viðvarandi misrétti og ofbeldi geta stuðlað að áhættu- hegðun.



Brautimnar eru fánlegar með mjúklökun

Mikið úrval rennihurðabrauta frá



Þýsk gæðavara.

JARN&GLER

Skútuvogi 1h - Sími 585 8900
www.jarngler.is

Wir schaffen das

Í dag



Guðmundur Andri Thorsson

Þegar ég var litill var stundum talað um að hinn eða þessi Bandaríkjaforseti væri „leiðtogi hins frjálsa heims“. Og þótti spaugilegt enda herjuðu Bandaríkjaforsetar þessara ára á bændur og búalið í Vietnam og stóðu fast við bakið á alls konar einræðisherrum hins ófrjálsa heims.

Svo hvarf þessi frasi smám saman, blessunarlega, en óneitanlega hefur hann stundum rifjast upp fyrir manni þegar maður hefur fylgst undanfarin ár með Angelu Merkel og framgöngu hennar á alþjóðasviðinu.

Aðkomumaður

Í kanslartíð sinni var hún óskoraður leiðtogi hins frjálsa heims. Hægfara, varfærin en líka örugg – og djörf. Með framgöngu sinni varð hún smám saman málsvari og tákngervingur hins opna fjölradda samfélags sem byggist á lýðræðislegum stjórnarháttum, tjáningarfrelsi, umburðarlyndi, samningum og málamiðlunum ólíkra hagsmunahópa í samfélaginu – virðingu fyrir andstæðum sjónarmiðum og rétti fólks til að láta í ljós skoðanir sínar.

Merkel fæddist vestan megin í Þýskalandi árið 1954, móðirin enskukennari en faðirinn prestur og fljótlega fluttu þau til Austur-Þýskalands þar sem þau sinntu störfum sínum í alræðinu. Frá fyrstu tíð er hún aðkomumaður, og hefur sýn aðkomumannsins með annað verðmætamat en hið viðtekna. Faðirinn lútherskur prestur í samfélagi þar sem valdhafar hatast við kristileg gildi og móðirin enskukennari í samfélagi þar sem valdhafar tortryggja og óttast þá dægurmenningu sem átti sér ensku að móðurmáli – réttilega – enda hefur verið sagt að það hafi verið upphafshljómurinn í lagi Bitlanna, A Hard day's Night sem að lokum felldi Berlínarmúrinn, ekki hernáðarbróltíð og kjarnorkuógnin: gleðin og óhlyðnin en ekki ógnin og aginn.

Og í sameinuðu Þýskalandi hafði Merkel alltaf sýn aðkomumannsins, þess sem kom að austan inn í þennan samruna, sem var erfiður, ekki síst fyrir það fólk sem fékk daglega að heyra að allt það sem það ólst upp við og vandist hefði verið hjákátlegt, fráleitt og fyrirlitlegt. Í öllu sínu yfirlætisleysi og hversdagslega fasi hefur Merkel ævinlega vitnað um sjálfsvirðingu þess sem býr yfir sínu, eins og kom á daginn við kveðjuathöfnina þar sem hún lét spila lagið með pönkgýðjunni sjálfri, Ninu Hagen: Du hast den Farbfilm vergessen, sem var mikill hittari í Austur-Þýskalandi á sinni tíð, og minnir á að það samfélag var ekki bara svart-hvítt heldur voru þar líka litir, sem ekki má gleyma.

Lögmál Angelu

Hún lærði eðlisfræði og sagði einhverju sinni í viðtali ástæðuna vera þá að hún hefði verið þess fullviss að þó hægt væri að banna ýmislegt þá gildi það ekki um þyngdarlögmálið eða hraða ljóssins, ekki einu sinni í DDR: „Tveir plús tveir eru alltaf fjórir, jafnvel í ríki Erichs Honecker,“ sagði hún.

Hún er sögð hafa sýnt kænsku og hörku þegar hún hófst til ædstu metorða í Kristilega demókrataflokknum í Þýskalandi eftir fall

Helmuts Kohl í kjölfar spillingarmála – og eflaust er það rétt. Hún hlýtur að vera hörð í horn að taka, eins og dæmið um Pútín sýnir, en hann hafði haft af því spurnir að henni stæði stuggur af hundum í kjölfar árásar sem hún varð fyrir. Á þeirra fyrsta fundi lét hann því kalla á hundinn sinn, svartan labrador, sem æddi laus fram og aftur um stofuna. Hún sat stíf í sínum stól, en haggadist ekki og á eftir sagði hún þetta tiltæki til marks um að

Pútín væri veikur foringi, sem var alveg rétt, og hún færðist nær því að verða sá leiðtogi hins frjálsa heims sem gat boðið öðrum litlum karli birginn löngu síðar, Donald Trump.

Hún er sem sagt enginn veifskati. En það sem tryggði henni samt völd og virðingu öll þessi ár er þó fremur hitt að hún vék aldrei frá því að tveir plús tveir séu fjórir, og byggði allt sitt á því; byggði mál sitt og pólitík á staðreyndum og þeim möguleikum sem staðreyndirnar

þjóða upp á, frekar en staðleysurnar sem sumum stjórnmálamönnum eru svo kærar. Hún talar alltaf út frá möguleikunum en tekur sér ekki stóðu í ómöguleikanum.

Angela Merkel er sem sagt ekki skemmtikraftur eða ræðuskörungur í hefðbundnum skilningi. Hún sagði hins vegar eftirminnilegustu og sterkustu orð stjórnmálamanns á þessari öld, árið 2015 þegar um 1,3 milljónir flóttamanna leituðu ásjár í ríkjum Evrópu, á flóttanundan


striðum og ofsóknum, einkum í Sýrlandi. Þá var mikil fyrirstaða í löndum Evrópu og ráðamenn sáu öll tormeiki á því að hægt væri að taka við þessu fólki, uns hin jarðbundna Angela Merkel kvað upp úr um það með orðunum: „Wir schaffen das“ – við getum þetta. Og bætti við að Þjóðverjar hefðu nú ráðið fram úr erfiðari vandanámum en þessu. Með þessum einföldu orðum gjörbreytti hún allri stemningunni í landinu. ■



Ragnhildur Þrastardóttir / Morgunblaðið

„Skemmtilegt og galsafullt verk þar sem höfundur dregur bæði sjálfan sig og samfélagið sundur og saman í beittri ádeilu.“

Þorvaldur S. Helgason / Fréttablaðið



„... Guð blessi hann fyrir að skrifa um slaufunarmenninguna.“

Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan

„Þetta er alveg bráðsnjallt og meinfyndið.“

Egill Helgason / Kiljan



Eiríkur Örn Norðdahl fer hér á kostum þar sem hann leikur sér á mörkum skáldskapar og veruleika í umfjöllun um útskúfun, refsingu og fyrirgefningu.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga til jóla | www.forlagid.is



Frá setningarathöfn Vetrarólympíuleikanna í Sochi í Rússlandi árið 2014. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Óvíst hvort embættismenn fara til Peking

Íslensk stjórnvöld segjast ítrekað hafa gagnrýnt framgöngu kínverskra stjórnvalda í Xinjiang-héraði en ekki hefur verið tekin ákvörðun um það hvort embættismenn á vegum íslenskra stjórnvalda sækja Vetrarólympíuleikana sem fara fram í Peking í Kína á næsta ári

aron@frettabladid.is

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um það hvort embættismenn á vegum íslenskra stjórnvalda sækja Vetrarólympíuleikana sem fara fram í Peking í Kína á næsta ári. Stjórnvöld nokkurra ríkja, þar með talið Bandaríkja og Bretlands, hafa greint frá ákvörðun sinni um að senda ekki embættismenn á leikana. Um er að ræða táknræn mótmæli ríkja við bága stöðu mannréttinda í Kína. Þá sérstaklega í tengslum við að Kínverjar hafa verið sakaðir um mannréttindabrot



Það er ósk íslenskra stjórnvalda að leikarnir geti farið fram í nafni þess sem sameinar okkur öll.

Utanríkisráðuneytið

gegn Úígúrum í sjálfstjórnarhéraðinu Xinjiang.

Minnst milljón Úígúrum hefur verið haldið í sérstökum fanga-búðum og ásakanir um kerfisbundna þrælkunarvinnu, alvarleg kynferðisbrot og þvingaðar ófrjósemisaðgerðir hafa verið viðraðar. Stjórnvöld í Kína neita ásökunum sem hafa borist um mannréttindabrot í Xinjiang, og Wang Wenbin, talsmaður utanríkisráðuneytis Kína, segir að um pólitíska sýndarmennsku sé að ræða hjá ríkjum sem hafa ákveðið að sniðganga leikana.

Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins um það hvort íslenskir embættismenn verði viðstaddir leikana, segir talsmaður utanríkisráðuneytisins að þátttaka íslenskra fulltrúa yrði miklum vandkvæðum bundin. „Fyrir liggur að þátttaka fulltrúa íslenskra stjórnvalda á Ólympíuleikunum í Peking yrði miklum vandkvæðum bundin og er afar ólíkleg sökum strangra sótt-



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, utanríkisráðherra

varnarkrafna og mikils umstangs og tilkostnaðar sem fælist í slíku ferðalagi“.

Ráðuneytið segir Íslensk stjórnvöld hafa ítrekað gagnrýnt framgöngu kínverskra stjórnvalda í Xingjiang-héraði á vettvangi alþjóðastofnana og í tvíhliða samskiptum við Kína.

„Íslensk stjórnvöld fylgjast því ákaflega vel með þeirri umræðu sem á sér stað um sniðgöngu á grundvelli framgöngu Kína í mannréttindamálum. Nokkur lönd hafa nú þegar ákveðið að senda ekki fulltrúa stjórnvalda á leikana af þessum sökum. Íslensk stjórnvöld eiga í nánú samstarfi og samráði við sín

helstu samstarfsríki um þetta mál-efni, eins og jafnan um alþjóðleg mannréttindamál.“

Stjórnvöld í Kína höfðu áður varað Bandaríkin við að grípa til þess ráðs að senda ekki embættismenn á leikana, það myndi koma í bakið á ríkinu. Keppendur frá Bandaríkjunum munu hins vegar taka þátt á leikunum, samkvæmt þeim upplýsingum sem hingað til hafa borist.

Í svari utanríkisráðuneytisins segir jafnframt að það sé ósk íslenskra stjórnvalda að leikarnir geti farið fram í nafni þess sem sameini okkur öll og með þátttöku íþróttafólks hvaðanæva að úr heiminum.

„Ólympíuleikarnir eru tákn um frið og samvinnu, þar sem fólk frá ýmsum þjóðum fagnar því sem er okkur öllum sameiginlegt óháð pólitískum deilum og þrætum. Þeir hafa það hlutverk að sýna fram á það besta sem einstaklingar og hópar einstaklinga hafa fram að færa.“ ■

Sif spennnt fyrir því að minna á sig á íslenskri grund

hjoarvaro@frettabladid.is

FÓTBOLTI Tilkynt var á miðvikudaginn að Sif Atladóttir, landsliðskona í fótbolta, hafi ákveðið að leika undir stjórn eiginmanns síns, Björns Sigurbjörnssonar, hjá Selfossi á komandi keppnistímabili. Sif kemur á Selfoss frá Kristianstad í Svíþjóð, þar sem hún hefur leikið síðasta áratuginn um það bil.

„Það voru nokkur félög, bæði í efstu og næstefstu deild, sem höfðu samband við mig eftir að ég gaf það út að ég væri á leiðinni heim. Ég var alveg hreinskilin við þau félög sem ég ræddi við um að það þyrfti allt að ganga upp varðandi fjölskylduhagi og fótboltann til þess að ég gæti samið þar. Þegar ég velti öllu því sem var í boði fyrir mér þá leist mér best á Selfoss og ég er bara virkilega ánægð með þá ákvörðun. Það er þægilegt að vera búin að taka þessa

ákvörðun og nú tekur bara við að pakka búslóðinni og koma okkur heim. Stefnan er að vera komin heim 18. desember og byrja að æfa með liðinu í kjölfarið,“ segir Sif um vistaskiptin.

Spennandi ár fram undan

„Það er spennandi tilhugsun að vera að fara að spila aftur heima eftir tólf ára veru erlendis. Markmiðið hjá mér persónulega er að koma mér í gott líkamlegt form og halda sæti mínu í landsliðinu, þar sem eru mjög spennandi verkefni á næsta ári, bæði í riðlinum í undankeppni HM og svo lokakeppni Evrópumótsins næsta sumar. Ég er líka spennnt fyrir því að minna á mig þar sem margir hafa kannski bara séð mig með landsliðinu síðustu árin en minna með félagsliðunum,“ segir varnarmaðurinn þrautreyndi, sem lék með Val, Þrótti, FH og KR



Sif á að baki 84 leiki fyrir íslenska landsliðið.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

á Íslandi áður en hún fór utan til Þýskalands þar sem hún spilaði í tvö ár.

„Það er gaman að sjá að Barbára Sól Gísladóttir ætli að taka slaginn með Selfossi næsta sumar og ég hlakka til að vinna með henni í varnarlinunni og reyna að miðla af reynslu minni til hennar og annarra ungra og efnilegra leikmanna sem eru í leikmannahópnum. Markmiðið á Selfossi er að gera betur en á síðustu leiktíð,“ segir hún um komandi tíma við bakka Ölfusár.

„Það er frábær aðstaða á Selfossi og haldið hefur verið vel utan um kvennastarfið hjá félaginu þar. Í viðræðum mínum við önnur félög var líka spennandi að sjá metnaðinn fyrir kvennafótboltanum þar og ég finn það ápreifanlega að það sé spennandi tímar handan við hornið í íslenskum fótbolta kvennamegin,“ segir Sif um framhaldið. ■



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

Porvaldur Guðjónsson, Kristleifur Guðjónsson, Styrmir Hafliðason og Davíð Baldursson eru stjórnendur Pant vera blár!

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Pabbapodcast um borðspil

Pant vera blár! er hlaðvarp fjögurra pabba þar sem þeir ræða um alls konar borðspil og ýmislegt sem tengist þeim, en aðaláherslan er á létt og skemmtilegt spjall milli vina.

Pant vera blár! er hlaðvarp fjögurra pabba þar sem þeir ræða um alls konar borðspil og ýmislegt sem tengist þeim, en aðaláherslan er á létt og skemmtilegt spjall milli vina.

Hlaðvarpið hóf göngu sína í mars síðastliðnum og það kemur nýr þáttur á tveggja vikna fresti, alltaf á sunnudögum. Stjórnendur þess eru Porvaldur Guðjónsson, Kristleifur Guðjónsson, Styrmir Hafliðason og Davíð Baldursson.

„Við Leifur erum bræður og Davíð og Leifur voru saman í grunnskóla en fyrir um þremur árum vorum við Leifur svo úti á borðspilaráðstefnu í Birmingham þegar við hittum Styrmi og bróður

hans á UK Games Expo. Við fórum svo að spila saman og höfum verið að því síðan,“ segir Porvaldur, eða Valdi.

„Það mætti flokka mig sem nýja gæjann, út frá borðspilareynslunni hjá hinum, en Leifur bauð mér fyrst í svona spil fyrir tveimur og hálfu ári,“ segir Davíð. „Mér fannst þetta hálfgerð klikkun fyrst, en svo komst ég að því hvað þetta er ótrúlega skemmtilegt áhugamál og hef verið háður þessu síðan.“

Kúpla sig út í sameiningu

Strákarnir segja að það sem heillar þá helst við borðspil sé samveran.

„Þetta er tækifæri til að hittast, sitja saman, spjalla og hlæja án >>

15
DAGAR

SVÖRTU SANDAR



SPILABORG

SPIL ÁRSINS UM ALLAN HEIM!
MICRO MACRO
GLÆPABORGIN
Á ÍSLENSKU!

LEYSTU FYRSTA SAKAMÁLIÐ Á SPILABORG.IS



» Þess að vera með símana uppi. Það er líka gaman að glíma við þrautina í leiknum, hver sem hún er, og keppast við að vera klárari en andstæðingurinn," segja þeir. „Þetta er líka frábær afsökun til að brjóta upp vikuna, en við hittumst yfirleitt á kvöldin á virkum dögum þegar börnin eru sofnuð í tvo, þrjá tíma í senn og það er alltaf jafn gaman.

Það er líka svo mikið áreiti á mann yfir daginn og það er gott að setjast við borð, leika sér með hluti úr pappa eða plasti og kúpla sig út. Það er ekkert að kalla eða bípa á þig eða draga athyglina annað, heldur eru bara allir að einbeita sér að því sama.“

Strákarnir segja að það geti stundum verið erfitt að koma öllum hópnum saman því það er mikið að gera hjá öllum, en þeir hittast samt reglulega til að spila. „Við reynum að hittast einu sinni eða tvisvar í mánuði en hver okkar skipuleggur líka borðspilakvöld einu sinni til þrisvar í viku," segja þeir. „Ef við erum að hugsa um að spila höfum við yfirleitt fyrst samband hver við annan og svo heyrum við í öðrum.

Hópurinn fer líka einu sinni til tvisvar á ári saman í borðspilabústaðarferð. Þá förum við á hádegi á föstudegi og spilum fram á nótt og gerum ekkert annað en að spila þangað til við förum heim um tvöleytið á sunnudegi. Það er enginn tími fyrir heita pottinn," segja þeir léttir.

Spila alls kyns spil saman

„Valdi og Styrmir eru sérstaklega veikir fyrir því að vilja spila allt og gera það oft bara einu sinni, því þeir eru svo uppteknir við að prófa eitthvað nýtt. Þeir prófa eitthvað sem þeim finnst skemmtilegt og eru vissir um að það verði enn betra í annað sinn, en svo komast þeir ekki í það," segir Leifur kíminn.

„Það er illa að okkur vegið!" segja Valdi og Styrmir og hlæja. „Okkur finnst rosa gaman að prófa fjölbreytt spil og hluti af því er að átta sig á því hvernig spilið virkar, hvaða kerfi vinna saman og hvernig er best að nota kerfið í spilin til að vinna. Við sem hópur höfum því lítið verið að spila sömu spilin aftur og aftur," segir Valdi.

„Við spilum margar tegundir af spilum, allt frá samvinnuspilum yfir í strategísk efnahagsspil og allt frá fjölskylduspilum yfir í spil sem eru virkilega þung og löng," segja strákarnir. „Tvisvar á ári spilum við líka Twilight Imperium, sem



tekur um átta tíma og er alveg geggjað.“

Á fyrst og fremst að vera gaman

„Ég hlusta mikið á erlend borðspilahlaðvörp og hafði lengi langað að gera borðspilahlaðvarp á íslensku," segir Styrmir. „Svo fara Valdi og Leifur að tala um þetta að fyrra bragði og síðan óskaði Davíð eftir að fá að vera með og þá vorum við komnir með þennan fjögurra manna hóp.“

„Það er gaman að eyða tíma saman og við vorum ekki að búast við að margir myndu hlusta, þetta er bara góð ástæða til að hittast og spjalla. Rennslíð kom líka eiginlega bara sjálfkrafa, án undirbúnings. Hópurinn náði mjög vel saman," segir strákarnir. „Fyrst og fremst á þetta bara að vera gaman fyrir okkur, en svo eru hlustanir fleiri en við áttum von á. Við vonuðumst til að fá kannski 15 hlustendur en svo eru þeir nær 200, sem er bara bónus. Það eru líklegri fleiri borðspilaáhugamenn á landinu en við gerðum ráð fyrir.“

Ekki bara fyrir djúpt sokkna

„Hlaðvarpið fjallar um borðspil frá ýmsum sjónarhornum en fyrst og fremst eru þetta góðir vinir að koma saman til að hafa gaman og hlæja," segja strákarnir.

Strákarnir segja að það sem heillar þá helst við borðspil sé samveran og þau bjóði gott tækifæri til að hittast, sitja saman, spjalla og hlæja.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK



Strákarnir segjast spila margar tegundir af spilum, allt frá samvinnuspilum yfir í strategísk efnahagsspil og allt frá fjölskylduspilum yfir í spil sem eru virkilega þung og löng.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Við viljum vera eðlilegir og tala um hlutina eins og þeir eru. Við ákveðum umræðuefnið fyrir fram, en erum ekki búnir að ræða það fyrir upptöku.

Í hverjum þætti tökum við fyrir eitt umræðuefni og erum líka með yfirlit yfir það sem við höfum verið að spila undanfarið. Umræðuefnið getur verið mjög mismunandi, allt frá því að tala almennt um partispil yfir í að búa til topplista af spilum sem eru í svörtum kassa, eða gera lista af ósiðum við borðspilaborðið. Svo er líka nokkuð mikið af pabbabröndurum sem dettur inn, en bræðurnir tveir sérhæfa sig í þeim.“

„Já, við trúum því að fólk byrji að hlusta fyrir spilin en haldi áfram að hlusta fyrir brandarana," svara Valdi og Leifur í gríni.

„Við förum líka yfir hvað er að gerast í borðspilaheiminum, fréttir, hvað er nýlegt og hvað er væntanlegt," segja strákarnir. „Borðspilamarkaðurinn hefur líka breyst mikið og höpfjarmögnun á Kickstarter er orðin stór hluti af honum, svo við vekjum athygli á áhugaverðum hlutum sem eru að gerast þar.

Við reynum að tala ekki oft um sömu spilin og erum duglegir að

taka fyrir ný spil og ræða þau. Í síðasta þætti settum við líka til dæmis saman jólagjafalista með spilum sem myndu henta fyrir mismunandi hópa eins og fjölskyldur með börn, styttra komna, lengra komna og þá sem spila ekkert. Það er hægt að finna listann í lýsingunni á nýjasta þættinum okkar. Við erum ekki bara hrifnir af þungum spilum, heldur spilum við allt sem er í boði og erum meðvitaðir um að tala ekki bara til þeirra sem eru hvað lengst komnir ofan í borðspilakanínuholuna.

Við klippum spjallið ekkert, nema bara þegar við höfum spurningakeppni. Annars er þetta bara upptaka af okkur að spjalla," segja þeir. „Svo fengum við líka hann Þorvald Halldórsson, trommarann í hljómsveitinni Valdimar, til að semja stef fyrir okkur og Egil Rúnar Viðarsson, grafískan hönnuð, til að gera merki fyrir okkur.“

Borðspilasamkoma á nýju ári

„Við hvetjum alla til að hlusta á Pant vera blár! og fylgja okkur á samfélagsmiðlum, en við erum bæði á Facebook og Instagram og það er hægt að nálgast podcastið á öllum hlaðvarpsveitum," segja

strákarnir. „Við erum líka að undirbúa viðburð sem verður haldinn á næsta ári í tengslum við Pant vera blár!, en það verður borðspilasamkoma sem fer fram yfir heila helgi. Þá verða leigð hótélherbergi einhvers staðar þar sem er stór salur svo fólk geti komið saman til að spila. Við stefnum á að hafa þetta á fyrri hluta næsta árs, en þetta verður auglýst betur á samfélagsmiðlum og í þættinum.“ ■

Pant vera blár! er á Facebook undir facebook.com/pantverablar/ og á Instagram undir instagram.com/pantverablar/. Hlaðvarpið er auðvelt að finna á öllum þar til gerðum streymisveitum.

**PANT
VERA
BLÁR!**

Íslensku skartgripirnir okkar eru persónuleg jólagjöf



PRAKT Laugavegur 82 101 Reykjavík www.prakt.is

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundnið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi:
Torg ehf.
Ábyrgðarmaður:
Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölu menn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

TVÆR VERSLANIR

GLÆSIBÆR & KRINGLAN

NEXUS



FÆST Í VERSLUNUM OKKAR
NEXUS
GJAFABRÉE
TILVALIN JÓLAGJÖF
EÐA RAFRÆNT Á NEXUS.IS



25
ára



Pokémon
TRADING CARD GAME



MASTERS OF THE UNIVERSE ORIGINS

LEIKFÖNG

Nýjar
vörur!



SAFNVÖRUR



BÆKUR



SPIL



MYNDASÖGUR

NEXUS.IS VEFVERSLUN MEÐ YFIR 10.000 VÖRUR

NEXUS Glæsibær Álheimar 74. 104 Rvk. - s. 552 9011 • Opnunartími: Mán-Sun. frá kl. 11:30 - 22:00

NEXUS Kringlan 4-12. 103 Rvk. - s. 552 9012 • Opnunartími: Mán-Fös. 10 - 18:30 Lau. 11 - 18 Sun. 12 - 17

Margt breyttist en jólin eru alltaf spilatími

Spilamenning hefur breyst mikið hér á landi undanfarin ár og virðist jafnvel vera nokkur munur milli landsbyggðar og þéttbýlis þegar kemur að hefðum.

Með tilkomu Covid hafa spil í auknum mæli færst inn í tölvur og á netið og „fjarspil“ orðið veruleiki líkt og „fjarfundir“ í atvinnulífinu. Eitt breyttist þó seint. Jólin eru mikill spilatími.

Stefán Jónsson kallar sig spilanörd. Hann hefur verið mikill spilamaður frá því að hann man eftir sér. Hann þykir einn helsti spilasérfræðingur landsins og hefur undanfarin ár starfað sem sölumaður og spilakennari í hluta-starfi hjá Spilavinum.

„Ég hef alltaf spilað mikið. Ég er úr Borgarfirðinum og þar spiluðum við mikið. Heima við spiluðum við bræðurnir mikið Kana, Manna og önnur klassisk stokkaspil, auk þess sem ýmis borðspil rötuðu inn á heimilið, en þau höfðu flest mun takmarkaðri líftíma en spilastokkurinn. Svo var félagsvistin alltaf vinsæl, og er enn,“ segir Stefán.

„Ég var kominn um eða yfir tvítugt þegar ég fór að spila borðspil og þess háttar að einhverju ráði. Þegar ég flutti til Reykjavíkur varð ég svo bara eins og húsgagn hjá Spilavinum. Spilavinir eru í grunninn verslun í Bláu húsunum, sem oftast eru kennd við Faxafen en tilheyra Suðurlandsbraut. En í raun og veru eru Spilavinir eins konar spilasamfélag. Eigendurnir, Svanhildur og Linda, hafa skapað mjög gott samfélag í kringum það allt saman.“

Stefán segir raunveruleg íslensk spil vera mjög fá. „Við erum með mörg spil sem hafa verið þýdd á íslensku og staðfærð en það er aðallega bara á síðustu árum sem komið hafa út íslensk spil, sem eru hönnuð og unnin hér á landi fyrir Ísland. Þau eru flest spurningaspil. Hér má nefna spilið Ísland og nýlega kom út spilið Evrópa. Þetta eru spurningaspil eftir Stefán Pálsson, sagnfræðing og spurningagúrú. Svo eru mörg íslensk parti-spil.“

Mikið spilað í Borgarfirði

Stefán Jónsson segir spil vera stóran hluta af jólonum og jólastemningunni, ekki síst hjá Borgfirðingum. „Í Borgarfirðinum spilum við félagsvist um hátíðarnar. Það er bæði jólavist og nýársvist. Þetta er mjög skemmtileg hefð. Í félagsvistinni kynnist maður fólki úr öllu héraðinu, fólki á öllum



Stefán Jónsson, spilakennari og sölumaður, er öflugur spilamaður, spilanörd, eins og hann segir, og notar hverja aukastund til að taka í spil. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

aldri. Hér áður fyrr kynntist fólk í héraðsskólanum eða sláturhúsinu, þessum stóru stöðum sem allir fóru á einhvern tíma. Nú er það allt búið. Núna er það helst í félagsvistinni sem kynslóðirnar hittast. Félagsvist snýst um svo margt annað en spilin, þetta er vettvangur þar sem fólk hvaðanæva úr héraði hittist og spjallar, og svo eru kaffið og kökurnar nauðsynleg.“

Stefán segir félagsstarf fyrir börn og ungmenni mun öflugra í dag en áður fyrr. Krakkar kynnist í skólanum og kominn se menntaskóli á svæðið. Félagsvistin haldi hins vegar alltaf sínu og sé spiluð á nokkuð mörgum stöðum. Ekki megi heldur gleyma stærsta

Í Borgarfirðinum spilum við félagsvist um hátíðarnar. Það er bæði jólavist og nýársvist. Þetta er mjög skemmtileg hefð. Í félagsvistinni kynnist maður fólki úr öllu héraðinu, fólki á öllum aldri.

Stefán Jónsson

Ekki bundin við spilaborðið

Stefán segir frá því að í upphafi Covid hafi maður komið í Spilavini í leit að Monopoly, en ætlað frá að hverfa þar sem það var uppselt. „Ég spurði hann eftir hverju hann væri að sækjast, hvað honum þætti skemmtilegast við Monopoly. Var það að kaupa og selja eða samskiptin við hina, viðskiptin við þá? Hjá honum voru það samskiptin við aðra þátttakendur í spilinu, að versla við þá með eignir. Þá gat ég bent honum á Bohnanza, sem snýst um ræktun og viðskipti með baunir. Þar eru spilarar sifellt að versla við hina, endalaus samskipti, mismunandi baunir eru misverðmætar. Svo opnar reglubók spilsins á að samningaviðræðurnar séu ekki bundnar við spilið. Það er til dæmis ekkert að því að endurgjaldið fyrir tiltekna baun sé að sjá um uppvaskið það kvöldið. Það eru þessi samskipti sem gera Bohnanza að einu af uppáhaldsspilunum mínum.“

Þessi markaður er sibreytilegur. Spilanörðar eru mjög nýjungagjarnir og vilja alltaf eitthvað nýtt. Spilin sjálf hafa breyst þannig að meira er lagt í þau og ihlutina. Í dag getur enginn gefið út spil á 120 gramma pappír. Það er líðin tíð. Spilin eru orðin litríkari, það eru plast- og tréhlutir, þykkur pappír. Spil eru orðin alvöru framleiðsluvara. Þau höfðu til stærri hóps en áður enda setjast allir saman niður til að spila núna, en áður voru það bara börnin sem spiluðu á meðan fullorðna fólkið gerði eitthvað annað.“

Covid breytti hlutunum

Mikil þróun hefur orðið síðustu tvö árin í þá átt að spil hafa færst af borðinu og inn í tölvur og á vefinn. „Það eru aðallega fjögur svæði sem er verið að spila á netinu. Eitt er

kennt við Steam þar sem borðspil og tölvuleikir eru mikið spilaðir á milli hvers kyns tölva. Þetta er svona eins konar „fjarspil“, svipað og „fjarfundur“. Önnur leið er þannig að tölvuskjári þinn er spilaborðið. Þetta getur bæði verið þannig að allir eru að spila saman í rauntíma eða þannig að einn spilari leikur sinn leik og staðan er vistuð og mótspilari getur komið inn seinna og leikið sinn leik. Svona spil getur tekið marga daga.“

Sýndarveruleiki í spilaheimi

Stefán segir þrívíddarsvæði vera til á netinu fyrir fólk að spila á. „Þarna er borð og spilið er á borðinu. Svæðið „kann ekki“ spilið þannig að spilararnir þurfa að spila sjálfir, þetta er eins konar sýndarveruleiki sem fólk spilar í. Þetta hefur færst mjög í aukana í kófinu og núna eru tvö svæði sem bjóða upp á svona.“

Stefán nefnir til sögunnar spilið Pandemic sem gekk í endurnýjun lífdaga í Covid. Það gengur út á að bjarga mannkyninu frá fjórum far-sóttum. Þetta 10-12 ára gamla spil hafi fengið nýtt líf í faraldrinum.

Stefán er staðráðinn í að taka í spil um jólin. „Ég reyni að missa ekki af félagsvistinni í Borgarfirði og svo er alltaf gaman að spila með fjölskyldunni. Spilastundin er samverustund fyrir alla fjölskylduna. Fjölbreytileiki í gangverki, regluverki og þema spila gerir það að verkum að það er hægt að finna spil fyrir alla. En svo er líka ein tegund spila sem gleymist oft eða fólk hreinlega veit ekki eftir til – það eru einmenningar. Samfélagsaðstæður síðustu tveggja ára hafa leitt til þess að sifellt fleiri spilaútgefendur leggja áherslu á að spilin þeirra séu hönnuð þannig að hægt sé að njóta þeirra jafnvel án þess að hafa spilafélaga,“ segir Stefán Jónsson spilanörd að lokum. ■

Léttari liðir með töframætti Túrmeriks

Öflugar blöndur með fjallagrösom. Sterka blanda inniheldur svartan pipar sem margfaldar upptöku túrmeriks.

Þjáist þú af liðverkjum & bólgum?



Fæst í öllum helstu matvöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum

Bókajól

FÖSTUDAGUR 10. desember 2021

KYNNINGARBLAÐ

Kynningar: Penninn, Völuspá, Drápa, Bókabeitan.

Hátíð í bæ á hverjum degi

Líflegur ys og þys ríkir nú í bókaverslunum Pennans Eymundsson, enda er aðfangadagskvöld eftir aðeins tvær vikur og þá gleðst bókahjóðin yfir nýjum og kærum bókum undan jólatrénu. **2**



Margrét Jóna Guðbergsdóttir er vörustjóri íslenskra bóka hjá Pennanum Eymundsson og segir aðventuna langskemmtilegasta tímunn til að vinna í bókabúðum.



Matreiðslubækur eru afar vinsælar í jólapakkana og margar nýjar útkomnar.

„Verslanirnar eru komnar í jóla-skart og nú ríkir sannkallað jólabókaflóð, mikil stemning og mjög mikið úrval,“ segir Margrét Jóna Guðbergsdóttir, vörustjóri íslenskra bóka í stærstu og fjölbreyttustu bókaverslun lýðveldisins, Pennanum Eymundsson.

Þar ríkir hátíð í bæ á hverjum einasta degi aðventunnar, enda safnast þær nú saman í stöflum, heillandi jólabækur ársins og hvarvetna er líflegur ys, þys og tilhlökkun fyrir hátíð ljóss og friðar.

„Ég hef nú unnið í bókabransanum í þrjátíu ár og það er alltaf jafn gaman að vinna í bókabúðunum fyrir jól. Þetta er hátíðlegur tími og skemmtilegur, bæði eru allir svo glaðir og í jólaþöfn, og þegar nær dregur jólum eykst asinn enn meir og spennningurinn fyrir sjálfum jóluunum verður áþreifanlegur,“ segir Margrét Jóna, sem er sjálf komin í mikið jólaþöfn.

Hún er stödd í Pennanum Eymundsson á Skólavörðustíg, þar sem ilmur af kanil og heitu súkkulaði liðast um loftið í bland við notalega angan af nýprentuðum bókum.

„Í mörgum verslunum Pennans Eymundsson eru kaffihús sem orðin eru hálfgerðar félagsmiðstöðvar og vinsælt að tylla sér inn úr kuldunum og fá sér góðgæti og jólalega drykki á meðan grúskað er í bókum og blöðum og kynnt sér það nýjasta í jólapakkana. Þetta er hlý og notaleg jólastemning sem er indælt að vera hluti af,“ segir Margrét Jóna.

Reynsla og þekking hjálpar til Jólabókaútgáfan í ár er með líflegasta móti og margt freistandi og eftirsóknarvert til jólagjafa.

„Það er sívinsælt að fá áritaðar bækur til jólagjafa, en vegna samkomutakmarkana hafa höfundar lítið getað áritað í verslununum í ár. Við fáum stundum árituð eintök frá útgefendum sem við eigum tiltæk og dreifum í verslanir okkar. Við biðjum líka um fleiri eintök eftir þörfum og stundum er þetta bara heimilislegt hjá okkur og við hnippum í höfunda þegar þeir koma að versla og biðjum þá að árita bækur til að eiga handa lesendum þeirra,“ segir Margrét Jóna.

Hún er umkringd spennandi bókum, leikföngum, tækni og gjafavöru um alla búð.

„Úrvalið er gríðargott um þessi jól og margt spennandi bóka í boði. Ef maður er ekki viss um hvaða bók á að velja í jólapakkann er starfsfólk Pennans Eymundssonar meira en viljugt til að veita ráðgjöf, og sem betur fer er fólk ófeimið að leita eftir slíkri aðstoð og upplýsingum. Margt af starfsfólkinu okkar býr að margra ára reynslu í bóksölu og hefur mikla þekkingu á bókmenntum og því er dýrmtætt að geta leitað í þeirra viskubrunn, sem þekja bókaheiminn út og inn. Hjá okkur fæst allt nýtt sem til er, og ef leitað er að eldri bókum sem ekki eru í búðinni getum við alltaf reddað því. Það geta því allir fengið jóla-

bókaóskirnar uppfylltar í Pennanum Eymundsson,“ segir Margrét Jóna.

Gleði og spenningur í loftinu Bóksala hefur verið blómleg síðan heimsfaraldurinn skall á.

„Íslendingar eru síst hættir að lesa og það er áberandi hvað fólk er meðvitað um að halda bókum að börnum. Í kjölfar Covid hefur sala barnabóka aukist, ekki síst verkefna- og gagnvirkar bækur, þar sem börn læra stafina, að lesa eða reikna og margt fleira sem heldur þeim áhugasömum og spennnum fyrir bókum,“ upplýsir Margrét Jóna.

Það sama á við um lestur fullorðinna.

„Í heimsfaraldurinum hefur fólk lesið mikið og er meðvitað um að hafa gott lesefni við höndina. Það nýtur þess sem aldrei fyrr að koma í bókabúðirnar til að njóta ævintýraheims bókmenntanna og það sjáum við sérstaklega nú á adventunni og þegar jólabækurnar byrja að streyma inn á haustin. Fyrir mörgum er þetta afar spennandi tími og mikið af fastakúnnum sem koma mjög reglulega til að fylgjast með því nýjasta. Undanfarin ár höfum við svo aukid enn á úrval okkar af alls konar gjafavöru og að sjálfsögðu eigum við allt utan um jólapakkann, jólakort og hvað eina tilheyrandi.“

Bóklestur tilheyrir jólu

Margrét Jóna segir erfitt að henda reiður á hvað hver og ein kynslóð óskar sér úr jólabókaflóðinu í ár.

„Þar er ekkert einhlítt en við sjáum þó að ungt fólk hrifst af ungum rithöfundum af sömu kynslóð og setur á óskalistann. Oft koma ömmur og afar, mömmur og þabbar, frænkur og frændur og vilja kaupa eitthvað uppbyggilegt og sem nýtist unga fólkinu sínu. Það geta verið matreiðslubækur, þrjónabækur og ýmiss konar handbækur, og það er auðvitað eiginlegt og vel þegið líka. Á hverju ári kemur líka úrval fræðibóka sem á sinn dygga lesendahóp og þá eru ávísögur alltaf vinsælar en heldur meira hjá eldri kynslóðinni. Fólk er alltaf áhugasamt um sitt samtímafólk en líka eldri ávísögur og ef gömul útgáfa kemur út aftur skýst hún iðulega upp á vinsældalistann,“ greinir Margrét Jóna frá.

Sjálft ætlar hún að kaupa sér eina nýja jólabók til að lesa um jólin.

„Ég fæ oft bækur í jólagjöf, og finnst gott að eiga bunka til að lesa yfir hátíðirnar, en gef mér líka alltaf eina góða til að lesa yfir jólin, því það finnst mér tilheyrja. Flestum þykir ómissandi að fá minnst eina bók undan jólatrénu og bók er sígild og sívinsæl jólagjöf. Ég vil þó endilega láta koma mér á óvart í þeim efnum og gef því ekkert upp um óskabækurnar í ár,“ segir hún og skellir upp úr. ■

Penninn Eymundsson er um allt land. Sími 540 2000. Sjá penninn.is



Margrét kaupir sér alltaf eina vel valda jólabók til að lesa yfir jólin, en vill láta koma sér á óvart í öðrum bókagjöfum.



Í bókaverslunum Pennans Eymundsson er söluhæstu jólabókunum raðað upp í hillur eftir vinsældum.



Úrval nýrra íslenskra bóka er gríðarlega gott og freistandi fyrir þessi jól og starfsfólk getur hjálpað við valið.



Bækur í öllum flokkum bókmennta fást í heillandi úrvali.



Í Pennanum Eymundsson starfar fólk með mikla þekkingu á bókmenntum og áralanga reynslu af bóksölu. Því er dýrmtætt að leita í reynslubrunn þess við val á bókagjöfum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Barnabók er einkar falleg jólagjöf og segir Margrét fólk meðvitað um að halda góðu lesefni að börnum.



STEINÞÓR GUÐBJARTSSON
MORGUNBLAÐIÐ



Taugatryllir úr samtímanum eftir háspennudrottninguna Lilju Sigurðardóttur.



„... bókin er skemmtileg aflestrar. Þrátt fyrir þungt efni er ákveðinn léttleiki í henni og húnur sem skemmtir lesandanum.“

Kolbrún Bergþórsdóttir / Fréttablaðið

„... þegar á heildina er litið er *Náhvít jörð* ekki aðeins góð spennusaga heldur gott innlegg í mikilvæga umræðu um græðgi, glæpi og fordóma.“

Steinþór Guðbjartsson / Morgunblaðið



STEINÞÓR GUÐBJARTSSON
MORGUNBLAÐIÐ

Bráðsnjöll og margslungin glæpasaga eftir Jónínu Leósdóttur. Bók sem þú leggur ekki frá þér.




„Í *Launsátri* er drepit á mikilvægum samfélagsmálum með léttleikann að leiðarljósi.“

Steinþór Guðbjartsson / Morgunblaðið

„Hún á auðvelt með að skrifa bækur sem fólk les án áreynslu sér til yndis og skemmtunar.“

Björn Þorláksson / Fréttablaðið



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA


Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10-19 alla daga til jóla | www.forlagid.is

Vandaðar bækur fyrir vandláta lesendur




Hlín Agnarsdóttir MEYDÓMUR

„Hlín veitir fágæta innsýn í hugarheim barns, ekki síst stúlkubarns, sem reynir að átta sig á kvenleikanum. Frásögnin er full af harmi og gleði sem verður aldrei yfirborðsleg.“
– Sæunn Kjartansdóttir



Sveinn Einarsson Á sviðsbrúninni

„Í leikhúsinu breytum við raunveruleikanum í blekkingu sem aftur á móti býr til nýjan veruleika.“



Frederik Stjernfelt Sjö goðsagnir um Lúther

Ásmundur Stefánsson
islenskaði

„Eitt af því sem er torskilið í trúarviðhorfum og heimssýn Lúthers er að það er Drottinn sem leyfir allt hið illa, jafnt smátt sem stórt sem gerist dag hvern á hverju heimili.“

Unnur Guttormsdóttir Oft eru gamlir hrafnar ernir



Kerlingarálfín fer á kostum, tekur myndir af fuglum, les hugsanir þeirra og setur í orð af skáldlegu innsæi. Í bókinni eru 80 fuglamyndir með tilheyrandi sköndnum hugleiðingum og fuglahjali.

ORMSTUNGA
www.ormstunga.is



Stefanía María Arnardóttir er sannkallaður lestrarhestur, en hún klárar að meðaltali eina til þrjár bækur á hverri viku, þrátt fyrir að vera lesblind.

MYND/ADSEND

Fjölbreytnin og dýptin er mest í fræðilegu efni

Stefanía María Arnardóttir segir að lestur gefi sér frið og ró, en hún les um það bil eina til þrjár bækur á viku þrátt fyrir lesblindu og er hrifnust af því að lesa fræðilegt efni. Hún stofnaði Facebook-hóp um lestur og bækur sem hefur yfir 600 meðlimi.

oddurfreyr@frettabladid.is

„Ég ólst upp við að hafa ágætt aðgengi að ýmsum bókum, meðal annars fræðilegu efni fyrir börn og sótti mikið í slíkar bækur. Ég var fróðleiksfús og bækur voru leiðin til að læra eitthvað nýtt. Ég byrjaði samt ekki að hafa mjög mikinn áhuga á bókum fyrr en ég varð fullorðin,“ segir Stefania María Arnardóttir, sem stofnaði Facebook-hópinn Lestrarhestinn fyrir rúmu ári, en hópurinn, sem á að vera vettvangur fyrir umræðu um allt sem tengist lestri, hefur gengið vel og má að sögn Stefaníu verða það sem fólk vill að hann verði.

„Þegar ég var lítil var mamma dugleg að fara með mig á bókasafnið og þar fékk ég að vera frjáls ferða minna,“ segir Stefania. „Ég man að ég hafði mjög gaman af alfræðibókum um dýr sem voru hluti af sömu ritróðinni og skoðaði þær mikið. Ég hafði áhuga á dýrum og þótti gaman að skoða myndirnar. Ég man að ég skoðaði líka bækur sem voru til heima og innihéldu alls konar læknisfræðilegar upplýsingar. Ég var svo forvitin að mér fannst allt spennandi.“

Svo fékk ég tvær bækur út úr getraun hjá lögreglunni, annars vegar um gróðurhúsaáhrif og fleira sem tengist náttúrunni og hins vegar Bróður minn Ljónshjarta, sem ég las þegar ég var 12 ára,“ segir Stefania. „Það var í fyrsta sinn sem ég tæradist yfir bók og lesturinn á þessum góðu bókum varð líklega undirstaðan að því hvernig áhuginn þróaðist.“

Tók tíma að uppgötva sinn smekk

„Með tímanum uppgötvaði ég svo minn eigin bókasmeik og áttaði mig á því hvað ég hef mikinn áhuga á fræðilegu efni, en ég les reyndar líka stundum vísindaskáldskap og fantasiur,“ segir Stefania. „Ég fékk svo lesblindugreiningu þegar ég var 25 ára og þá fékk ég aðgang að hljóðbókasafninu, sem opnaði dyr að alls konar áhugaverðu efni.“

Fræðilegt efni heillar mig því

þú finnur ekki sömu upplýsingar annars staðar. Þú finnur miklu meiri fjölbreytni og dýpt í þessum bókum en nokkru öðru og bækur eru almennt mun óheftara afþreyingarform en allt annað. Ég held að það sé líka ein ástæðan fyrir því að bækur hverfi aldrei.

Í dag er ég svo orðin mjög sér-tæk. Ég myndi kalla mig alætu en ég veit samt hvað mér líkar og það er ákveðið þroskaferli sem maður þarf að fara í gegnum til að finna sig og bækurnar sem mann langar að lesa, því það er ekkert endilega það sem er vinsælt og áberandi,“ segir Stefania.

Ein til þrjár bækur á viku

„Lestur gefur mér mikla ró og frið. Ég er frekar innhverf og mér finnst notalegt og skemmtilegt að setjast og lesa eða spila lágstemmdan tölvuleik og hlusta á hljóðbók,“ segir Stefania. „Ég er líka rosalega forvitin og því eldri sem ég verð því meira veit ég hvað ég veit lítið og því meira vil ég vita.“

Ef þú ert að lesa fræðilegt efni eru líka alltaf skiptar skoðanir á málum og ég vil kynna mér allar hliðar til að fá dýpri skilning á þeim. Fyrir vikið vil ég alltaf lesa 4-5 bækur um öll málefni sem mér finnst áhugaverð og um leið verð ég alltaf forvitin um meira og meira. Ég sækist líka stundum í bækur sem ég veit að ég verð ósammála til að heyra röksemdafærsluna og þannig finnur maður alltaf gráa fleti sem maður getur verið sammála, sem er skemmtilegt og þroskandi. Mér finnst líka gaman að lesa gamlar fræðibækur á Project Gutenberg vefsíðunni og kynnast gömlum hugmyndum. Það getur verið áhugavert og upplýsandi að spegla nútímann í þeim.

Það er misjafnt hvað ég les mikið, en ég reyni að klára í minnsta lagi eina bók á viku og fer upp í þrjár ef ég er í góðum fíling, stundum meira,“ segir Stefania.

Lítið aðgengi að efni á íslensku

Þegar Stefania er spurð um uppáhaldsbókina sína nefnir hún fyrst Salamöndrustríðið eftir Karel Čapek.

„Hún er alveg frábær. Uppáhaldshöfundurinn minn er Kahlil Gibran, en ég er líka hrifin af bókum eftir Frans de Waal, E.O. Wilson og Gabor Maté. Mér finnst Hold on to Your Kids eftir Gordon Neufeld líka vera bók sem fólk ætti

Það er ákveðið þroskaferli sem maður þarf að fara í gegnum til að finna sig og bækurnar sem mann langar að lesa.

að lesa, sérstaklega ef það á börn eða er í tengslum við börn,“ segir Stefania. „Congo: The Epic Story of a People eftir David Van Reybrouck er líka bók sem hafði mikil áhrif á mig, en hún fjallar um sögu Kongó. Það eru margar hræðilegar lýsingar í henni og sumt vakti mikinn óhug hjá mér.“

Ég les líka barnabækur og þar er Bróðir minn Ljónshjarta í uppáhaldi. Aðgengi að barnabókum er oft gott en það getur verið erfitt að finna íslenskar þýðingar sem komu út fyrir meira en áratug, sem er ekki nógu gott,“ segir Stefania.

„Almennt finnst mér líka vanta betri aðgang að rafrænu efni á íslensku. Ég get til dæmis lítið leitað til íslenska markaðarins til að finna efni við mitt hæfi, efnið er ekki þýtt eða þýtt seint. Mér finnst líka vanta meiri hugmyndafræðilega fjölbreytni í efnið á Rafbókasafninu,“ útskýrir Stefania. „Ég er eiginlega búin að lesa allt sem hægt er á því safni svo ég þarf að leita í erlendar veitur. Þannig að fólk eins og ég, sem les mjög mikið, er að detta út af íslenska markaðnum.“


Úlfar og orðabók

Stefania segir að það séu aðallega tvær nýjar bækur sem hún er spennt fyrir.


„Það er annars vegar bókina The Redemption of Wolf 302 eftir Rick McIntyre, sem hefur fylgst með úlfunum í Yellowstone-þjóðgarðinum og skrifaði frábæra bók sem heitir The Reign of Wolf 21. Hann var nú að gefa út þriðju bókina sína um þetta viðfangsefni,“ segir hún. „Svo er ég líka búin að forpanta bókina The Dictionary of Obscure Sorrows eftir John Koenig, sem kemur út í þessum mánuði. Hann hefur verið að taka orð sem eru til í öðrum tungumálum en ekki í ensku og reyna að þýða og útskýra merkingu þeirra.“

Svo er örugglega fullt af bókum sem komu út á árinu sem ég á eftir að uppgötva og lesa síðar meir,“ segir Stefania. ■


Bækur í jólapakkann




Þú finnur úrval af nýjum bókum í Pennanum Eymundsson.



Nýja Reykjavík
6.299 kr. VERÐ ÁÐUR 8.499 KR.




Peningar
4.999 kr. VERÐ ÁÐUR 6.999 KR.



Bílamenning
7.299 kr. VERÐ ÁÐUR 9.999 KR.



Borð fyrir einn
5.599 kr. VERÐ ÁÐUR 7.499 KR.



Bærinn brennur
4.999 kr. VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.




Ósýnilegar konur
3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.999 KR.



Vítislogar
7.299 kr. VERÐ ÁÐUR 9.999 KR.



Fjórar systur
4.399 kr. VERÐ ÁÐUR 5.999 KR.



Sprakkar
4.999 kr. VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.

TAX FREE
9.12-13.12


*Gildir ekki með öðrum tilboðum og ekki af húsgögnum og Hay vörum

Fellum niður jafngildi
virðisaukaskatts af
ÖLLUM
VÖRUM!

PENNINN

Eymundsson

www.penninn.is




Merkilegt er það við aðferð Jóns Hjaltonsonar hvernig hann getur lagst svo djúpt í heimildakönnun sem hann hefur sýnilega gert, og leyft þó hvergi rannsókninni að stela senunni af frásögninni. Frásögn sem rekur ekki aðeins lífshlaup þessa makalausar Markúsar, gripdeildir hans og barneignir, heldur umfram allt samskiptasögu hans við íslenskt samfélag. Samfélag þar sem svo óstýrilátur maður gat þrátt fyrir allt tekið sér ölbogarymi til að lifa sínu ósamþykktu lífi. Stórmerkilegt!"

Helgi Skúli Kjartansson, sagnfræðingur

„Markús er spennandi og læsileg bók byggð á vandaðri heimildavinnu. Bókin er mikilsvert framlag til þekkingar okkar á kjörum og högum alþýðufólks á Íslandi á 19. öld.“

Vilhelm Vilhelmsson, sagnfræðingur



„Skemmtilegur og fróðlegur lestur. Sá þarna líka margar og merkilegar myndir sem ég hef ekki séð áður.“


Sigurður Jóhannesson, í bæjarstjórn Akureyrar til margra ára og aðalfulltrúi

„Stórmerkileg bók.“

Árni Matthíasson, Morgunblaðinu



Fyndnasta bók ársins
– án nokkurs vafa.



Káinn seldist upp í fyrra en hefur nú verið endurprentaður. Einstök ævisaga skálds og baráttusaga Íslendinga í Vesturheimi.

Völuspá útgáfa



Jón er sagnfræðingur að mennt og gefur út þrjár nýjar bækur á vegum Völuspár.
**FRÉTTABLAÐIÐ/
AÐUNN**

Öðruvísi sögur

Sagnfræðinginn Jón Hjaltonson mætti líta á sem sérlegan áhugamann um það sem er á skjön og ratar almennt ekki í ríkissögubækurnar. Í ár gefur hann út þrjár glæsilegar bækur fyrir jólin hjá útgáfunni Völuspá.

Bækurnar sem koma út í ár eru: Ótrúlegt en satt, Markús, á flotta í 40 ár, öðruvísi Íslandssaga og svo Þessir Akureyringar. Einnig kemur út á ný Káinn, ævi og ljóð, sem seldist upp allt of fljótt í fyrra.

Öðruvísi saga bæjarfélags

Ótrúlegt en satt er einstök sagnfræðibók þar sem Jón Hjaltonson grefur upp það sem er á skjön við það sem við vitum. „Það er svo margt sem ratar ekki í sögubækurnar, ýmislegt sem er óvænt og kemur á óvart. Þetta er saga Akureyrar í öðruvísi ljósi, oft skemmtilegu, stundum sorglegu, jafnvel vandræðalegu, en ávallt fróðlegu ljósi,“ segir Jón Hjaltonson.

Bókin kemur í stóru og veglegu broti og gegna ljósmyndirnar veigamiklu hlutverki við að varpa ljósi á söguna. Kaflarnir eru flestir stuttir og lesvænir og eru margir hverjir skrifadír út frá ljósmyndunum. „Bókin hefst, ja, ekki alveg með Helga magra Eyvindarsyni, sem nam land í Eyjafirði. En það liggur við. Svo fer ég í gegnum allt fram til dagsins í dag.“

Heimildirnar fær Jón ýmist úr skjalasöfnum eða ljósmyndaböndum og hefur hann ýmislegt forvitnilegt upp úr krasinu. „Þarna er til dæmis kafli um þá furðulegu staðreynd að hitaveitan á Akureyri varð til fyrir misskilning og eiginlega vanþekkingu. Svo er líka langur kafli um sögu kalda vatnsins hér, en staðreyndin er sú að þrátt fyrir kaldavatnsskort á sínum tíma, þá var ákveðið að bora frekar eftir vatni úr Þelamörkinni heldur en að drekka yfirborðsvatnið úr Gleránni, sem var mun ódýrari kostur. Svo kemur í ljós að vatnið í borholunni er síað vatn úr Hörgá.“

Einnig veltir Jón fyrir sér hinum ýmsu örnefnum sem hafa fest á kennileitunum kringum Akureyrarbæ. „Sum hafa náð að festa rætur á meðan önnur hafa gleymst. Til að mynda höfum við Listagilið sem hefur síðustu ár gengið undir minnst fimm mismunandi nöfnum, allt eftir þeirri starfsemi sem þar var hverju sinni. Gilið heitir tæknilega séð Grófargil, en er kallað Listagilið. Þá hét það áður Kaupfélagsgil eftir kaupfélaginu sem var þar staðsett. Einnig hét

Þetta er um leið ævisaga manns og samtal við lesanda sem skýrir Íslandssöguna í hnotskurn. Þarna birtist líf alþýðumannsins og um leið velti ég upp ýmsum spurningum, sem mörgum hverjum er varla hægt að svara.

það Laugarskarð þegar þar var sundlaug. Grútargil var það kallað þegar þar var lýsisbræðsla og fyluna lagði upp úr gilinu.“

Einstök ævisaga

Markús, á flotta í 40 ár, öðruvísi Íslandssaga, er einstök ævisaga Markúsar Ívarssonar sem lést árið 1923 á níræðisaldri og var eftirlýstur í fjörutíu ár frá árinu 1881.

„Þetta er mín tilraun til þess að miðla sögu 19. aldar til nútímalandsanda með þægilegum, óvæntum og lesvænum hætti.“ Jón velur sér Markús sem eins konar glugga til þess að skoða nánar samfélagið sem Markús lifði og hrærdist í. „Mér finnst við hafa stundum einfaldað um of hvernig lífið raunverulega var á nítjándu öld. Þarna eru hugtök og ýmis lífsviðhorf sem við skiljum ekki í dag. Þetta er um leið ævisaga manns og samtal við lesanda sem skýrir Íslandssöguna í hnotskurn. Þarna birtist líf alþýðumannsins og um leið velti ég upp ýmsum spurningum, sem mörgum hverjum er varla hægt að svara.“

Jón rakst á Markús á sínum tíma þegar hann var að skoða sögu Akureyrar. „Ég rakst á þennan mann í heimildunum en þessi maður átti ótrúlega ævi. Ég hóf að safna öllu sem ég fann um Markús og fann margt fróðlegt í skjölum sýslumanna, dómaþókum og bréfabókum. Hann virðist sífellt hafa verið að gera einhver skamm-arstrík og var yfirheyrður margoft. Hann bjó á afskekktum stað og dó á níræðisaldri eftir að hafa verið eftirlýstur í fjörutíu ár. Það er eiginlega ótrúlegt að hann hafi lifað svona lengi á 19. öldinni og að hann hafi komist upp með allt sem hann framdi. Hann er gallagripur á þessum tíma og á skjön við samfélagið. Hann er ekki sá eini sem dansar á línunni, en hann er með þeim grófstu.“

Furðulegt nokk þá gefur saga Markúsar okkur einstakt tækifæri til að skoða stöðu kvenna á 19. öld. Barneignir hans gefa okkur þetta upplagða tækifæri. Og þá kemur þessi óvænta staðreynd í ljós að löggjafinn gerði sitt itrasta til að verja einstæðar mæður. Danski kóngurinn velti fyrir sér flotta-leiðum karla sem hvorki vildu viðurkenna faderni, léki vafi á því, né heldur standa straum af uppeldi barna sinna. Og hann tuktadi þá til. En hvernig var svo löggjöfin í framkvæmd? Um þetta tek ég nokkur dæmi af konum er eignuðust börn í lausaleik. Og hver voru ráð þeirra þegar karlinn vildi ekki gangast við barninu? Það er skemmtileg spurning.“

Gerir stólpagrín

Þessir Akureyringar er þriðja bókin í þessum bókaflökki. Um er að ræða úrval grínsagna um íbúa Akureyrar, bæjarins þar sem góða veðrið var fundið upp, eins og Jón orðar það. „Við erum óttalega grobbin hér á Akureyri yfir því að hér sé alltaf besta veðrið. Þá geri ég óspart grín að því og öðru sem bæjarbúar taka upp á. Ég vildi taka þessa bók saman sérstaklega vegna þess að nú eru Covid-tímar og þá fannst mér mikilvægt að vekja upp hlátur og bros.“

Vinsæl ævisaga Káins

Káinn, ævi og ljóð kemur svo út á ný, en að sögn Jóns seldist bókin upp allt of fljótt fyrir síðustu jól. „Hugmyndin að baki bókarinnar er svipuð og hjá Markúsi, að nota ævisöguna til að varpa ljósi á hið víðara samhengi, samfélagið sjálft. Þannig er saga Káins í senn saga skálds en einnig baráttusaga samfélags Vestur-Íslendinga undir lok 19. aldar og fram yfir 1930. Sjónarhornið er Káins, sem tók þátt í öllu, en stóð þó ávallt á hliðarlínunni og henti gaman að og kvad visur.“

Þá segir bókin frá baráttumálum Íslendinga í Vesturheimi, en þeir deildu um alla skapaða hluti. Til dæmis var mikið deiluefni hver átti að reisa styttuna af Jóni Sigurðssyni og hvort ætti að reisa landnemunum minnisvarða. Einnig var deilt um hvort Vestur-Íslendingar væru Íslendingar eða Kanadamenn, svo ekki sé minnst á trúmálin sem gátu hitað menn mjög og jafnvel klofið heilu fjölskyldurnar í herðar niður. Það er mjög gott að nota form ævisögunnar til að ná þessu víða sjónarhorni og Káinn er fullkominn í þetta hlutverk, til að rekja þessa sögu í gegnum hann og varpa ljósi á allt sem á gekk.“ ■

Bókaðu gleðileg jól



Súper Viðstöð
Klara er fjörug og uppátækjasöm stúlka. Hún á stundum erfitt með að einbeita sér og truflast auðveldlega. Með aðstoð frá Súper Vittrænni og afa sínum lærir Klara að nota núvítundaræfingar og jóga til að róa hugann og fær um leið útrás fyrir hreyfipörfina.

3.299 kr.



Dagbók Kidda klaufa 15
Fjölskylda Kidda leggur upp í langt ferðalag á húsbíl. Eins og oft gerist hjá fjölskyldunni gengur allt á afturfótunum. Má líka segja að mikið vatnsveður einkenni þetta ferðalag enda allt á bólakafi! Bækurnar um Kidda klaufa eru metsöluþækur um allan heim.

3.299 kr.



Bókin sem vildi ekki láta lesa sig
VARÚÐ!! Þetta er bók sem í prakkaraskap sínum beitir ólíklegustu brögðum til þess að vera látin í friði.

Óvenju líflæg, þrjúsk og algerlega töfrandi myndabók skrifuð eftir David Sundin.

2.999 kr.



Heimabaránn - Kokteilaþók
Sannkallaður dýrgripur fyrir alla sem hafa gaman af að lifga upp á tilveruna með kræsilegum kokteilum.

Í bókinni má finna 63 uppskriftir að fjölbreyttum kokteilum, 19 uppskriftir að heimagerðum sírópum og líkjörum auk fróðleiks um baráhöld, glös og fleira.

5.699 kr.



Veði, von og væntingar
Hér er komin hin fullkomna bók fyrir laxveiðifólkið! Í bókinni er farið vel yfir ólíka veiðitækni og farið nákvæmlega yfir það hvernig setja eigi í og landa laxi. Þá eru í bókinni meira en 50 ómissandi flugur og að sjálfsgöðu fylgja veiðisögur, mátulega ýktar.

6.199 kr.



Bestu gamanvisurnar
Ragnar Ingi Aðalsteinnsson hefur undanfarin ár safnað saman úrvalsvisum af ýmsum toga sem eiga það sameiginlegt að vera fyndnar, frumlegar, furdulegar eða allt þetta. Sumar visurnar leika á hvers manns vörum, aðrar eru alveg nýjar og óbitar.

2.999 kr.



Briet
Með útgáfu þessarar bókar hvetur textahöfundurinn Briet okkur til að koma orðum okkar á blað.


Minnisbók þar sem Briet deilir með okkur sýnishornum úr hennar eigin minnisbók sem hún skilur aldrei við sig.

3.999 kr.



DÆS
Árið 2020 var ótrúlegt ár. Lóa Hjálmtýsdóttir, sem aldrei stendur við áramótaheit, ákvað að teikna eina mynd á dag á árinu á tilraunastofu sinni. Myndirnar 366 spegla sameiginlega reynslu samfélags í samkomubanni – og við megum leyfa okkur að hlæja smá.

7.999 kr.



Dagbók urriða
Ólafur Tómas Guðbjartsson hefur staðið við bakkann með veiðistöng í hönd við hvert tækifæri síðustu 30 ár og nú miðlar hann fróðleik sínum í nafni Dagbókar urriða, meðal annars í sjónvarpsþáttum og hláðvörpum. Bók þessi er óður Ólafs til veiðinnar og náttúrunnar.

5.399 kr.



Fjallamenn
Stórvirkið *Fjallamenn* eftir Guðmund Einarsson frá Miðdal kemur nú fyrir sjónir lesenda endurútgöfin en hún kom fyrst út árið 1946. *Fjallamenn* inniheldur ferðapætti frá byggðum og óbyggðum Íslands, meðal annars af hinum dulrömmu slóðum útilegumanna, glitrandi snæbreiðum Suðurljökla og gosstöðvum Grímsvatna.

4.999 kr.



Jólainnkaupin
hafa aldrei verið eins leikandi létt. Þú færð jólabækurnar á netto.is

Með því að nýta þér netverslun Nettó sparar þú þér tíma í jólaamstrinu. Nýttu tímann frekar í að lesa góða bók. Úrval bóka er mismikið eftir verslunum.

nettó
Lægra verð - léttari innkaup



Hljómar á blómaskeiðinu.

Sjokk að fá alla þessa athygli

Ómar Valdimarsson blaðamaður hefur ritað lífssögu Gunnars Þórðarsonar. Bókin er nýkomin út og hér má lesa brot úr fyrstu köflum bókarinnar en þeir nefnast Bítl og Progg.

Stóra bomban sprakk svo á „bitla-tónleikum“ í Háskólabíói í Reykjavík 4. nóvember 1964. Félag ungra jafnaðarmanna í höfuðstaðnum hafði safnað helstu unglingahljómshljómsveitum landsins saman á eina tónleika. Þetta voru hljómshljómsveitirnar Gosar, Sóló, Dúmbó og Steini, Tónar & Garðar og Hljómar. Kynnir var Haukur Mortens. Tveimur dögum síðar sagði Morgunblaðið frá tónleikumunum:

Út yfir allan þjófabálk tók þó, þegar hinir háprúðu Keflvíkingar birtust. Þá urðum við vitni að atburðum sem okkur hefði aldrei órað fyrir að gætu átt sér stað hér á landi. Kannski er hægt að lýsa því með einu orði: múgsefjun. Þestir gátu tollað í sætumum og þegar framinn tók að flykkjast að leiksviðinu til þeirra, fór sumum hinna eldri ekki að standa á sama. Svíðsframkoma Keflvíkinganna var mjög örugg og samstillt, þeir ráfuðu um sviðið í takt við músikina, hrístu höfuðin öðru hverju og tókst, sem fyrr segir, að hrífa unglíngana með sér á þann hátt að undir lokin þurftu lögregluþjónar og fimm filefldir jafnaðarmenn, að raða sér upp fyrir framan þá á sviðinu til þess að varna fram-sókn ójafnaðarmannanna.

Svipaðar frásagnir voru í öðrum Reykjavíkurbloðum. Alþýðublaðið sagði að á tónleikumunum hefði bítelmanían verið í algleymsi:

Undir sumum lögunum varð hávaðinn svo mikill að allt ætlaði um koll að keyra. Stóðu unglíngarnir þá upp í sætum sínum, veifuðu yfirhöfnum og fleygðu þeim upp í loftið. Á tímabili varð leikur hljómshljómsveitarinnar vart greindur. Ekki kom þó til neinna alvarlegra óláta.

Ekkert þessu líkt hafði áður gerst á landinu. Eftir þetta hafði engin hljómshljómsveit roð við Hljómum. Þeir voru hinir einu er líktu eftir fyrirmyndunum eins og best þeir gátu og spiluðu bítlalög af krafti og öryggi, bötnuðu með hverju balli og sjálfsöryggið fór vaxandi eftir því sem áheyrendur samsömuðu sig meira með hljómshljómsveit og tisku. Magnús Kjartansson orðar það svo að Hljómar hafi verið pönkarar síns tíma „sem mín kynslóð tók

En það sem gerði ...lifun að góðri plötu var að við æfðum frá 10 til 5 alla daga vikunnar þegar við vorum að undirbúa hana.

mjög alvarlega sem sína fulltrúa í því umróti sem maður upplifði að væri þá. Sem kemur oftast upp í hausinn á manni: er þessi upplifun ekki bara upplifun allra unglínga, alltaf?“

Þeir trúðu þessu varla. „Það var sjokk að fá alla þessa athygli – en jafnframt rosalega spennandi. Þegar ég horfi til baka átta ég mig á því að skemmtilegasti tíminn til að vera í hljómshljómsveit var þetta tímabil með Hljómum,“ segir Gunnar. „En það var ekki alltaf auðvelt. Við vorum rosalega feimnir, sérstaklega við Rúnar. Þetta var algjört undur fyrir okkur og við vissum varla hvernig átti að taka þessari ótrúlegu velgengi – áttum við þetta raunverulega skilið? En við reyndum að halda okkur við jörðina. Auðvitað vorum við ánægðir en þetta var allt frekar óraunverulegt. Hvort við vorum góðir ræddum við aldrei, en ég held okkur hafi þótt við vera ókei. Það má hins vegar ekki gleyma því að við komum upp úr músíkheimi þar sem allt gekk út á að stæla aðra. Það var enginn að semja músík af þessu tagi í Keflavík eða á Íslandi almennt – það var að minnsta kosti ekki mikið um það, þannig að meginhluti prógrammsins var alltaf eftir aðra.“


Ókyrrð

Viðvarandi ókyrrð einkenndi Trúbrot þau fjögur ár sem hljómshljómsveit in starfaði. Gunnar Jökull og Karl Sighvatsson gengu úr hljómshljómsveitinni og í hana aftur að minnsta kosti tvisvar og Shady hætti um tíma. Á tímabilinu maí 1969 til mars 1973 breyttist Trúbrot alls sjö sinnum. Kjarninn var hins vegar alltaf hinn sami: Gunnar og Rúnar. Hvorugum þótti alltaf gaman. „Það var strax greinilegt í Trúbroti að við ólumst ekki upp saman, eins og í Hljómum,“ segir Gunnar. „Þetta var öðruvísi stémning. Trúbrot var yfirleitt vinsæl hljómshljómsveit og okkur samdi ágætlega, en svo bara einn daginn dó hún. Það var



Gunnar Þórðarsson og Ómar Valdimarsson með fyrstu eintökin af bókinni.

MYND/ADSEND



Bókarkápa bókarinnar um Gunnar Þórðarson þar sem hann fer yfir óvenjulega lífssögu sína og segir söguna eins og hún var.

mikið af hæfileikafólki sem fór þar í gegn, sérstaklega Gunnar Jökull. Að hafa svona góðan trommara gerði þetta að allt öðru bandi en ég hafði verið í áður – Jökullinn var ekki bara trommari, hann var músík-arkitekt og mjög liðtækur við útsetningar. Það var mjög gaman að vinna með honum, sérstaklega þegar við vorum að gera ... lifun. En þegar það var búð þá var hann eiginlega búinn að fá nóg.

Partur af kúltúrnum

Í endurminningum Rúnar Júlíussonar frá 2006 er eftir honum haft að mannbreytingarnar og breytt stílbrigði í Trúbroti hafi ekki endilega verið óeðlileg. Flestir sem þar komu að hafi verið „miklir skapmenn og skoðanaskiptin gátu orðið hvöss í samræmi við það“. En það voru ekki aðeins skoðanaskipti og skapmenn sem stóðu Trúbroti fyrir þrifum. Í samtali við Svein Guðjónsson blaðamann á Morgunblaðinu 1985 var Gunnar ómyrkur í máli um hvað það var sem hafði mest og verst áhrif á starf hljómshljómsveitarinnar. Hann var þá farinn að vera með eigin hljómshljómsveit á Broadway og síðar á Hótel Íslandi.

„Óregla hefur lengi lodað við hljómshljómsveit, bæði brennivín og dóp, og margur góður drengurinn hefur farið illa út úr þessu. Þetta stafaði í og með af því, að menn þurftu að vera hressir fyrir framan fólkið, kannski kvöld eftir kvöld og þá var freistandi að fá sér í glas og svo seinna í pipu eða nös, eftir að sá „kúltúr“ var kominn upp. En þetta hefur breyst mikið, að minnsta kosti hjá okkur „eldri“



Forsíða á Vikunni 1972 kom öllu í uppnám hjá hljómshljómsveitinni.

mönnum í bransanum, og ég verð að segja alveg eins og er, að það er allt annað líf að vera með „streit“ band eins og núna. ... Í Trúbroti varð að ræða alla hluti fram og til baka og allir þurftu að vera samþykkrir. Þetta var tíma-freki og afraksturinn eftir því, lélegar plötur, nema ...lifun. En það sem gerði ...lifun að góðri plötu var að við æfðum frá 10 til 5 alla daga vikunnar þegar við vorum að undirbúa hana. Allt annað sem við gerðum var með hangandi hendi, í hassvímu. Á tímabili leið mér beinlínis illa í þessari hljómshljómsveit. Mórallinn var oft fyrir neðan allar hellur og hver höndin upp á móti annarri. Í þá daga var það oft þannig að allir vildu ráða, hljómshljómsveitin var hópur þar sem allir áttu að geta komið sínu fram. En sannleikurinn er sá að þetta gengur bara ekki svoleiðis.“

Bannið

Óreglan var ekki einkamál hljómshljómsveitarinnar. Um það bil sem fyrsta plata sveitarinnar, Trúbrot, var að koma út, bást af því fréttir að liðsmenn sveitarinnar hefðu verið gripnir með hass. Fikni-efnaneysla ungs fólks, gjarnan í kringum skemmtanabransann, var þá tiltölulega nýlega farin að verða áberandi – svo nýlega, að enn voru ekki til lög í landinu sem bönnuðu neyslu eða umsýslan efna af þessu tagi; þau lög voru sett árið eftir, 1972. Þessar fréttir urðu til þess að Trúbrot var sett í bann í Tónabæ og Stapanum. Sennilega hefðu þessar fréttir dáið drottinn sínum fyrr en varð, fyrir þá sök að í ársbyrjun 1972 birtist forsíðumynd af hljómshljómsveitinni í Vikunni, sem þá var víðlesið vikurit, undir yfirskriftinni: „Já, við reyktum marijuana.“

... Þessi uppákoma var líkleg til að hafa áhrif á rekstur hljómshljómsveitarinnar. Hún var beinlínis bönnuð á einum skemmtistað í höfuðborginni og Samband vinveitingahúsa mæltist til þess við veitingamenn að Trúbrot fengi ekki að spila hjá þeim á meðan málið var í algleymsi. Þetta voru vitaskuld vonbrigði fyrir liðsmenn sveitarinnar, „eiginlega óskiljanlegt,“ sagði Gunnar í Viku-viðtalinu. „Við höfum ekki gert neitt sem gengur í berhögg við lögin, en samt erum við stimplaðir sem ótíndir glæpamenn og skúrkar, á meðan illmennum eins og þeim sem fleka smábörn og þaðan af verra er hlíft á allan hugsanlegan hátt af ríkisvaldinu.“

... Hlutur Engilberts Þegar ferillinn er allur skoðaður er niðurstaðan sú að ferill Trúbrots hafi verið nokkuð rokkandi með talsverðum hæðum og lægðum. Hljómshljómsveitin starfaði á miklum umbrotatímum í samfélaginu sem aftur lýstu sér í tíðum mannbreytingum og svo væntanlega þeirri óreglu sem Gunnar lýsir hér að framan. Fyrsta platan, Trúbrot, var býsna sundurlaus og of misjöfn að gæðum, bæði hvað varðar efnisval og flutning, einkum söng. Það hafði þó verið ein af forsendum stofnunar sveitarinnar – að sameina óvenju kröftugan hljóðfæraleik Flowers og raddirnar úr Trúbroti. Það tókst ekki alveg. „Shady var þarna og við skánuðum aðeins við það,“ segir Gunnar, „en Engilbert var ekki með. Ef hans rödd var í harmóníunni þá hljómaði söngurinn alltaf miklu betur. Hann hafði þennan hæfileika, hafði þetta í sér. Þegar kom að Mandala, síðustu plötunni okkar, þá sóttum við Engilbert. Það munaði miklu.“ ■

NÝ RÍKISSTJÓRN – NÝTT ÞRÍEYKI!



5.

Metsölulisti
Eymundsson
Innbundin
skáldverk



„Meistaraverk ... sennilega
besta íslenska spennubókin
í ár.“

Steinþór Guðbjartsson,
Morgunblaðinu



1.

Metsölulisti
Eymundsson
Allar
bækur



Steinþór Guðbjartsson,
Morgunblaðinu

„Bók sem grípur lesandann
heljartökum. ... glæsilega fléttuð
svo tíminn hreinlega hverfur í
höndum lesandans.“

Björn Þorláksson,
Fréttablaðinu



Tilnefnd til Blóðdropans sem
besta íslenska glæpasagan



3.

Metsölulisti
Eymundsson
Innbundin
skáldverk



Steinþór Guðbjartsson,
Morgunblaðinu

„... geirneglir lesandann frá
fyrstu síðu. Engin leið að leggja
bókina frá sér.“

Björn Þorláksson,
Fréttablaðinu

Þriðja besta íslenska skáldsaga
ársins að mati bóksala!

ÞETTA ER BÓKIN!



MYND AF MANNI

ÆVISAGA SIGURÐAR ÞÓRARINSSONAR
EFTIR SIGRÚNU HELGADÓTTUR




„Allt við þetta mikla ritverk hrífur, efnistöð við ritun sögu Sigurðar Þórarinnssonar og sjálft bókverkið, sem er markvisst og fagurlega myndskreytt.“

Íslensku bókmenntaverðlaunin, flokkur fræðibóka og rita almenns efnis. Úr rökstuðningi tilnefninganefndar.



„Höfundur fer með lesandann í heillandi ferðalag upp á jökla, í gegnum öskulög og inn í kvikuhólf í fylgd með vísindamanninum, söngvaskáldinu og náttúruverndarsinnanum Sigurði.“

Fjörverðlaunin, flokkur fræðibóka og rita almenns efnis. Úr rökstuðningi tilnefninganefndar.



Leo Tolstoy, rússneski rithöfundurinn, les hér fyrir barnabörnin sín um aldamótin 1900. Bækur hans eru mikið lesnar enn í dag. FRETTLAÐIÐ/GETTY

Bækur breyta fólki

Góðar bókmenntir geta breytt lífi fólks, þær geta breytt hugsunarhætti lesandans og hvernig hann skilur sjálfan sig og aðra.

elin@frettabladid.is

Fólk getur fengið nýja sýn á manneskju sem það þekkir við það að lesa bók. Það getur líka séð eigin reynslu í nýju ljósi. „Við höfum vitnisburð fólks um þá fullyrðingu að lestur bóka geti breytt lífi lesandans,“ segir Olivia Da Costa Fialho, doktor við háskólann í Ósló, en hún hefur rannsakað bókmenntir og lestrarupplifun. Með rannsóknum hefur hún skoðað áhrif bókmennta á huga fólks.

Allt frá fyrstu heimspekingum, eins og Aristótelesi og Platón, hefur verið bent á að listir hafi áhrif á tilfinningar. Í Lýðveldinu eftir Platón voru skáld rekin úr hinni fullkomnu borg þar sem óttast var að skáldin gætu haft áhrif á viðhorf og tilfinningar fólks. Leikrit um harmleik gæti til dæmis vakið ótta eða meðaumkun. Þannig hefur verið rætt um kraft bókmennta í þúsundir ára, eftir því sem Fialho segir á vefsíðunni forskning.no.

Í stað þess að einblína á ólíkar hlíðar texta, eins og margir bókmenntafræðingar gera, hefur Fialho beint áhuga sínum á upp-

lifun lesandans. Hún hefur þróað rannsóknarmeðferð sem kallast LEX-NAP. Hún biður þátttakendur að lesa sérstakar smásögur eða stuttan texta og tekur viðtöl um reynslu þeirra.

Fialho hefur í nokkur ár tekið saman lista yfir sigildar bækur sem lesendur telja að hafi breytt þeim.

Má þar nefna:

- Albert Camus – The Stranger (Útlendingurinn)
- Leo Tolstoy – Anna Karenina
- Alison Bechdel: Fun Home - A Tragicomic Family Story
- Margaret Atwood - The Maid's Report (Saga þernunnar)
- Anne Carson – Red Doc
- John Steinbeck - The Grapes of Wrath (Þrúgur reiðinnar)
- Ivan Turgenev – Father & Sons
- Mario Vargas Llosa - Conversation in the cathedral

Þetta eru allt bækur sem þykja góðar bókmenntir, segir Fialho. „Ég held að aðrar listgreinar, eins og að horfa á málverk, kvikmynd eða hlusta á tónlist, geti haft sama kraft,“ segir hún. „Þegar við lesum bækur er algengt að við hugsum til eigin minninga, skiljum hvað persónurnar ganga í gegnum með því að minnast svipaðra aðstæðna úr eigin fortíð,“ segir hún og bætur við að lestur geti líka haft áhrif á sköpunargáfu og málvitund. ■

Barnabókaverðlaun Reykjavíkur

starri@frettabladid.is

Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar eru veitt árlega síðasta vetrardag ár hátíðlega athöfn í Höfða. Verðlaunin eiga sér lengsta sögu barnabókaverðlauna á landinu og er helsta markmið þeirra að vekja athygli á því sem vel er gert í bókaútgáfu fyrir unga lesendur og hvetja þá um leið til bóklesturs.

Verðlaunin eru veitt í þremur flokkum, í flokki frumsaminnna bóka, flokki myndlýsinga og flokki þýðinga, og eru samtals fimmtán bækur, fimm í hverjum flokki, tilnefndar.

Í ár voru verðlaunahafar Snæbjörn Arngrímsson fyrir frumsamda bók, Dularfulla stytta og drengurinn sem hvarf, Freydis Kristjánsdóttir fyrir myndlýsingu í bókinni Sundkýrin Sæunn og Jón St. Kristjánsson í flokknum þýðingar fyrir Ötrúleg ævintýri Brjálinu Hansen 3.

Barnabókaverðlaunin og verkefni þeim tengd eru unnin í samvinnu skóla- og frístundaráðs



Verðlaunahafar Barnabókaverðlauna Reykjavíkurborgar 2021.

MYND/REYKJAVIKURBORG

og menningar-, íþrótta- og tómsundaráðs Reykjavíkurborgar í Bókmenntaborginni Reykjavík, til að efla enn frekar áhuga barna á bókum og bóklestri.

Dómnefnd Barnabókaverðlauna Reykjavíkurborgar er skipuð fimm fulltrúum sem skipaðir eru af skóla- og frístundaráði, Reykjavík bókmenntaborg UNESCO, Rithöfundasambandi Íslands og Fyrirmynd, félagi myndhöfunda.

HEIMILD: REYKJAVIK.IS.

Barnabækur í úrvali



Kynjadyr í Buckinghamhöll
Alfred prins, lasburða tólf ára drengur, hefur aldrei kynnst lífinu utan Buckinghamhallar. Ill öfl eru að verki og hann verður að berjast við konung kynjadyrana – sjálfan grýfoninn. Hér er David Walliams í essinu sínu. Þessi bók sat lengi í efsta sæti bóksöluhluta í Bretlandi.

2.999 kr.



Verstu foreldrar í heimi
Tommi er í þann mund að leysa stærsta mál sinnar kynslóðar. En einhverjir stunda blekkingarleiki. Gabba, svindla, ljúga, snuða. Þess vegna þarf hann að vera á varðbergi gagnvart því eina sem gæti felst hann: klækjabrógðum!

2.799 kr.



Kennarinn sem kveikti í
Nýr afleysingakennari tekur við BÖ-bekknunum eftir ógurlegar hremmingar síðustu mánaða. Þegar krakkarnir eru sendir í dularfullan ratleik í mannlásum skólanum læðist að þeim óþægilegur grunur og ymsar spurningar vakna.

3.498 kr.



Litir: Fyrsta bókin mín
Tölur: Fyrsta bókin mín
Róbert og hressu hvolparnir í Hvolpasveitinni skoða lit og tölur.

2.199 kr.



Jólásvinið
Jack á sér uppáhaldsleikfang – litið tuskusvín. Svinið hefur fylgt honum alla tíð, í gegnum súrt og sætt. Þangað til aðfangadagskvöld eitt að hið hræðilega gerist: svinið týnist. En jólanótt er tími kraftaverkanna, nóttin þegar allir hlutir geta lifnað við – jafnvel leikföng.

3.999 kr.



Frírikið
Í Frírikinu hennar Öllömmu er allt óvenjulegt venjulegt og leiðinlegt skemmtilegt. En mitt í gleði og galsa Frírikisfaðmings lenda Allamma og krakkarnir Asili, Alex, Bella og hundurinn Frændi skyndilega í baráttu um það verðmætasta í öllum heiminum.

3.999 kr.



Spæjarahundurinn
Hvað eftir annað hefur Spæjarahundurinn aðstoðað lögregluna víða um heim við að leysa hin erfiðustu mál og koma þjófum og bófum á bak við lás og slá. Og nú er hann staddur í Bjartabæ til að elta við glæpamenn sem vilja ráða yfir öllum heiminum.

3.999 kr.



Suðurgötusysturnar og leyndardómurinn um yfirgefna hundakúkin
Abelína, Karólína og Rósalína eru ekki dæmigerðar ömmur. Þær búa með Markúsi, barnabarni Abelínu, og deila með honum óvenjulegu áhugamáli; að leysa ráðgátur. Hver á hundinn sem kúkar fyrir utan dyr nágrannakonunnar á hverjum degi – og skilur hann eftir?

2.999 kr.



Hjartað mitt
Hjartað mitt litla er heimur, einn himinviður geimur.

Sem **hjóðfæri** hjarta mitt er sem leikur á líðan mín hver.

Ljóðabarnabók í þýðingu Hallgríms Helgasonar.

3.899 kr.



Fótbolti – allt um hinn fagra leik
Viltu fá að vita allt um fótboltann? Hér er farið yfir allt sem viðkemur fótboltanum, frá uppruna leiksins til upplýsinga um öll helstu mót heims og um bestu liðin. Nauðsynlegt upplýsingarit fyrir alla sem hafa áhuga á þessari vinsælustu íþrótt jarðar!

4.398 kr.



Jólainnkaupin
hafa aldrei verið eins leikandi létt.
Þú færð jólabækurnar á netto.is

Með því að nýta þér netverslun Nettó sparar þú þér tíma í jólaamstrinu. Nýttu tímann frekar í að lesa góða bók. Úrval bóka er mismikið eftir verslunum.

nettó
Lægra verð – léttari innkaup

Langlíft ástarsamband við bókina

Margrét Kjartansdóttir varð snemma mikill bókaormur og les að jafnaði rúmlega 70 bækur á ári. Undanfarnin ár hefur hún mest lesið skáldsögur á ensku, þótt íslenskum og þýddum bókum hafi fjölgað á listanum.

starri@frettabladid.is

Frá því móðurafi Margrétar Kjartansdóttur, lögfræðings úr Reykjavík, kenndi henni að lesa fimm ára gamalli, hefur bóka-lestur verið uppáhaldsafþreying hennar. „Þessi lestrarættir var sennilega ein besta gjöf sem ég hef fengið um ævina og ég hef varla stoppað síðan. Í sex ára afmælinu mínu fannst mér góð hugmynd að ég væri með upplestur úr Jóni Oddi og Jóni Bjarna fyrir hin börnin. Atriðið fékk svo vægt sé til orða tekið ekki góðar undirtektir.“

Tíður gestur á bókasafninu

Margrét ólst upp í Bústaðahverfinu í Reykjavík og var bókasafn í innan við 500 metra fjarlægð frá heimili hennar, þar sem hún var tíður gestur. „Á þeim tíma starfaði bóka-vörður á safninu sem var ekki að amast við því að krakkarirnir sem vorum fastagestir tækjum fleiri bækur en heimilað var, eða að við værum að taka bækur úr fullorðinsdeildinni. Ég man reyndar eftir örliðu hiki þegar ég, tíu ára gömul, fékk að láni Austan Eden eftir John Steinbeck. Bókin varð strax í uppáhaldi hjá mér þó að ég, kannski sem betur fer, áttaði mig ekki alveg á öllu sem þar var lýst. Ég er þessum bókaverði mikið þakklát og held að aðgengi að bókinni og frelsi til að velja og feta sig áfram eigi stóran þátt í hversu mörg okkar, sem ólumst upp í hverfinu eigum enn í ástarsambandi við bókina.“


Létt að fylgjast með

Netið hefur gert það verkum að nú er auðveldara að fylgjast með því sem er að gerast í heimi bókmenntanna, segir Margrét. „Þegar ég er að velja lesefni skoða ég til dæmis hvaða bækur hafa verið tilnefndar til verðlauna, svo sem Íslensku bókmenntaverðlaunanna, Booker, Women's Literary Prize og National Book Awards. Ég skoða einnig hvað fræga fólk, til dæmis Oprah Winfrey, Reese Witherspoon og nú síðast Camilla Parker Bowles, mælir með í bóka-klúbbunum sínum og svo að sjálf-sögðu hvað vinir mínir eru að lesa og hverju þeir mæla með.“



Margrét Kjartansdóttir hefur verið mikill lestrarhestur frá fimm ára aldri.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Nokkrar uppáhaldsbækur Margrétar: Góði dátinn Svejk, Bróðir minn Ljónshjarta og The Elegance of the Hedgehog.

Undanfarnin tvö ár hefur hún lesið 73 bækur á ári og er nú komin í 66 bækur í ár að hljóðbókum meðtöldum.

Dostojevskí í miklu uppáhaldi

Hún segist lesa mest skáldsögur og þá aðallega á ensku. „Ég hef þó

á síðustu árum verið að bæta inn bókum sem annað hvort eru skrif- aðar eða þýddar á íslensku. Mér þykir fátt ánægjulegra en að lesa góðan texta á eigin tungumáli.“

Ákveðnar bækur eru í meira uppáhaldi en aðrar hjá henni og eru þá lesnar aftur með reglulegu

millibili, til dæmis Stríð og friður, Frankenstein, Góði dátinn Svejk og Elegance of the Hedgehog. „Fyrstu uppáhaldsrithöfundar mínir voru Guðrún Helgadóttir, Astrid Lindgren, Charles Dickens, John Steinbeck og Agatha Christie. Um og eftir tvítugt bætt-

“ Bókin veitir einhverja afslöppun og velliðan hvort sem ég les eða hlusta. Mér líður aldrei eins og ég hafi varið tíma mínum illa þegar honum hefur verið eytt í lestur en fæ þá tilfinningu hins vegar oft þegar horft er á sjónvarp og undantekningalítið þegar ég dett í svarthol samfélagsmiðla.

ust svo í þennan hóp Tolstoy og Dostojevskí og held ég reyndar að frábærar þýðingar Ingibjargar Haraldsdóttur hafi spilað stóran þátt í dálæti mínu á hinum síðar-nefnda.“

Spennandi bækur á hliðarlínunni

Þessa dagana er Margrét að lesa Crossroads eftir Jonathan Franzen og lofar hún góðu að hennar sögn. „Samhliða því er ég að lesa jólaspennusögur eftir Agóthu Christie, sem á að sjálf-sögðu mjög vel við á þessum árstíma. Þá biður vinningshafi Booker verðlaunanna, Damon Galgut, með bók sína The Promise, ásamt The Lincoln Highway eftir Amor Torres, bók Lauren Groff sem nefnist The Matrix og nýjasta bók Anthony Doerr sem heitir Cloud Cuckoo Land. Af nýjum íslenskum bókum er ég spennust fyrir bókum Arnaldar Indriðasonar og Friðu Ísberg.“

Afslöppun og velliðan

Þrátt fyrir alla þá afþreyingu sem er í boði í dag, til dæmis streymis-veitur, samfélagsmiðla og hlað-vörp, skipar bókin enn stóran sess í lífi Margrétar. „Bókin veitir einhverja afslöppun og velliðan hvort sem ég les eða hlusta. Mér líður aldrei eins og ég hafi varið tíma mínum illa þegar honum hefur verið eytt í lestur en fæ þá tilfinningu hins vegar oft þegar horft er á sjónvarp og undantekningalítið þegar ég dett í svarthol samfélagsmiðla, nema þegar verið er að skrifa um bækur. Kannski hefur uppeldið eitthvað að segja, en það var ekki til sjónvarp heima hjá mér fyrr en ég var komin á fimmta ár auk þess sem foreldrar mínir lásu einnig mjög mikið og áttu og eiga stórt bókasafn.“ ■

Hælið eftir Emil Hjörvar Petersen

„Mögnuð bók sem ég elskaði að lesa.“

Bergrún Íris, rithöfundur






„Hælið er afbragðsaffreying og má hiklaust mæla með henni fyrir spennufíkla.“

Ragnhildur Þrastardóttir, Morgunblaðið



Eitthvað fyrir alla!

Ævisögur, skáldverk,
fræðirit, barnabækur
og allt þar á milli!



SKRUDDA

skrudda.is
skrudda@skrudda.is

Heill heimur opnaðist með tungumálinu

Jakub Stachowiak er þriðgur Pólverji sem búið hefur á Íslandi í fimm ár. Hann er nemandi í ritlist við Háskóla Íslands og gaf í ár út ljóðabók á íslensku.

sandragudrun@frettabladid.is

Jakub flutti til Íslands árið 2016 og fór þá strax að læra íslensku í tungumálaskóla. Hann segir að það hafi tekið sig eitt ár að fara frá stigi núll yfir í að komast á það stig að geta hafið BA-nám í íslensku með öðru máli í HÍ. Jakub lauk því námi í haust og hefur hafið MA-nám í ritlist við sama skóla. Hann segir að honum finnst alls ekki erfitt að semja ljóð á öðru tungumáli en móðurmálinu.

„Mér finnst það spennandi og frelsandi einhvern veginn. Það eru margir möguleikar í því að yrkja á öðru tungumáli. Ég byrjaði að skrifa ljóð mjög ungur og þá skrifaði ég á pólsku, svo hætti ég að skrifa og skrifaði ekkert eða hugsaði um skáldskap í alveg tíu ár. Ég fann svo aftur leið inn í skáldskapinn í gegnum íslensku. Þetta er mjög nátengt, íslenskan og skáldskapur, í mínum huga,“ segir Jakub á mjög góðri íslensku.



Jakub Stachowiak les mikið af verkum eftir íslenska rithöfunda og gaf út bók á íslensku í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

TIL HAMINGJU RAGNHEIÐUR!



„... MJÖG GRÍPANDI OG SPENNANDI SAGA
... FLÉTTAN ÓVENJULEG OG ÁHUGAVERÐ ...“
- MB, BÓKMENNTAVEFURINN

GOODREADS STORYTEL



B
bókabeitan.is



Jakub fékk Nýræktarstyrk fyrir ljóðabók sína Næturborgir.

Í haust kom út eftir Jakub, ljóðabókin Næturborgir, þar sem hann yrkir á íslensku um áfall sem hann varð fyrir þegar hann missti ástvin vegna sjálfsvígs. Jakub fékk nýræktarstyrk Miðstöðvar íslenskra bókmennta fyrir ljóðabókina. Núna fyrir jólin kom svo út ljóðabókin Pólífónía af erlendum uppruna, þar sem einnig má finna ljóð á íslensku eftir Jakub.

„Bókin er safn ljóða eftir erlend skáld sem eru búsett á Íslandi eða hafa einhver tengsl við Ísland,“ útskýrir Jakub.

„Þetta er fjöltyngd bók sem Una útgáfuhús gefur út. Sumir höfundanna í bókinni skrifa á íslensku en sumir skrifa á frum málinu og ljóðin eru svo þýdd yfir á íslensku. Þetta er tvímála útgáfa. Skáldin eru frá ýmsum löndum, Brasilíu, Rússlandi, Póllandi og bara hédan og þaðan.“

Les mikið á íslensku

Jakub les mikið af skáldsögum eftir íslenska höfunda og er núna að klára að lesa Systu megin eftir Steinunni Sigurðardóttur. Hann segist aftur á móti ekki hafa lesið mikið af íslenskum bókmenntum áður en hann lærði íslensku.

„Það eru mjög fáar íslenskar bækur þýddar yfir á pólsku. Ég held að við séum bara með einn þýðanda. Ég man eftir að hafa lesið og skrifað framhaldsskólaritgerð um Skugga-Baldur eftir Sjón, sú bók var mjög vel þýdd á pólsku. En annars eru helst til þýðingar á vinsælum glæpasögum eins og eftir Yrsu og Arnald Indriðason.

PÓLÍFÓNÍA AF ERLENDUM UPPRUNA

LYNN

Bókin er safn ljóða eftir innflytjendum á Íslandi.

En ég er meira fyrir að lesa fagurbókmenntir.

Ég er mjög mikið fyrir íslenskan skáldskap og játa að ég les mestmegnis íslenska höfunda. Það opnaðist þess vegna alveg heill nýr heimur fyrir mig þegar ég lærði tungumálið,“ segir hann.

Aðspurður að því hvort það sé mikill munur á íslenskum og pólskum skáldverkum viðurkennir Jakub að hann lesi ekki mikið af pólskum nútímabókmenntum.

„Ég held að í íslenskum skáldskap sé náttúran meira áberandi. Ég held að Pólverjar skrifi ekki mikið um jökla eða norðurljós eða vetrarkulda. En ég er bara að giska, ég er ekki vel að mér í því. Pólland er gamalt land með langa og mikla sögu og það er skrifað mikið um hana,“ segir hann.

Auk þess að einbeita sér að náminu í ritlist er Jakub í óðaönn að kynna bækurnar sínar þessa dagana líkt og önnur skáld í jólabókavertíðinni.

„Ég er að lesa upp úr bókunum mínum hér og þar. Til dæmis núna á sunnudaginn verður viðburður í Norræna húsinu klukkan 15.00. Þar verða pólsk skáld að lesa úr verkum sínum. Það eru ég, Mao Alheimsdóttir og Kamila Ciolko Borkowska, við lesum á pólsku og íslensku og það verða pylsur og bjór í boði.“


Jakub tekur fram að viðburðurinn sé opinn öllum sem hafa áhuga á að hlýða á skáldskap og allir eru velkomnir. ■



ÍSLENSKAR DRAUGASÖGUR

Er þetta einungis vindurinn að berja á gluggann þinn? Er brakið í gólffjölunum ekkert annað en dragsúgur? Er þetta bara skuggi þarna í horninu? Eða er þetta kannski eitthvað ískyggilegra, eitthvað óhugnanlegra, eitthvað ekki af þessum heimi? Draugar, mörur, fylgjur, mórar, skottur og afturgöngur.

Þessar óvættir urðu ekki eftir í fortíðinni heldur eru hér enn og stundum stíga þær út úr myrkrinu. Í þessari bók má finna yfir 130 íslenskar draugasögur frá nútímanum.



VARÚÐ:
LESIST Í DAGSBIRTU

Góðhjarta ofurhetjur nýta krafta náttúrunnar

Höfundar myndasögu-bókanna um Landverðina fannst vanta íslenskar ofurhetjur. Í nýjustu bókinni birtist nýjasti meðlimur teymisins sem er Íra, en hún hefur ofurkrafta hins íslenska íss.

Nýlega kom út önnur bókin í myndasöguflökknum um Landvarðateymið, sem ber heitið Landverðirnir: Íra. Í fyrri bókinni voru Atlas, sem hefur krafta íslenska vatnsins, og Avion, sem hefur krafta íslenska vindsins, kynntir til sögunnar en nú bætist þriðja ofurhetjan við sem er Íra. Um er að ræða íslenskar teiknimyndasögur úr smiðju þeirra Dags Lárussonar, Úlfars Konráðs Svanssonar og Fannars Georgs Gilbertssonar, auk þess sem þeir nutu aðstoðar Ísoldar Ellingsen Davíðsdóttur við gerð nýju bókarinnar, en hún aðstoðaði Fannar við að lita bókina.

„Í þessari annarri bók um Landverðina fáum við að kynna henni Íru, sem virðist í fyrstu vera venjulega unglingsstelpa en reynist svo vera með ofurkrafta, krafta hins íslenska íss, en kann ekki að nota þá. Einn daginn hittir hún þá Atlas og Avion og eftir það verður líff hennar aldrei eins. Í kjölfarið þarf Íra að ákveða hver hún eigi að vera í raun og veru. Vill hún vera venjuleg unglingsstelpa eða nýjasti meðlimur Landvarðateymisins sem berst gegn Azar og Hamfara-teymi hans?“ segir Dagur.

Dagur og Úlfar eru rithöfundar bókanna en Fannar teiknar myndirnar.

Vantaði íslenskar ofurhetjur

Úlfar segir hugmyndaheim Landvarðanna fyrst og fremst spretta upp úr sameiginlegum nördaskap þeirra. „Okkur fannst Ísland vanta séríslenskar ofurhetjur sem væru með krafta sem tengdust mögnuðu íslensku náttúrunni. Ísland er meðal annars þekkt fyrir ísinn, eldinn og vindinn og þess vegna ákváðum við að leika okkur aðeins með það. En fyrst og fremst vildum við skapa ofurhetjur sem gera öðrum gott, ekki bara í bókunum, heldur líka í alvörunni og þess vegna létum við búa til búninga út frá karakterunum sem við höfum notað þegar við höfum farið til dæmis í heimsókn á Barnaspítala Hringins og fleiri staði.“

Ánægðir með viðtökurnar

Fyrsta bókin fékk virkilega góðar viðtökur að sögn Fannars og voru þeir mjög ánægðir með sölu hennar. „Við seldum á milli 400 og 500



Úlfar Konráð Svansson, Fannar Georg Gilbertsson og Dagur Lárusson eru höfundar Landvarðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Okkur fannst Ísland vanta séríslenskar ofurhetjur sem væru með krafta sem tengdust mögnuðu íslensku náttúrunni.

Úlfar Konráð Svansson

eintök af bókinni sem er nokkuð gott og það þýddi einmitt að við gátum gefið Barnaspítalanum hálfa milljón króna. Okkur fannst nefnilega skilaboðin okkar með þessum bókum og ofurhetjum vera þau að við viljum hvetja fólk til þess að gera öðrum gott, vegna þess að það er það besta sem við gerum. Núna stefnum við hins vegar á að selja fleiri bækur og við værum til í að geta gefið spítalanum heila milljón. Það væri algjör draumur, en til þess þarf auðvitað margt að ganga upp.“ ■

Hægt er að fylgjast með ævintýrum Landvarðanna á landverðirnir.is, á Facebook (Landverðirnir) og Instagram (landverdirofficial).



Dagur Lárusson með grimuna sem tilheyrir karakternum Avion úr bókum Landvarðanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Landverðirnir: Íra, er önnur bókin í flokknum um Landverðina.



MÁL OG MENNING
BÓKABÚÐ

Mikið úrval og gott verð. Kíktu við á Laugavegi 18.
Opíð alla daga frá klukkan 10–20.

Jólabókalisti Nettó


Topp 10



Sigurverkið

Íslenskur úrsmiður situr í höll Danakonungs og gerir upp forna glæsiklukku. Kvöld eitt rekst sjálfur einvaldurinn, Kristján sjöundi, inn til hans. Þeir taka tal saman og svo fer að úrsmiðurinn rekur fyrir hátigninni dapurlega sögu fôður sins og fôstru.

4.798 kr.



Lok, lok og læs

Á köldu vetrarsíðdegi fer nágranni að huga að fjölskyldu í Hvalfjarðarsveit sem ekki hefur svarað skilaboðum. Fólkið veit ekki aura sinna tal og hefur komið sér fyrir í afdal utan alfaraleiðar. Nágranninn sér ummerki um mannaferðir en enginn svarar. Hvað gerðist?

4.798 kr.



Útkall - í auga fellibylsins

Þrjú menn eru á leið frá Kanada til Íslands á lítilli skútu, á einu hættulegasta hafsvæði veraldar, þegar brestur á fárviðri. Tveir Íslendingar sem aldrei hafa kynnst siglingum áður, verða að liggja á gólfi káetunnar í ofsanum í tugi klukkustunda.

4.759 kr.




Veistu ef þú vin átt

Óveðursnött í nóvember. Fjórir vinir leita skjóls í litlum veiðikofa uppi á heiði. Margt er þó hættulegra en stórhrið um vetur. Og ekki munu allir komast lífs af.

Hér sýnir Ragnar Jónasson á sér nýja hlið í sannkölluðum sálfræðitrylli.

4.798 kr.



Guðni á ferð og flugi

Guðni Ágústsson er annálaður sagnamaður og einn vinsælasti tækifærisræðumaður þjóðarinnar. Í hugum margra er hann enn hinn eini sanni landbúnaðarráðherra Íslands - og um leið ótull talsmaður landsbyggðarinnar.

Hér fer Guðni með lesandann í ferðalag um hinar dreifðu byggðir Íslands.

4.999 kr.



Sextíu kíló af kjaftsiðgöngu

Sjálfstætt framhald verðlaunaskáldsögunnar *Sextíu kíló af sólskini*. Sagan hefst í Segulfirði, árið 1906. Áfram vindur furðuríku ferðalagi Íslendinga út úr myrkum torfgöngum inn í raflystar stofur. Lesandinn er hrifinn með í dans á síldarpalli, í ólgandi takti sem dunar í huganum.

4.799 kr.



Bílamening

Í Bílameningu eru 154 kaflar tileinkaðir bílum og bílamönnum. Hér eru bílar almennings, lögreglu og slökkviliðs; trukkar jafnt sem eðalvagnar, keppnisbílar, jeppar, vörubílar og húsbílar, svo fátt eitt sé talið.

Auk þess er fjallað um ýmislegt annað sem tengist bílum.

6.598 kr.



Rætur - Á æskulóðum minninga og mótunar

Rætur birtir nýjar hliðar á forseta sem flestir telja sig þekkja vel. Meitluð mynd, sannfærandi, hreinskilin og opinská. Hér leitar Ólafur Ragnar Grímsson upprunans og svara við fjölmörgum spurningum. Óvænt bók sem lengi verður lesin.

4.798 kr.



Bakað með Evu

Bakað með Evu hefur að geyma rúmlega 80 uppskriftir að bökunum góðgæti af öllum stærðum og gerðum sem henta við öll tilefni. Háar og tignarlegar veislutertur, ilmandi pönnukökur og vöflur, gómsætir brauðréttir og sætabrauð.

4.959 kr.



Læknirinn í Engla Verk Smíðjunni

Þegar Ásdís Halla Bragadóttir fór að forvitnast um fjölskyldu blóðföður síns var fátt um svör þegar hún spurðist fyrir um einn mann: Dr. Moritz Halldórsson. Af hverju stafaði þessi þögn um íslenskan lækni sem starfaði í Kaupmannahöfn og Vesturheimi?

4.798 kr.



Jólainnkaupin

hafa aldrei verið eins leikandi létt. Þú færð jólabækurnar á netto.is

Með því að nýta þér netverslun Nettó sparar þú þér tíma í jólaamstrinu.

Nýttu tímann frekar í að lesa góða bók.

Úrval bóka er mismikið eftir verslunum.

nettó
Lægra verð - léttari innkaup

Metár hjá Drápu

Það hefur verið vöxtur í útgáfu Drápu undanfarin ár og hún hefur aldrei verið meiri. Flestar bækurnar koma út núna fyrir jólin og þar eru á ferð fjölbreyttar, skemmtilegar og metnaðarfullar bækur fyrir bæði börn og fulloröna.

Þegar hús er tekið á Ásmundi Helgasyni, útgefanda hjá Drápu, er hljóðið nokkuð gott í honum. „Þetta gengur bara vonum framár,“ segir Ásmundur. „Við höfum verið að stækka undanfarin ár og nú jukum við útgáfuna talsvert á milli ára þannig að þetta verður metár hjá okkur. Við erum með 21 bók á þessu ári og þær koma flestar út núna í haust, fyrir jólavertíðina. Þó komu nokkrar bækur út í vor og ein þeirra, Bréfið, sló heldur betur í gegn. Mér sýnist hún ætla að verða mest selda kilja ársins.“

Af jólabókunum þá vil ég fyrst nefna Veiði, von og væntingar eftir Sigurði Héðinni. Þetta er einstaklega falleg bók og innihaldið fullkomnið fyrir laxveiðifólk,“ segir Ásmundur. „Svo erum við með Völu viking, sem lendir í ævin-

” Nú jukum við útgáfuna talsvert á milli ára þannig að þetta verður metár hjá okkur. Við erum með 21 bók á þessu ári og þær koma flestar út núna í haust, fyrir jólavertíðina.

týrum í Ásgarði ásamt vini sínum Breka dreka, en á bak við Völu eru tveir ungir og spennandi höfundar. Af þýddum bókum má líka nefna Son minn, einstaklega góða og margverðlaunaða bók frá Spáni eftir Alejandro Palomas. Þetta er hreinlega með betri bókum sem ég hef lesið og hún situr lengi í manni eftir lesturinn.“

En hvernig er stemningin í bóka-bransanum svona almennt?

„Það er náttúrulega ákveðin vertíðarstemning. Þetta er jú aðal sölutími ársins. Við förum gjarnan á taugum í byrjun desember og finnst salan „óvenju lengi í gang“ á hverju einasta ári. En svo þegar liður á mánuðinn og salan eykst þá róast hjartslátturinn,“ segir Ásmundur að lokum og hlær. ■



Ásmundur Helgason, útgefandi hjá Drápu, segir að útgáfan hafi vaxið hratt og þetta verði metár.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Drápa mælir með

Hjartað mitt

Ein fallegasta bók ársins í stórkostlegri þýðingu Hallgríms Helgasonar. Textinn er allur í bundnu máli og fjallar um þær stóru tilfinningar sem búa í hverju hjarta. Bókin sjálf er nánast í þrívídd og hjartað á kápunni gengur í gegnum alla bókina. Yndisleg bók til að lesa fyrir ungana sína.



Ísadóra Nótt fer í útilegu

Hún Ísadóra Nótt er alveg einstök! Hún er hálf vampíra og hálfur álfur. Mamma hennar er nefnilega álfkona og pabbi hennar er vampíra. Þegar þau fara í útilegu við ströndina gerast því auðvitað atburðir sem eru ekki alveg venjulegir. Allt frá því að grilla sykurpúða á báli til þess að vingast við hafmeyju – ævintýrin eru aldrei langt undan! Ingunn Snædal þýðir frábærllega.

Handbók fyrir ofurhetjur – 6. hluti: Vonlaust

Hér er kominn sjötti hluti eins vinsælasta bóka-flokks landsins. Lísu (Rauða gríman) og vini hennar standa frammi fyrir gríðarlega erfiðu máli. Sjö börn í viðbót hafa horfið sporlaust og fólk er bæði hrætt og reitt. Af hverju gera lögreglan og Rauðan gríman ekki neitt? Getur bærinn ekki stólað á ofurhetjuna sína? Lísu og félagar eru þó að vinna í leyni, en það er eitt-hvað sem gengur ekki upp. Það er engin önnur en Ingunn Snædal sem þýðir þennan æsispennandi bókaflökk.



Fótbolti – allt um hinn fagra leik

Stór og glæsileg bók þar sem farið er yfir nánast allt sem við kemur boltanum. Allt frá sögu fótboltans til stærstu leikvanga heims. Frá bestu landsliðum til allra álfumótanna. Það er of langt að telja upp allt það sem er í bókinni, en í stuttu máli sagt þá er þessi bók hin fullkomna jólagjöf fyrir fótboltastrákinn og -stelpuna.

Sonur minn

Sonur minn er ein af þessum skáldsögum sem sitja í lesandanum löngu eftir að lestri lýkur. Hún er allt í senn spennandi, hugljúf, áhugaverð og kemur auk þess verulega á óvart. Þetta er bók sem spilar á allan tilfinningaskalann. Sigrún Eiríksdóttir þýðir einstaklega vel og slær hárréttan tón í þessari fallegu bók eftir Alejandro Palomas.



Leyndardómurinn um yfirgefna hundakúkinn

Suðurgötusysturnar taka að sér að komast að því hvaða hundur það er sem skilur eftir stykki sín á hverjum morgni fyrir utan dyr nágrenna-konu þeirra. Þær sitja því við stofugluggann dag og nótt og komast þannig af tilviljun að því að það er verið að fremja bankarín hinum megin við götuna. Þá hefst fjórði fyrir alvöru. Þetta er alveg sprenglæðigleg bók fyrir 6-12 ára krakka, mátulega löng og hressilega þýdd af Ásmundi Helgasyni.




Veiði, von og væntingar

Höfundur: Sigurður Héðinn

Útgefandi: Drápa

Fjöldi síða: 144

Sigurður Héðinn sendir nú frá sér sína þriðju bók um laxveiði og slær ekki slöku við. Það má segja að bækurnar verði bæði fallegri og innihaldsríkari með hverri nýrri bók. Hér fjallar hann um veiðitækni eins og til dæmis að nota andstremmistækni, að landa laxi og að veiða í miklu vatni, svo eitt-hvað sé nefnt, atriði sem áhugafólk um laxveiði hreinlega dregur í sig. Þá er í bókinni einstaklega glæsilegur kafli um flugur þar sem Sigurður sýnir bæði þekktar flugur og nýjar, og hverri flugu fylgir uppskrift fyrir þá sem vilja hnýta sínar flugur. Sigurður veltir svo fyrir sér framtíð laxveiðinnar og örlögum íslenska laxins – og er óhætt að segja að hann liggur ekki á skoðunum sínum. Fjölbreyttar veiðisögur fylla svo bókina og draga lesandann hreinlega upp úr sófanum og niður að á, svo lýsandi og skemmtilegar eru þær. Í stuttu máli er óhætt að fullyrða að Veiði, von og væntingar sé akkurat eins og veiðibók á að vera! Eini gallinn er að maður vill fá meira að lestri loknum.



Vala vikingur og epli Iðunnar

Höfundur: Kristján Már Gunnarsson (texti)

og Sól Hilmarsdóttir (myndir).

Útgefandi: Drápa

Fjöldi síða: 42

Börn í dag fá upplýsingar um lífið og tilveruna úr öllum áttum. Til dæmis fá þau þær upplýsingar í gegnum kvikmyndir og tölvuleiki að Loki og Þór séu frá Hollywood eða Lego. Þess vegna eru bækur sem kynna heim goðafræðinnar fyrir ungum lesendum, eins og Vala vikingur, afar vel þegar. Í þessari bók tekur Vala vikingur, ásamt skipinu sínu Breka dreka, það sér fyrir hendur að hjálpa Iðunni, sem er á flotta undan þeim Loka og Þjassa, sem girnast gulleplin hennar. Nálgun höfundanna er frumleg og skemmtileg og Vala vikingur reynist hafa ráð undir rífi hverju. Það er gaman að sjá unga og snjalla stúlku vera óhrædda við að takast á við jafn sterka og freka karla og þá Loka og Þjassa og hafa betur. Textinn er mátulega langur og myndirnar stórskemmtilegar og því hægt að mæla með þessari frábæru bók fyrir alla unga krakka.




Kristján Már Gunnarsson er höfundur bókarinnar um Völu viking, en Sól Hilmarsdóttir myndskreytti.



Myndirnar í bókinni um Völu viking eru stórskemmtilegar og það er hægt að mæla með þessari frábæru bók fyrir alla unga krakka.

Þjóðararfurinn - Hátíðarútgáfa

Íslendingasögur og þættir
í nýrri og glæsilegri fimm binda heildarútgáfu



„Íslendingasögurnar eru úrvalsverk heimsbókmenntanna og fá enn nýtt líf í þessari vönduðu útgáfu Saga forlagsins. Þær hafa öllu öðru fremur skapað og styrkt vitund Íslendinga sem þjóðar við útmörk Evrópu og verið okkur siðferðislegur leiðarvísir og vísidómsbrunnur. Enn eru þær sístarfandi að mótun okkar og mikilvægi þeirra er augljóst á hvaða tímum sem er - og kannski sérstaklega nú á okkar dögum.“

Arnaldur Indriðason

„Oft er talað hátíðlega um sögurnar sem krúnudjásn íslenskrar menningar. Það má til sanns vegar færa en um leið eru þær fyrst og fremst óslítanleg ígangsklæði sem aldrei fara úr tísku. Hér er allt til staðar, dramatík, spennan, speki, húmor, djúpur mannskilningur og magnaðar stemningar. Íslendingasögurnar koma æ meir á óvart því oftar sem þær eru lesnar.“

Þórarinn Eldjárn

„Íslendingasögurnar bjóða okkur að setjast við fótiskör formæðra okkar og forfeðra þar sem við heyrum þau sjálf segja frá sigrum sínum og sorgum, vonum og ótta. Enn berst þaðan hvinur af sverðum og gustur hnífbeittra orða.“

Gerður Kristný

Ritstjórar útgáfunnar eru Aðalsteinn Eyþórsson, Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson.

Útgáfan er myndskreytt af dönsku listakonunni Karin Birgitte Lund.

Útgáfan er aðgengileg og læsileg, sögurnar 40 og þættirnir 51 eru á nútímastafsetningu og þeim fylgja ítarlegir formál- ar sem greiða götur um veröld sagnanna, vandaðar orðskýr- ingar, vísaskýringar og nafnaskrá auk greina og mynda sem varpa ljósi á húsakost og híbýli, skip og siglingar, vopn og verjur. Þá fylgir útgáfunni

sagnalykill sem nýtist þeim sem vilja skyggjast dýpra í sagnaheiminn, skoða sambærilega þætti í fleiri en einni sögu, hvort sem áhuginn beinist að bardögum og vígum, haugum, dysjum og helgum fjöllum eða útræði og hlunn- indum, afraunum og líkamsburðum eða draugum og reim- leikum, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Bækurnar fimm eru einstaklega vandaðir prentgripir.
Jólatilboð - Forlagsverð

SAGA
FORLAG

vinland@centrum.is • sími: 8322555 • 8937719



Guðmundur Felix varð í ár fyrsti maðurinn í heiminum til að gangast undir tvöfalda handleggja-ágræðslu við axlir. MYND/ BRYNJAR SNÆR PRASTARSON

Kókaín og kannabis alla daga

Í bókinni 11.000 volt – þroskasaga Guðmundar Felix, fær lesandinn sér sæti við hlið hans á þeirri rússíbanareid sem líf hans hefur verið. Aðeins 25 ára gamall missti hann báða handleggi í skelfilegu vinnuslysi, hinn 12. janúar 1998.

Baráttusaga Guðmundar Felix hefst hins vegar ekki á þessum örlagaríka degi því stór áföll hafa mætt honum frá fyrstu æviárum. Erla Hlynsdóttir skrásetur söguna svo úr verður mögnuð frásögn sem snertir allan tilfinningaskalann.

Hér má lesa brot úr bókinni: *Vinir mínir og félagar voru duglegir að heimsækja mig og ég eignaðist líka lítinn hund sem ég verð að viðurkenna að leit út eins og skítug moppa. Hann var aftegundinni silky terrier, feldurinn var afskaplega flókinn og ég nefndi hann því Flóka. Ég var ekki beint í aðstöðu til að geta dundað mér við að kemma hann til að halda feldinum góðum og því lét ég klippa hann reglulega. Flóki var um árgamall þegar ég fékk hann en hann vantaði nýtt heimili. Ég hef alltaf verið mikill dýravinnur og tel það algjör forréttindi að geta haft gæludyr í kringum sig. Mér þótti ógurlega vænt um Flóka og hann var mér sannarlega hvatning til að fara meira út að ganga. Ég hélt þá í tauminn með króknum og saman spókuðum við okkur í Kópavoginum.*


Þrátt fyrir að margt jákvætt ætti sér stað í lífi mínu var staðan engu að síður sú að ég var handleggjalaus öryrki og átti enga von um að geta nýtt menntun mína eða starfsreynslu. Ég fylltist miklu vonleysi þegar ég sökkti mér niður í hugsanir um þennan blákalda veruleika sem blasti við mér. Ég fór aftur að leita í fikniefnin og

nú í enn meira mæli en nokkru sinni áður.

Gríðarleg sjálfsblekking

Þar sem ég var byrjaður að fá bætur vegna slyssins vanhagaði mig ekki um peninga og fór að kaupa fikniefni í stærri skömmtum, líka til að fá betra verð. Í gegnum árin hafði ég kynnst mönnum sem þekktu aðra menn sem höfðu góð sambönd í undirheimunum og það var því ekki erfitt að verða sér úti um stóra skammta. Ég fékk mér kókaín og kannabis alla daga, allan sólarhringinn. Það er þannig að ef þú átt fikniefni þá er gestkvæmt og félagar mínir voru duglegir að heimsækja mig. Ég var bara alltaf heima, tók á móti gestum og neytti fikniefna, og ef enginn var í heimsókn þá bara svaf ég. Þeir félagar mínir sem voru duglegir að koma í heimsókn nutu sannarlega góðs af því að ég átti alltaf efni.

Heilsunni hrakaði hins vegar stöðugt hjá mér, ég grenntist og gulnaði. Fjandans lifrin höldi illa álagið og hafði ekki við að hreinsa líkamann. Í einhverri sjálfsblekkingu taldi ég mér trú um að með því að nota aðeins það sem ég kallaði náttúruleg fikniefni frekar en þau verksmíðjuframleiddu héldi ég lifrarskaðanum í lágmarki. Þannig notaði ég mikið af kannabis og kókaíni, sem unnið er úr plöntum, en fúlstaði við e-pillum og amfetamíni nema við sérstök tækifæri. Fiknin getur svo auðveldlega blindað manni sýn á hið augljósa. Áfengid lét ég hins vegar að mestu vera enda hafði ég mikið heyrt um skadleg áhrif þess á lifrina. Ég taldi mér trú um að ég hefði einhverja stjórn á neyslunni en hefði í raun ekki þurft annað en að líta í spegil til að sannfærast um hið gagnstæða.



Orðinn gulur af skertri nýrna-starfsemi.

MYND
ÚR EINKASAFNI

Ég fylltist miklu vonleysi þegar ég sökkti mér niður í hugsanir um þennan blákalda veruleika sem blasti við mér. Ég fór aftur að leita í fikniefnin og nú í enn meira mæli en nokkru sinni áður.

Alls enginn krakki

Mér gekk illa að halda niðri mat og þegar ég náði því átti líkaminn erfitt með að vinna úr honum næringu. Ofan á allt þetta snarversnaði psoriasis-húðsjúkdómurinn sem ég hafði náð að halda niðri. Ég var allt annað en frýnilegur að sjá; grindhoradur, handleggjalaus og gulur með húð sem helst minnti á harðfisk. Algengur fylgifyskur gulu er síðan gríðarlegur kláði, ég var sífellt að nudda mér utan í eitthvað til að klóra mér og oftast en ekki blæddi einhvers staðar úr mér af því að ég hafði farið offari í til-

raunum mínum til að losna við kláðann sem þó aldrei fór.

Það er ekki eins og vinir mínir hafi samþykkt eða lagt blessun sína yfir neysluna hjá mér þó að þeir hafi verið með mér að neyta áfengis og fikniefna. Ég er enginn krakki. Ég þarf aðstoð við persónulegar þarfir en annað þarf ég ekki hjálp við. Ég er fullorðinn maður og það þarf enginn að taka ábyrgð á mér. Ég vissi líka alltaf hverjir af vinum mínum væru til í smá fjör. Það var því aldrei þannig að þeir reyndu að banna mér að drekka eða segðu við mig að það væri ekki gott fyrir mig. Það var ekki þeirra hlutverk.

Tárvot mamma

Mamma og pabbi vissu að það var eitthvað misjafnt í gangi hjá mér þarna niðri en þau óraði aldrei fyrir umfanginu. Þau höfðu nýverið endurheimt son sinn eftir hræðilegt slysn þurftu nú bókstaflega að horfa upp á hann veslast upp fyrir augunum á sér. Mamma mætti seinna í vinnuna á morgnana en pabbi og stundum kom ég upp



Kápa bókarinnar um Guðmund.

til hennar áður en hún fór og við drukkum saman kaffibolla. Við kölluðum þetta gæðastundirnar okkar og ég vissi að henni þótti vænt um þessi augnablik. Stundum reyndi ég að fá mér líka morgunmat en ég átti til að æla honum jafnóðum, jafnvel beint ofan í diskinn sem ég var að borða úr. Ég hélt mig því yfirleitt bara við kaffið.

Með tímanum fór þessum gæðastundum fækkandi samhliða því sem neyslan jókst og heilsu minni hrakaði. Ég vissi að mamma leitadi sér stundum huggunar í björnum á kvöldin og einstaka sinnum drakk hún í sig nægan kjark til að koma niður til mín. Tárvot reyndi hún að ná til mín eða einhverra þeirra fjölda fikla sem voru orðnir fastagestir við allsnægtaborð öryrkjans. Hálfraenulaus hreytti ég í hana ókvæðisorðum og skammaði hana fyrir að vera með einhverja hysteríu. Innst inni fann ég þó alltafnístandi sting í hjartanu yfir þessum samskiptum en það dugði skammt og fljótlega hvarf ég alltaf aftur inn í óminnisástand þar sem engin vandamál voru til. Eftir á hugsar maður sem foreldri hvað það hefur verið erfitt fyrir mömmu og pabba að horfa upp á þetta, að sjá barnið sitt, sem hafði lifað af þetta hræðilega slysn, hreinlega vera að drepa sig hægt en örugglega. ■

Börn hafa brennandi áhuga á goðsögum

Þriðja bókin í þrileiknum Nornasögu, eftir mynd- og rithöfundinn Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur er komin út. Kristín hlaut í haust Vorvindiurkenningu Íslandsdeildar IBBY fyrir að miðla goðsögum til barna.

Nornasaga fjallar í grunninn um vináttu barnanna Kötlu og Mána sem bæði eru svolítið utanveltu. Fyrsta bókin, Nornasaga 1 – Hrekkjavakan, hefst á Hrekkjavökunni þegar Katla og Máni kynnst. Þá vill svo óheppilega til að Katla snertir eldgamalt Íslandskort og upp úr kortinu gýs norn. Nornin sú er Gullveig sem kemur fyrir í Eddukvæðinu Völuspá. Í Nornasögu ætlar Gullveig að leggja allt undir sig á Íslandi og tekur meðal annars samfélagsmiðlana í sína þjónustu til þess.

Kristín Ragna heldur áfram að miðla norrænni goðafræði til barna í næstu tveimur bókum.

„Nornasaga 2 - Nýársnótt, hefst á Þorláksmessu. Katla kemst að því að hún getur galdrað í fyrstu bókinni. Í byrjun Nornasögu tvö er hún að æfa sig að galdra en gerir mistök og kallar tröllskessuna Angurboðu til Íslands. Angurboða þessi er móðir Fenrisúlfsins, Miðgarðsormsins og Heljar. Hún er rosaleg og veldur miklum usla hér á Íslandi,“ segir Kristín.

Söguvið fyrstu tveggja bókanna er miðborg Reykjavíkur, Goðahverfið, Hallgrímskirkja og Listasafn Íslands.

„Atburðarásin hefst í raun á Listasafninu og færst að Tjörninni og svo upp í Öskjuhlíð. En þriðja bókin, Nornasaga 3 - Þrettándinn, hefst á Nýársnótt í Öskjuhlíðinni,“ útskýrir Kristín.

„Katla og Máni eru búin að koma þessum nornum, Gullveigu og Angurboðu, ofan í tvær kólkómjólkurfernur og þau ætla að flytja þær þannig yfir til Goðheima aftur. Þetta er auðvitað heljarinnar verkefni. Þriðja bókin fjallar um ferðalagið til Goðheima, á því ferðalagi kynnst Katla og Máni fleiri nornum, meðal annars örlaganornunum Urði, Verðandi og Skuld og síðar kemur Frigg til sögunnar,“ bætir hún við.

Kínverskur dreki í goðheimum

Fleiri persónur verða á vegi Kötlu og Mána á ferðalagi þeirra til Goðheima. Þeirra á meðal eru Hræsvelgur, sem er jötunn í arnarham og Loki Lævisi, sem kemur í ljós að er pabbi hennar Kötlu í bók númer tvö. Einnig koma systkini Kötlu, þau Kári og Kría til sögunnar og fullt af dýrum.

„Með þeim er siamskótturinn Drekr og franskur bolabítur sem heitir Prins Sjarmör. Til að flækja málin enn frekar er kínverskur dreki sem þvælist með þeim yfir til Goðheima. Hann raskar svolítið jafnvægi hlutanna í heimi norrænna goðsagna,“ segir Kristín hlajandi.

„Sögunnar um Kötlu og Mána eru æsispennandi. Það er mikill hasar og hröð framvinda. Svo er líka húmor, af því persónurnar í norrænu goðsögum eru svo fyndnar og skemmtilegar.“

Bækurnar eru stútfullar af litríkum og skemmtilegum myndum sem gæða persónur og atburði lífi, en Kristín myndskreytir allar bækurnar sjálf.

„Ég legg mikið upp úr því að hafa mikið af myndum. Þegar maður les er upplifunin meiri ef maður hefur líka myndir. Það er í raun og veru annar staður í heil-anum sem virkjust þegar maður les texta annars vegar og myndir hins vegar. Það býður upp á dýpri



Kristín með nornasögurnar þrjár en Nornasaga hefst við Listasafn Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

lestur að mínu mati þegar myndir og texti eru saman,“ segir Kristín.

Kristín er útskrifuð úr Myndlista- og handiðaskólanum og er einnig með próf í bókmenntafræði og ritlist.

„Þessi þörf fyrir að segja sögur hefur alltaf verið rik hjá mér. Ég hef verið að segja sögur með einum eða öðrum hætti frá því ég var litil. Strax og ég var búin í myndlistarnáminu fór ég að myndlýsa bækur. Þetta var það sem mig langaði að vinna við, að búa til bækur og söguheima. Þegar ég byrjaði að myndlýsa bækur var ég að byggja upp kjark til að stíga fram og skrifa sjálf. Ég sé ekkert eftir því. Það er óskaplega gaman að búa algjörlega til söguheima sjálf, bæði texta og myndir. Þá fæ ég að ráða öllu og það er svo gaman,“ segir Kristín kímín.

Viðurkenning fyrir miðlun goðsagna

Kristín hlaut nýlega viðurkenningu Íslandsdeildar IBBY, Vorvinda, fyrir framlag sitt til barnamenningar. Viðurkenninguna hlaut hún fyrir að miðla goðsögum til barna í gegnum bækur sínar og myndlýsingar og fyrir töfrandi og fræðandi barnasýningar. Kristín



segist hafa sökkt sér niður í heim norrænna goðsagna eftir að hún gerði myndabók með Þóarni Eldjárn sem byggist á Völuspá.

„Ég hef verið að vinna með þetta efni með ýmsu móti síðan þá. Ég skrifaði bókaseríu um Úlf og Eddu sem fjallar um börn sem finna göng sem liggja yfir í Goðheima og er einmitt núna að skrifa fyrstu drög að leikriti sem byggist á þeirri bókaseríu. Ég hef einnig búið til

sýningar eins og barnabókaflóðið, sem byggist á goðsögnum. Sú sýning ferðaðist um Eystrasaltslöndin, en ég var þar um daginn og fékk að sjá sýningarnar í öllum þremur löndunum“ segir Kristín.

„Ég gerði líka bók með Ingunni Ásdísardóttur sem heitir Örlög guðanna og barnasýningu í Gerðubergi sem hét Ormurinn ógnarlengi. Ég er alltaf að finna nýja fleti á þessum sögum og per-

Fallegar myndir eftir Kristínu þrýða bækurnar. MYND: KRISTÍN RAGNA GUNNARSÓTTIR



Nornasaga 3 kom út nú fyrir jólin.

” Katla og Máni eru búin að koma þessum nornum, Gullveigu og Angurboðu ofan í tvær kólkómjólkurfernur og þau ætla að flytja þær þannig yfir til Goðheima aftur.

Kristín Ragna Gunnarsdóttir

sónum úr goðafræðinni. Ég nota þá bæði til að auka áhuga barna á þessu efni og að taka það aðeins niður af stalli, svo börn finni að þetta eru þeirra sögur og það má leika sér með þær. Ég nota þetta líka sem lestrarhvatningu eins og í sýningunni barnabókaflóðið. Þá er ég að hvetja börn til dáða að semja sínar eigin sögur og lifa sig inn í ævintýrin.“

Kristín hefur ferðast vítt og breitt um landið á vegum verkefnisins Skáld í skólum og sagt frá goðsögnum. Hún segir börnin hafa brennandi áhuga á þeim.

„Sum þeirra vita svo mikið um þær. Maður sér kvikna ljós í augnum á þeim og þau vilja segja frá því sem þau vita. Það er rosalega gaman,“ segir hún.

Loks hægt að lesa í einum rykk

Núna þegar Nornasögu-seriunni er lokið hefur Kristín snúið sér að nýjum verkefnum.

„Ég er alltaf með fullt af hugmyndum. Þær eru að takast á og berjast meðan ég klára það sem ég er að vinna að þá stundina. Svo byrja ég að vinna að þeim hugmyndum sem hafa orðið ofan á þegar því verkefni er lokið,“ segir Kristín.

„Núna er ég að skrifa fjórðu bókina um Úlf og Eddu. Ég var búin að lofa svo mörgum börnum að gera það og ætla að standa við það. Ég er líka byrjuð á alveg splunkunýrri bók en ég þori ekkert að segja um hana strax, svona hugmyndir eru svo viðkvæmar þegar maður er að móta þær. En svo er ég líka að vinna að myndabók sem kemur út á næsta ári. Það er mjög gaman því það er langt síðan ég hef gert myndabók.“

Kristín bætir við að lokum að hún sé ánægð með að þriðja bókin í Nornasögu-þrileiknum sé loks komin út.

„Það var hugmynd mín með seriunni að skrifa bækur sem börn myndu lesa í einum rykk. Mig langaði að skrifa bækur sem eru spennandi að þú myndir byrja á einni og færir svo beint yfir í næstu og svo þar næstu. Núna er loksins hægt að lesa þær þannig.“ ■

Egill Helgason les jafnt dag sem nótt allt árið um kring en langar þó bara í eina bók að gjöf um þessi jól.

„Í guðanna bænum; ekki gefa mér bækur í jólagjöf! Ég er þegar búinn að lesa tugi bóka úr jólaútgáfunni nú og fæ sendar til mín nær allar bækur sem koma út á Íslandi,“ segir sjónvarpsmaðurinn Egill Helgason og hlær. Hann hugsar sig svo um og segir: „Jú, annars! Mig langar í eina bók í jólagjöf. Það er erlend bók eftir Paul McCartney um textagerð hans og Bitlanna. Hún er víst ótrúlega falleg og glæsileg hönnunargripur. Mig langar í bókina hans Pauls, enda verið Bitlaaðáandi frá því ég var þriggja ára.“

Spennustig í hæstu hæðum

Egill er hreinskilinn og segir desember tíma mikils áreitis sem sé ekki alltaf skemmtilegt.

„Þá er spennustigið í bókabransanum í hæstu hæðum og margir orðnir taugaspenntir, vilja komast í Kiljuna fyrir jól og eru jafnvel óánægðir með gagnrýni. Ég vil auðvitað allt fyrir alla gera en hef takmarkað pláss og get ekki sinnt öllum þótt ég gláður vildi. Ég þarf því að velja og hafna, sem getur verið hræðilega vont og valdið mér ansi mikilli vanlíðan, því ég vil helst veg allra sem mestan og tel mig vera velviljaðan. Það getur tekið á að velja hvað kemst að og hvað ekki. Að þessu leyti er dagurinn í dag ekkert sérlega góður,“ segir Egill, sem reynir að lesa sem flestar bækur sem er fjallað um í sjónvarpsþætti hans, Kiljunni á RÚV.

„Ég er frekar fljótur að lesa og hef verið bókhneigður frá því ég var lítill strákur. Þá las ég heilu deildirnar í Borgarbókasafninu og var líka íþróttastrákur, en gerði þetta jöfnum höndum. Ég hef alla tíð verið mikið í kringum bækur og get til dæmis ekki sofnað á kvöldin nema að lesa fyrst. Ég er líka orðinn það gamall að ég sef ekki lengur í striklotu og vakna um nætur en gríp þá bók til að sofna aftur,“ segir Egill og er spurður hvort hann hafi þá svæfandi bókmenntir tiltækar á náttborðinu.

„Það er ýmist, en nú les ég bækur um býsanska ríkið á nóttunni. Það er gömul sagnfræði sem lætur mig sofna fljótt, þó ekki af leiðindum; það er fremur að ég svifi aftur í draumheima. Ég les mikið mér til gamans, og miklu meira en það sem ég les fyrir Kiljuna. Ég les fagurbókmenntir og reyni að fylgjast með því sem gerist í samtímanum en er kannski ekki alveg nógu góður í að fylgjast með því sem gerist erlendis í fagurbókmenntum. Sagnfræði höfðar líka mikið til mín og njósnasögur,



Egill Helgason segir gaman ef fólk ber sig eftir bókum og lestri eftir að hafa horft á Kiljuna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Skemmtilegra að tala vel en illa um bækur



Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg
@frettabladid.is

sem mér þykir besta afþreyingin, sérstaklega ef þær gerast í kalda stríðinu.“

Í æsku voru Dagfinnur dýralæknir og Múminálfarnir í miklum metum hjá Agli.

„Í uppáhaldi voru líka bækurnar um Gvend Jóns eftir Hendrik Ottósson, sögur úr Vesturbænum. Ég hef reynt að passa upp á þessar bækur, þótt aðrar hverfi.“

Bókagagnrýni nauðsynleg

Egill segist ekki fá neitt út úr því að bók fái vonða gagnrýni í Kiljunni.

„Það getur vel verið að ég hafi verið illkvittnari á árum áður, en í dag finnst mér leiðinlegt ef bók fær slaka gagnrýni. Í þættinum eru sjálfstæðir bókagagnrýnendur sem ég hef engin áhrif á og hef ekki hugmynd um hvað þau ætla að segja fyrir en fimm mínútum fyrir þátt. Ég treysti þeim vel og finnst mikilvægt að hafa fast gagnrýnendateymi í þáttunum svo áhorfendur kynnist þeim vel, mismunandi áherslum þeirra og smekk. Sjálfum finnst mér miklu skemmtilegra að tala vel en illa um bækur. Það kemur fyrir að við teljum bækur svo klénar að þær verðskuldi ekki gagnrýni, það sé betra að fjalla ekki um þær en að hakka þær í spað. Í mínum huga

á þetta að vera uppbyggilegur þáttur.“

Egill þvertur fyrir að bóka-gagnrýni sé tímaskekkja.

„Þvert á móti er gagnrýni bóka nauðsynleg og listir þrífast illa ef ekki er gagnrýnin umræða um þær. Fólk verður svo að gera upp við sjálft sig hvort það taki mark á bókagagnrýni. Það er mikilvægt að hafa fasta gagnrýnendur – því miður hefur þeim fækkað í seinni tíð og það er ekki gott fyrir bókmenntirnar. Eins og ég sagði er gott að bæði höfundar og lesendur læri aðeins inn á gagnrýnendurna, þeir eru auðvitað ekki óskekulir fremur en rithöfundarnir. Þannig hef ég verið með sömu gagnrýnendurna í Kiljunni um langt skeið, þótt nýir hafi líka bæst við reglulega,“ segir Egill.

„Þannig er dýnamíkin í þessu. Ég er þáttastjórnandinn og tek oft ekki sterka afstöðu til bóka, þótt gagnrýnendurnir geri það. En mér finnst mikilvægt að mæta vel undirbúinn í þættina og fjalla helst ekki um bækur nema hafa lesið þær. Annað er vanvirðing við höfunda sem hafa kannski setið sveittir við skriftir í mörg ár en mæta svo karli í sjónvarpinu sem rifur plastið utan af bókinni og byrjar að rausa um hana. Slíkt er ekki sæmandi svo virðulegum



Annað er vanvirðing við höfunda sem hafa kannski setið sveittir við skriftir í mörg ár en mæta svo karli í sjónvarpinu sem rifur plastið utan af bókinni og byrjar að rausa um hana.

bókmenntaþætti í Ríkissjónvarpinu.“

Af heilindum og bestu samvisku
Kiljan hefur nú verið á dagskrá í fimmtán ár.

„Það er óvenjulegt að menningarþáttur lifi svo lengi,“ segir Egill. „Frá minni hálfu hefur þátturinn alltaf átt að vera alþýðlegur og aðgengilegur, því mér finnst mjög fagleg bókmenntafræðiumræða ekki eiga heima þarna. Þetta er þáttur fyrir alla landsmenn og á förnnum vegi fæ ég mikil viðbrögð frá fólki sem gefur sig á tal við mig. Stundum er það fólk sem les lítið af bókum en horfir nú samt og það er gaman ef fólk ber sig eftir bókum og lestri í kjölfar Kiljunnar. Svo á ég minn dygga áhorfendahóp sem les mikið og er að meirihluta konur, enda sýna kannanir að þær lesa meira en karlar.“

Egill á von á því að Kiljan verði áfram á dagskrá næstu árin, enda þykir honum afar skemmtilegt að vinna að þættinum.

„Svo þurfa aðrir að dæma um hvort þeir séu orðnir leiðir á mér. Ég reyni að sýna sanngirni og meta efnistökin út frá gæðum bóka. Gagnrýni er mikilvæg, eins og ég sagði áður, en maður þarf að stunda hana af heilindum og bestu samvisku og það held ég að okkur hafi tekist í gegnum árin. Heimur gagnrýnenda er mörgum hulinn. Þetta er harðduglegt fólk sem oftast stundar aðra vinnu líka en eyðir öllum kvöldum í að lesa bækur, brjóta þær til mergjar og mynda sér skoðanir, en bakar sér oft ekki annað en óvinsældir og hatur. Bókagagnrýnandi sem segir skoðun sína verður því ekki endilega vinsæll og getur fengið það óþvegið á móti.“

Hægt að biða tjón af því að lesa
Besta bók sem Egill hefur lesið um dagana er Moby Dick eftir Herman Melville.

„Af íslenskum bókum er það náttúrulega eitthvað eftir Kiljan. Ég var alinn upp við bækur Nóbelskaldsins og las ungur hvert einasta snifsi sem Halldór Laxness hafði skrifað á. Á þeim árum var gert ráð fyrir að maður læsi Laxness og manni fannst maður ólesinn ef maður hafði ekki þrælást í gegnum allar stóru bækurnar hans. Nú er sonur minn að lesa Sjálfstætt fólk í skólanum og þykir hún flott en heldur langdregin á köflum. Það sem var kanóna og skyldulestur fyrir þrjátíu árum, er það ekki endilega lengur. Það er heldur ekki alltaf gott að bækur séu lesnar í skólanum og alveg hægt að biða tjón af því, eins og til dæmis að þræla sér í gegnum leiðinlegustu kaflana í Njálu,“ segir Egill og hlær við. ■

„Með þeim betri sem ég hef lesið lengi.“

Guðrún Veiga, áhrifavaldur

„Með Dansaranum sýnir Óskar Guðmundsson að hann er með betri spennusagnahöfundum á Íslandi. Óhugnaður frá fyrstu síðu.“

Yrsa Sigurðardóttir, rithöfundur



Lesendur Storytel



TILNEFNINGAR ERU FYRIR AUMINGJA OG ÓTEMJUR!

TIL HAMINGJU KAMILLA OG KRISTÍN HELGA!



„Sterk samtímasaga þar sem ískaldri kaldhæðni og depurð er fléttað saman í hressilegum texta, sem er skrifaður af viðkvæmni og væntumþykju.“
Úr umsögn dómnefndar um Íslensku bókmenntaverðlaunin



Ótemjur eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur er mögnuð örlagasaga um leitina að öryggi, ást og uppruna. Kristín Helga er einn vinsælasti rithöfundur landsins og bækur hennar hafa hlotið margvísleg verðlaun og tilnefningar – nú síðast til Fjöruverðlaunanna í flokki barna- og unglingabóka.

Íslensk sveit meira framandi en Hogwarts



Jóhanna María Einarsdóttir
jme
@frettabladid.is

Harpa Rún Kristjánsdóttir fleytti sinni fyrstu skáldsögu, *Kynslóð*, út í jólabókaflóðið í ár. Bókin er sveitasaga úr samtímanum. Sem einlægur aðdáandi Guðrúnar frá Lundi fagnar hún því að fólk líki bók hennar við höfundarverk meistarans.

Kynslóð er fyrst og fremst ástarsaga um ungar konur í sveit og spurninguna um hvort það sé framtíð í sveitinni og hver hún sé þá. „Flestar sveitasögur í nútímanum eru ferðasögur Reykjavíkinga sem fer í heimsókn í sveitina og segir frá því sem fyrir augu ber. Mig langaði til að skrifa sveitasögu sem kemur innan frá. Ég er sjálf bændadóttir, bý í sveit og þekki þetta líf,“ segir Harpa Rún.

Kyn-slóð

„Kynslóð fjallar líka um hvernig við erfum hluti, takta, áföll og lífsskóðanir gegnum kynslóðina. Hvernig við vinnum úr þessu öllu, mynstrin sem við erum að reyna að brjóta og hvað við tökum með okkur. Þaðan kemur orðaleikurinn í titlinum, sem vísar í kynslóðina sem liggur mann fram af manni, en líka slóðina sem kyn þitt og ætt markar þér. Þú þarft að feta ákveðna slóð og þá er spurning hvort þú farir beinustu leið eða stígur út af, hvort þér bjóðist margar leiðir eða bara ein.“

Mæðgurnar Anna og Þóra eru á aldrinum 20-40 ára. Báðar eru í leit að sjálfri sér og standa á vegamótum og þurfa að velja sína slóð, með allt þetta á bakinu. Þær standa í



Harpa Rún hefur áður gefið út ljóðabókina *Eddu* og þýtt skáldsöguna *Vanessa mín myrka*.

MYND/ÞSEND

svipuðum sporum og margt ungt fólk í sveitinni í dag, og ungt fólk yfir höfuð. Mamman, Þóra, týndi sér og staðnaði og er að mörgu leyti í sömu sporum og dóttirin. Anna hefur komið sér betur fyrir. Allt virðist eins og það á að vera uns nýr starfsmaður kemur í vinnuna. Hann er undarlegur og óþægilega líkur henni. Hann getur speglað sig óeðlilega mikið í henni og truflar líf hennar og takt. Svo kemur í ljós að hann er kannski dularfyllri en maður heldur í upphafi. Anna þarf því að hugsa sína stöðu upp á nýtt.“

Óvart kvennasaga

„Þetta varð óvart kvennasaga. Upphaflega vildi ég skrifa um yngstu konuna í bókinni, Önnu, sem er 25 ára. Ég var á sama aldri og tengdi mest við hana. Þegar ég tók bókina aftur upp fimm árum síðar, fannst mér sú nálgun leiðinleg. Þá komu mamman og amman inn.“

Þetta tengist því að eldast og þroskast og fá áhuga á öðru en sjálfum sér. Ef ég ætti að skrifa fleiri bækur í sama bókaflökki færi ég líklegast aftur í tímann og skoðaði líf eldri persónanna í bókinni.“

Töfrarnir eru túlkunaratriði

Í bókinni eru heilmiklir töfrar. „Ég vildi alltaf skrifa töfraraunssæiskáldsögu, enda hélt ég mest upp á þær bókmenntir þegar ég var yngri. Í íslenski sveitasögu varð ég að nálgast töfraraunssæið á eigin forsendum. Upp spruttu þjóðsagnaskepnur og huldufólk. Þarna eru líka bollaspáðómar og yfirskeilvittelegar tengingar milli fólks. Enginn Íslendingur viðurkennir trú sína á huldufólk eða bollaspár. Samt hróflar enginn við álagabletti.“

Hverju trúirðu þá?

Við erum hætt að trúna, en trúum nú samt í þjóðarsálinni. Mig langaði að draga þetta fram, láta söguna gerast á tveimur plönnum. Líkt og hægt er að afneita töfrunum í raunveruleikanum getum við lesið bókina fram hjá töfrunum. En ef þú trúir á töfrana ætti bókinn að dýpka um helming.“

Ég vil treysta lesandanum og leyfa honum að taka það sem hann vill með sér, frekar en að tryggja ofan í hann. Endirinn gefur svo færi á að líta til baka og halda áfram að hugsa.

Endirinn fer í taugarnar á mörgum en mér finnst gott að vita að lesturinn sé ekki bara neysla sem þú gleymir um leið og síðustu blaðsíðu sleppir.“

Ég er ekki að skrifa Dalalíf

Ósjaldan hefur *Kynslóð* verið líkt við höfundarverk Guðrúnar frá Lundi. „Ég held að ég hafi ekki sjálf líkt mér við hana, en annað fólk hefur gert það. Ég er mjög stolt af því að vera líkt við Guðrúnu, enda er hún mín kona. Hún er klárlega fyrirmynd allra sem bögglast við að skrifa sveitasögur í dag á Íslandi. Þar er hún stóri höfundurinn. Það er viljandi að karakterarnir heita Anna og Þóra eins og kvenpersónurnar í Dalalífi en ég er ekki að skrifa Dalalíf. Guðrún var bæði eldri og þroskaðri en ég er.“

Meira framandi en Hogwarts

„Á þeim tíma sem Guðrún er að skrifa, eftirströðsárunum, er sveitin miðpunkturinn og Reykjavík er jadarinn. Í sveitinni er allt gott en í Reykjavík er allt hræðilegt. Í dag er Reykjavík orðin miðpunktur og sveitin er jadarinn. Íslenskir höfundar í dag sem skrifa um sveitina, sjá hana með auga gestsins, þeir eru að skrifa ferðasögu, og íslenska sveitin er jafnvel orðin exótískari en Namibía.“

Einn kafli segir frá fólki að stinga upp fjárhús, eitthvað sem meginþorri þjóðarinnar hefur aldrei gert. Í bókinni eru líka notuð ýmis orð sem fólk í dag þekkir ekki. „Það er þarft verkefni að skila þessum heimi til lesenda sem þekkja hann ekki, og til fólks sem lifir og hrærist í honum og fær sjaldan að sjá hann í bókmenntunum. Ég skrifa líka um það sem er eins í sveitinni og í borginni, eins og djammíð. Fólk er líka að skemmta sér hér, verða fullt, dansa, en umhverfið er annað. Ég vildi sýna að djamm í bókmenntum er ekki bara að veltast á milli þriggja bara í miðbæ Reykjavíkur.“

Einn yfirlesari spurði mig hvort ég vildi virkilega skrifa eitthvað sem enginn myndi skilja í dag. Ef fólk getur lesið bók sem gerist í Namibíu, eða jafnvel uppdiktunum raunveruleika eins og Hogwarts, þá hlýtur lesandi að geta sett sig í aðstæður sveitarinnar. Það er í raun stórfurðulegt að búa í pinulítlu landi þar sem skiptingin er svona skýr og óyfirstíganleg.“

Ekki alltaf kall og dóni

Aðspurð segir Harpa að auðvitað sé femínismi í bókinni. „Hann er bæði undirliggjandi og blygðunarlaus. Ein konan er alltaf að rifast við kallaborðið í sjoppunni og ranta um femínisma. Svo fjalla ég líka um sveitina, sem fólk finnst vera karlaheimur, en er í raun ekki

” Ég vildi snúa upp á mýtuna að presturinn í sveitinni væri alltaf kall og dóni.

síður kvennaheimur. Það er alltaf talað um bóndann og konu hans, en yfirleitt eru hjón jafnmiklir bændur. Þess vegna segist ég alltaf vera bændadóttir. Mamma er alveg jafnmikill bóndi og pabbi. Bókin er um konurnar bak við tjöldin og hvort þær þurfi yfir höfuð á körlunum að halda. Svo hræra nokkrir hinsegin karakterar upp í venjulegum hugmyndum. Til dæmis sefur einn prestur hjá konu út undir húsvegg. Presturinn er bæði kona og innflytjandi. Ég vildi snúa upp á mýtuna að presturinn í sveitinni væri alltaf kall og dóni.“

Hvernig kallast sagan á við samtímann?

„Ég vil endurspeglar raunsanna mynd af íslenski sveit og sýna að hér býr fólk á öllum aldri. Sagan er um ungt fólk í tilvistarkreppu sem er stillt upp við hliðina á landbúnaði. Fólk sem er að leita að nýjum leiðum til að láta nútímann virka í sveitinni. Sama saga hefði allt eins getað gerst í Breiðholti, en mig langaði að draga fram umhverfi sem mér þykir vænt um og sýna hvernig það stendur á krossgötum, líkt og persónur bókarinnar. Þetta er ekki bara frosin fortíð. Tíminn líður þó fólk vilji helst að sveitin sé alltaf eins og þegar það fór í heimsókn til ömmu og afa. Framfarir eru í búskaparháttum, fólk er með snjallsíma á djammínu og landbúnaðurinn og umhverfið mótat fólkíð á áhrifaríkan hátt.“

Ég er oft spurð út í allt kynlífið í bókinni. Kynorkan og kynlífið eru nátengd náttúrunni. Það er í raun ómögulegt að skrifa sveitasögu án þess að skrifa um kynlíf. Búskapurinn snýst um þetta og svona virkar náttúran.“

En hvað er skáldið sjálft að lesa?

„Ég er að klára Kolbeinsey eftir Bergsvein Birgisson og er nýbúin að lesa Allir fuglar fljúga í ljósið eftir Auði Jónsdóttur. Þær eru báðar mjög flottar og áhugaverðar og lifa áfram eftir að lestri lýkur. Ég er annars spennt að lesa Frírikið eftir Fanneyju Hrund Hilmarsdóttur, Næturborgir eftir Jakub Stachowiak, Óliu eftir Svíka-skáldin og Meydóm eftir Hlín Agnarsdóttur.“ ■

FJÓRAR FRÁBÆRAR



Fugladagbókin

Stórfenglegar myndir og fróðlegur texti.

- algjör gersemi.



ÓGN

Spenna, dulúð, kynjaskepnur og auðvitað ást!


- unglingsbókin í ár.



Spæjarahundurinn

Fær sakamálin í loppurnar þegar löggan hefur gefist upp.

- klókur og klár!



Hérasmellir

Óborganlegar gamansögur af Héraðsmönnum.

- kitla hláturtaugarnar.

SAGNAMEISTARAR




„Margt kemur á óvart í smásögum Þórarins þar sem húnur höfundar nýtur sín.“

BJÖRN ÞORLÁKSSON / FRÉTTABLAÐIÐ



Listilega stílaðar og húnurískar sögur um fjölbreytt efni og eftirminnilegar sögupersónur eftir **Þórarin Eldjárn**.



Snjallar og gáskafullar sögur um leitina að sannleikanum og hamingjunni eftir **Ísak Harðarson** sem skrifar hér af djúphygli og hlýju.



Heillandi sögur, fyndnar og sársaukafullar í senn, eftir **Guðberg Bergsson**.



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga til jóla | www.forlagid.is

Mæðgur deila ástríðu fyrir bakstri

Mæðgurnar Berglind Hreiðarsdóttir bloggari og dóttir hennar Elín Heiða Hermannsdóttir, vita fátt skemmtilegra en að undirbúa jólin. Elín Heiða fetar í fótspor móður sinnar og sendir frá sér matreiðslubók sem ber heitið Börnin baka.

sjofn@torg.is

Þetta er fyrsta bók Elínar Heiðu sem er aðeins tólf ára og væntanlega yngsti bakari landsins. Bókina vann hún í samstarfi við móður sína og það má með sannri segja að sjaldan falli eplið langt frá eikinni. Nú undirbúa mæðgurnar saman aðventuna og jólin, og baksturinn er þar í forgrunni.

Hvað er ómissandi á aðventunni að ykkar mati?

„Að gera laufabraud og baka piparkökur,“ segir Elín og Berglind segir að henni finnst ómissandi að baka með fjölskyldu og vinum, kveikja á kertaljósunum í kósiheitum. „Snjór gerir aðventuna líka mun fallegri,“ segir Berglind og nefnir jafnframt að það sé líka dásamlegt að ganga um miðbæinn og skoða jólaljós, fá sér heitt kakó og anda að sér aðventunni. „Við förum alltaf til mömmu og pabba á jóladag því þá á pabbi afmæli og tengdó býður ávallt í möndlugraut í hádeginu á aðfangadag.“

Allar kökurnar eiga sögu

„Möndlukakan á forsíðu bókarinnar er með kremi í öðrum lit. Fyrst þegar Elín Heiða gerði hana fyrir bókina vorum við ekki endilega með í huga að sú mynd færi á forsíðuna. Síðan fannst okkur hún svo litrík og falleg en verst var að bakgrunnurinn var stofan okkar en ekki eldhúsið. Það var því ákveðið að reyna að endurgera hana með eldhúsið í bakgrunni. Það var því aftur allt græjað eins og það var, sömu fötin fundin til, hárið fléttað og þar fram eftir götunum. Það vildi síðan ekki betur til en svo að hún braut á sér fingurinn deginum fyrir þá myndatöku og við þurftum að stelast til að taka spelkuna af og fela bláa fingurinn undir kökudiskinum þegar hún var að smyrja kreminu á í það skiptið, hahaha! Það má því sannarlega segja að það sé saga á bak við þessa forsíðumynd sem vinur okkar Lárus Sigurðarson kom og tók tvisvar.“

Allar þessar uppskriftir er hægt að færa í jólabúning og hér er Elín Heiða búin að því.



Möndlukakan er í miklu uppáhaldi.

Möndlukaka

4 egg
250 g sykurl
225 g hveiti
2 tsk. lyftiduft
200 g brætt smjör
3 tsk. möndlugraupar

Glassúr

320 g flórsykur
5-6 msk. heitt vatn
Nokkrir dropar af matarlit
2 dropar af möndlugraupum



Mæðgurnar deila sömu ástríðunni, bakstursástríðunni, og eru iðnar við að baka saman á aðventunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

- Hitið ofninn í 170°C og smyrjið stórt hringlaga form með gati í miðjunni vel að innan með smjöri.
- Þeytið saman egg og sykurl þar til létt og ljós blanda myndast.
- Bætið hveiti og lyftidufti saman við og hræið varlega saman.
- Að lokum má blanda brædda smjörinu ásamt möndlugraupum saman við og hræra stutta stund til viðbótar.
- Hellið í formið og bakið í um 30 mínútur eða þar til þrjónn kemur út með smá kökumylsnu á endanum en ekki blautu deigi.
- Kælið kökuna alveg áður en þið setjið glassúrinn ofan á.

Glassúr

- Hræið öllu saman í skál með píski/skeið þar til orðið er kekkjulaust.
- Smyrjið yfir kökuna og leyfið aðeins að leka niður með hlíðunum.

Berjaskyrkaka

[1 pakki Lu Bastogne kex](#)
[60 g brætt smjör](#)

Fylling og toppur

500 g Ísey skyr með bláberjum og hindberjum
500 ml rjómi
Um 125 g bláber
Um 125 g hindber
30 g saxað súðusúkkulaði

- Myljið kexið í blandara/matvinnsluvél þar til það verður duftkennt.
- Hellið kexmýlsnunni í skál og blandið brædda smjörinu saman við.
- Pressið í botninn á fat/í skál og kælið á meðan annað er útbúið.

Fylling og toppur

- Þeytið rjómann og blandið skyrinu varlega saman við hann og setjið yfir kexbotninn.
- Skreytið með ferskum bláberjum, hindberjum og söxuðu súkkulaði.
- Geymið í kæli fram að notkun.

Hrískökubitar

60 g smjör
260 g sykurlpúðar
150 g Rice Krispies/blásið hrismorgunkorn
Matarolíusprey
Litað súkkulaði að eigin vali til skreytingar



Hrískökubitararnir eru ljúffengir.

- Klæðið um 25 x 25 cm kökuform að innan með bökunarpappír og sprejið næst með smá matarolíuspreyi svo auðveldara verði að ná kökunni úr til að skera hana í bita.
- Bræðið smjör í potti við vægan hita.
- Blandið sykurlpúðunum saman við og hræið þar til þeir hafa bráðnað saman við smjörið og loftkennd blanda hefur myndast.
- Takið af hellunni og hræið hrismorgunkorninu saman við. Blandan minnir aðeins á klístraðan köngulóarvef og þannig á hún einmitt að vera.
- Setjið nú alla blönduna yfir í kökuformið og þjappið niður með sleif, gott er að setja smá matarolíusprey á sleifina líka svo hún klístrist síður við.
- Þjappið niður eins og þið getið og slétið úr toppnum, kælið síðan í um 30 mínútur.
- Nú ætti blandan að vera orðin stíf í sér og auðvelt að lyfta henni á bökunarpappírnum upp úr forminu yfir á borð/bretti.
- Bræðið litað súkkulaði, sem ykkur þykir fallegt, og dreifið óreglulega úr því með teskeið yfir kökuna og leyfið að storkna áður en þið skerið niður í bita.
- Skerið kökuna niður í 4 x 4 bita eða 16 samtals og geymið í kæli fram að notkun.

Heit íssósa

[220 g Toblerone-súkkulaði](#)
[100 ml rjómi](#)

- Saxið Toblerone gróft niður og setjið í pott ásamt rjómanum.
- Hitið saman á meðalhita þar til súkkulaðið hefur bráðnað, hræið reglulega í sósunni á meðan.
- Leyfið hitanum síðan aðeins að rjúka úr sósunni áður en hún er notuð á ís.
- Gott er að strá söxuðu Toblerone yfir íssinn ásamt heitu sósunni. ■

ALLT Á EINUM STAÐ

GERÐU JÓLAINNKAUPIN HJÁ OKKUR Í BÓKABÚÐ FORLAGSINS

Ótrúlegt úrval bóka frá öllum útgefendum – allar nýjustu bækurnar og þúsundir eldri titla.

Opið til 19 alla daga til jóla.


- * Næg bílastæði
- * Nóg pláss inni í versluninni
- * Innþökkunarborð og merkimiðar
- * Spritt og grímur í boði

FORLAGIÐ

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39
Opið til 19 alla daga til jóla | www.forlagid.is

SÖGUR TIL NÆSTU BÆJA




„HRYLLILEG, FYNDIN OG HRYLLILEGA FYNDIN BÓKI!“
ARI ELDJÁRN

„VAR AÐ LESA ÞETTA FYRIR SVEFNINN Í GÆR.
KONAN MÍN VAKNAÐI VIÐ HLÁTURINN.“
EGILL HELGASON

„TRYLLINGSLEGASTI OG FYNDNASTI SPLATTER
SEM ÉG HEF LESIÐ.“
JAKOB BJARNAR GRÉTARSSON

„SUMAR BÆKUR ERU STÓRAR
OG ÞESSI BÓK ER ÞANNIG BÓK.
MIÐI Á FYRSTA FARRÝMI LESTURSINS.“
BUBBI MORTHENS



„GLITRANDI GULLMOLI ... SAGAN HELTÓK MIG.
SÖGULEG SPENNUSAGA AF BESTU GERÐ.
KÓPERNÍKA MUN BERGMÁLA LENGI.“
ÓTTARR PROPPÉ

„GLÆPASAGA ÁRSINS.“
HLÍN ÓLAFSDÓTTIR




★ ★ ★ ★ ★
MEISTARAVERK, EIN SÚ MAGNAÐASTA NÚTÍMASAGA
UM MANNLEGAN HARMLEIK SEM ÉG HEF LESIÐ.
RÓSA JÓNSDÓTTIR

★ ★ ★ ★ ★
MÖGNUM BÓK.
MEÐ ÞEIM BETRI SEM ÉG HEF LESIÐ. BRAVÓ!
BERGLIND GUDMUNSDÓTTIR

★ ★ ★ ★ ★
SG / MORGUNBLAÐIÐ

„STERK, MYNDRÆN OG SPENNANDI FRÁSÖGN
SEM FER BEINT UNDIR SKINIÐ Á LESANDANUM.“
BRYNHILDUR GUÐJÓNSDÓTTIR

„STEFÁN MÁNI ER MEISTARI STEMMINGAR
OG NÍSTANDI SPENNU.“
ÓTTARR PROPPÉ





Vilttar ævintýrapersónur, verur úr öðrum viddum og skuggalegar vofur hafa tekið yfir Borgarbókasafnið.

MYND/ADSEND

Ratað um bækur

jme@frettabladid.is

Þín eigin bókasafnsráðgáta er nýstárleg og spennandi sýning í Borgarbókasafninu Gerðubergi. Um er að ræða stórskemmtilegan ratleik þar sem þátttakandinn ræður hvað gerist. Mismunandi hæfileikar njóta sín við að leysa ráðgáturnar og því hentar ratleikurinn fyrir ýmiss konar hópa á öllum aldri.

Tveir til sex þátttakendur geta verið í hverjum hópi en hægt er að velja um þrjár mismunandi ráðgátur. Ævintýráðgátan er létt og skemmtileg fyrir sex ára og upp úr. Vísindaráðgátan og Hrollvekjuráðgátan eru svo fyrir tólf ára og eldri.

Að baki sýningarinnar er hópur hæfileikafólks á borð við rithöfundinn Ævar Þór, Emblu og Svanhildi Höllu sýningarstjóra, Auði Ösp leikmyndahönnuð, Evu Dögg meistaranema í arkitektúr, Ninnu Björk nema í grafískri hönnun, Kristjönu og Ásu Marin námsefnishöfunda og Ilmi Dögg deildarstjóra bókasafnsins. Hægt er að bóka hópa í ratleik á borgarbókasafn.is. ■



Hallgrímur og Rán verða með upplestur og fönndurstund á morgun.

MYND/NORRÆNA HÚSIÐ

Upplestur og fönndur

sandragudrun@frettabladid.is

Í tilefni nýrrar bókar Hallgríms Helgasonar og Ránar Flygenring – Koma jól, verður boðið upp á upplestur og fjölskyldusmiðju með höfundunum í Norræna húsinu á morgun á milli kl. 13.00 og 15.00. Í smiðjunni fá gestir færi á að spreyta sig á skemmtilegum teikniæfingum sem Rán hefur útbúið, á borð við teikniþrautir, jólakortaáskorun og jólasystraþraut, svo eitthvað sé nefnt. Koma jól er jólaaljóðabók sem kveðst á við bók Jóhannesar úr Kötllum, Jólin koma.

Í bókinni má finna nýjustu fréttir af Grýlu og Jólakettinum og hinar jökulhressu Grýludætur, systur jólasveinanna, stíga fram úr þúsund ára löngum skugga bræðra sinna og arka til byggða, hver með sínu lagi og hrekkjabrögð í farteskinnu. Þeir gestir sem mæta með eintak af bókinni eiga möguleika á að fá áritun. Öll fjölskyldan er velkomin á viðburðinn. Fjarlægð verður á milli borða og grímuskýlda. ■

Bókaklúbbar fræga fólksins

starri@frettabladid.is

Margar frægar bandarískar stjórnur, til dæmis leikarar, tónlistarfólk og þáttastjórnendur, hafa rekið vinsæla bókaklúbba um margra ára skeið.

Sá þekktasti er án efa bókaklúbbur sjónvarpsstjórnunar Oprah Winfrey, en hann var stofnaður árið 1996 og hefur mælt með rúmlega 90 bókum yfir fimmtán ára tímabil.

Bókaklúbbur leikkonunnar

Reese Witherspoon er hluti af fjölmiðlafyrirtæki hennar, Hello Sunshine. Klúbburinn ber nafnið Reese's Book Club x Hello Sunshine, en hún kynnir nýja bók mánaðarlega á Instagram-síðu sinni. Bókaklúbburinn, sem hefur rúmlega hálf milljón fylgjenda á Instagram, leggur áherslu á að segja sögur kvenna.

Rappurinn Noname stofnaði bókaklúbb sinn, Noname Book Club, sumarið 2019. Noname, sem

dvaldi löngum stundum í æsku sinni í bókabúð móður sinnar, leggur mikla áherslu á að styðja við bakið á litlu bókabúðunum, sérstaklega í eigu þeldökkra. Klúbburinn kynnir tvær nýjar bækur í mánuði.

Fyrrum NFL stjarna, Andrew Luck, setti bókaklúbbinn Andrew Luck Book Club á fót eftir að ferlinum lauk. Klúbburinn er tvískiptur og bæði ætlaður börnum og fullorðnu fólki. ■



Oprah Winfrey stofnaði bókaklúbbinn sinn árið 1996.

Gefðu heilt bókasafn í jólagjöf.

storytel



Lesbretti og gjafakort Storytel eru fullkomin gjöf fyrir þig og þína.

Pantaðu lesbrettið á vefsíðu Storytel og fáðu það sent frítt heim að dyrum. Lesbrettið kostar 18.900 kr. og gjafakort frá 2.890 kr.

KiDs

© COOLSHOP

Sendum viðskiptavinum
okkar sem og landsmönnum
öllum okkar bestu óskir um
gleðilega hátíð

SMÁRATORG

Sími 550 0800

ALMENNUR OPNUNARTÍMI

Mánud. - föstud. 10-19
Laugardaga 10-18
Sunnudaga 12-18

JÓLAOPNUN

16. - 23. des. 10-22
Aðfangadag 24. des. 10-13
25. og 26. des. LOKAÐ

GLERÁRTORG

Sími 461 4500

ALMENNUR OPNUNARTÍMI

Mánud. - föstud. 10-18
Laugardaga10-17
Sunnudaga13-17

JÓLAOPNUN

16. - 23. des. 10-22
Aðfangadag 24. des. 10-12
25. og 26. des. LOKAÐ

coolshop.is

Leikur á aðventu – nýr dagur og nýr kjóll

Berglind Guðmundsdóttir sælkeri, lífskúntner og köku- og matarbloggari er eigandi bloggsíðunnar Gulur, rauður, grænn og salt, sem á næsta ári fagnar tíu ára afmæli sínu.

sjofn@frettabladid.is

„Ég er hrikalega stolt af síðunni minni sem ég fæ ósjaldan að heyra að bjargi eldamennsku margra heimila á landinu,“ segir Berglind og hlær. Sjálfri finnst henni allt sem tengist mat vera jákvætt og lífið snúist í raun um að njóta góðs matar.

Berglind er mikið aðventubarn og kann svo sannarlega að njóta lífsins í desember samhliða öllum þeim verkefnum sem hún tekur sér fyrir hendur.

Hvernig lítur desembermánuður út hjá þér, ertu búin að skipuleggja allt?

„Já, það er í nægu að snúast, en þó er ég hætt að hafa of mikið að gera. Ég stýri mínum verkefnum vel svo ég ráði vel við allt en passa líka upp á hvíldina. Jafnvægi er lykilord í mínu lífi.“

Berglind segir að nóvember og desember séu stórir mánuðir í matarbransanum. „Og jú, reyndar janúar líka, þetta eru allt stórir mánuðir í matarbransanum. Ég er með mörg matartengd verkefni bæði fyrir GRGS.is og svo einnig fjölbreytt verkefni fyrir Instagram gulurraudurgrænnogsalt. Á Instagram fæ ég að leika mér með umfjallanir um mat, snyrtivörur, heimilivörur, bætiefni, hárvörur, fatnað og svo margt annað sem snýr að mínum áhuga.“

Kjólaleikur

Talandi um það þá var ég að byrja með Kjóladaatal GRGS sem verður frá 1.-24. desember. Nýr dagur – nýr kjóll. Ég var með þetta í fyrria og það vakti svo mikla lukku að ég ætla að endurtaka leikinn. Ég er forfallinn kjólafíkill og ef hann er með tjulli eða palliöttum þá er ég til. Því meiri glamúr því betra. Þetta er hins vegar mjög ópraktískt þar sem ég vinn heima flesta dagana og er þá bara á joggaranum í ullarsockkum. Daginn sem mér verður boðið á rauða dregilinn – þá verð ég tilbúin.“

Mæðgurnar með TikTok-þætti

Verkefni Berglindar eru mörg og ólík. „Önnur verkefni í desember eru upptökur fyrir Uppkast, sem er ný streymisveita, en þar fæ ég



Berglind Guðmundsdóttir skiptir um kjól á hverjum degi í desember og fylgjendur hennar á Instagram fá að fylgjast með. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

að leika mér og gera mínar uppáhaldsuppskriftir. Í þáttunum fæ ég til mín matgæðinga sem elda sína uppáhaldsrétti, ég elda jólauppskriftir þar sem ég meðal annars kenni landanum að gera skotheldar Sörur. Svo erum ég og Áslaug dóttir mín með TikTok-þætti þar sem við eldum örupskriftir sem henta börnun sérstaklega vel til að spreyta sig í eldhúsinu. Í desember hefjast svo tókur á heilsuréttum og þeir þættir birtast í janúar.“ Að auki er Berglind hjúkrunarfræðingur. „Þannig að ég hef verið að kíkja niður í höll af og til og bólusetja landann og hef svo gaman af því. Ég vinn mjög mikið ein svo mér finnst þetta vera eins og að koma í saumaklúbb að hitta hinar hjúkkurnar og spjalla smá. Best að nota tækifærið og kasta á þær kveðju: „Stelpur, þið eruð algjörar hetjur!“

Segðu aðeins frá jólabarninu í þér.

„Ég er eiginlega meira aðventubarn en jólabarn. Ég elska aðventuna og er ein af þessum óþolandi týpum sem byrja frekar snemma að hlusta á jólalög og svo er himneskt að labba um miðbæinn á þessum árstíma og fá sér gott að borða í góðum félagsskap. Eftir að ég skildi þá finnst mér stundum þessi árstími smá erfiður. Börnin eru hjá mér og pabba sínum til skiptis og alls konar tilfinningar tengdar



Kúlugottid hennar Berglindar sem gerði allt vitlaust.

jólunum sem eru ekki bara happy-jolly. Ég hef prófað að vera ein á aðfangadag, fjölskyldu og vinum til mikils hryllings, því mig langaði að vita hvernig sú tilfinning væri. Það var bara algjörlega dásamlegt og þá vissi ég að ég væri komin á góðan stað. Ef maður unir sér einn, þá eru manni allir vegir færir.“

Kökurnar innsiglaðar

Áttu einhverjar minningar tengdar bakstri frá bernskuárum þínum?

„Það sem kemur fyrst upp í hugann var hversu vel geymdar kökurnar voru. Það var bakað og

innsiglað og geymt fram að jólum. Mjög spes. Ég kann betur að meta frjálsræðið sem ríkir í dag.“

Áttu þér einhverja fallega minningu bak við matarástríðu þína í árána rás?

„Já, þegar ég bauð mínum bestu vinkonum heim og við bökuðum saman Sörur og vorum að njóta saman. Svona hefð sem mig langar að halda í en hefur verið frestað út af sottlu.“

Kúlugottid setti allt á hliðina

Þegar Berglind er beðin um að deila með lesendum uppáhalds-

jólasnákökuuppskrift er hún ekki lengi að hugsa sig um. „Ég er ekki mikið fyrir að flækja hlutina þegar kemur að bakstri og mér dettur strax í hug Kúlugottid dásamlega. Það er bara það allra besta í heimi. Ekki beint smákökur en svona nammikúlur. Einu sinni byrjað og þú getur ekki hætt. Það besta er að það eru fá hráefni, þú skellir öllu í hræivélina og húðar með súkkulaði. Málið dautt og úr verður heimsins besta nammi.“

Er einhver saga bak við uppskriftina?

„Þegar ég gaf út mína fyrstu matreiðslubók Fljótlegir réttir fyrir sækera (hún er því miður uppseld) þá var ég nýbyrjuð með GRGS og langaði að prufa að gefa hana út sjálf. Það er gífurleg vinna að gefa út bók sjálfur en ég lærði fullt af þeirri reynslu. Á þessum tíma vissi enginn hvað Gulur, rauður, grænn og salt var svo ég þurfti að vera dugleg að koma mér á framfæri. Ég mætti í fullt af fyrirtækjum með Kúlugottid í för og seldi ófáar bækurnar út á þessa snilld. Ég vissi að þegar fólk tæki fyrsta bitann þá væri ein bók seld. Þannig að það má þakka Kúlugottinu fyrir það að bókin er ófánleg í dag. Reyndar seldi ég óvart eintakið mitt líka þannig að ég á ekki þessa bók, sem er smá skellur, svo ef einhver er með eintak af Fljótlegum réttum fyrir sækera sem sá hinn sami vill losna við, þá má sá hinn sami hafa samband. Að lokum vil ég panta púðurnjó á aðfangadag. Annað var það ekki.“

Kúlugott

U.þ.b. 35 litlar kúlur

Bökunartími 20 mínútur

260 g hnetusmjör

50 g Rice Krispies

300 g flórsykur

30 g smjör, brætt

300 g súðusúkkulaði

Látið öll hráefnin saman í hræivél og hrærið þar til allt hefur blandast vel saman. Hnetusmjör hefur mismunandi áferð þannig að ef kúlurnar eru of blautar bætið þá meiri flórsykri saman við, ef þær eru of þurrar, bætið meira hnetusmjöri saman við. Hnoðið litlar kúlur úr deiginu. Dýfið þeim í brætt súkkulaðið og geymið á ofnplötu hulinni smjörpappír þar til súkkulaðið hefur harðnað litlilega. Geymið í kæli eða frysti og laumist í þær eftir löngun. ■

HEILSA

Fimmtudaginn 30. desember mun sérblaðið Heilsa fylgja Fréttablaðinu.

Fjallað er um allt sem viðkemur bættri heilsu. Í blaðinu verða áhugaverð viðtöl og fróðleiksmolar sem unnið er af blaðamönnum Fréttablaðsins. Boðið er upp á auglýsingapláss í blaðinu af öllum stærðum og gerðum. Einnig er hægt að fá kynningarumfjöllun sem unnin er af blaðamanni Fréttablaðsins.

Pantanir og skil á auglýsingum er til og með 29. desember.
Kynningarumfjallanir þarf að panta í síðasta lagi miðvikudaginn 22. desember.

Áhugasamir auglýsendur hafi samband við:
Sími 550 5078 / serblod@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



Það má alveg taka snúning í golfsveiflu í snjónum sé maður í góðu formi.



Ragnhildur Sigurðardóttir golfkona segist ekki hafa gætt að vítamínþúskap sínum á ketóféði og hárið hafi orðið stamt og hárlos var töluvert. Hún þakkar Smoother Skin & Hair að hárið er orðið miklu þéttara og betra.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Bætiefnalínan frá Eylif samanstendur af fjórum heilsvörum. Þær eru Active Joints, Stronger Bones, Smoother Skin & Hair og Happier Guts. Vörurnar eru framleiddar á Íslandi úr hreinum, íslenskum hráefnum.

Hárið heilbrigðara og hárlosið minnkaði

Ragnhildur Sigurðardóttir golfkennari segist hafa kynnst Smoother Skin & Hair frá Eylif í gegnum vinkonu sína, en hún hafði þjáðst af hárlosi og liflausu hári. Hún segist finna mikinn mun á sér.

Ragnhildur er þessa dagana að undirbúa vetrarnámskeið sem hefjast í janúar. „Ég kenni í golfhermum GKJ í vetur og skráningar eru í fullum gangi. Á þessum árstíma er oft rólegri í golfkennslunni en eftir að kylfingarnir fóru að átta sig á því hvað golfhermarnir hafa upp á að bjóða hefur ásóknin í þá aukist til mikilla muna. Vetrarnámskeið sem byrja oft í kringum áramót eru hins vegar mjög vinsæl og margir mæta árlega í þau til þess að vera klárir með finu hreyfingarnar sínar fyrir vorið,“ segir hún.

Ragnhildur segist hafa kynnst Smoother Skin & Hair frá Eylif í gegnum vinkonu sína, Mjöll Daníelsdóttur hárgreiðslukonu. „Hún ber ábyrgð á hárinu á mér. Henni leist ekki á blikuna þegar hún sá hvernig hárið á mér var orðið en ég var þá búin að vera á lágkolvetna/ketó mataræði í töluverðan tíma. Á ketó mataræði er manni ráðlagt að halda sig frá ávöxtum vegna

ávaxtasýkursins og ég gætti ekki að því að passa upp á vítamínþúskap líkamans,“ upplýsir Ragnhildur og bætir við.

„Hárið á mér var orðið stamt, erfitt að greiða það og það var mikið hárlos. Fljótlega eftir að ég byrjaði að nota Smoother Skin & Hair frá Eylif fór ég að finna mun og mér finnst hárið á mér verða heilbrigðara og heilbrigðara með hverjum deginum sem líður. Nú er ég búin að vera að taka það inn í u.þ.b. 4 mánuði.

Ég mun halda áfram að fylgja ketó/lágkolvetna mataræðinu því ég fann mikinn mun á líðan og heilsu eftir að ég byrjaði á því, fyrir utan ástandið á hárinu á mér. Ég er ekki frá því að ég finni mun á húðinni, en munur á liðum og meltingu var svo mikill eftir að ég byrjaði á ketó að ég get ekki alveg sagt með vissu um áhrif Smoother Skin & Hair frá Eylif á þá þætti,“ segir hún.

„Íslensk bætiefni eru ofarlega á vinsældalistanum mínum enda er uppruni innihaldsefna yfirleitt fyrsta flokks. Í leiðinni er ekki ónýtt að geta stutt við og styrkt íslenskt hugvit og framtakssemi okkar hæfasta fólks. Heilsan okkar er mikilvæg og án hennar erum við fátækari sama hversu rík við

erum á veraldlegum mælikvarða. Vilji maður ná árangri í íþróttum, leik og starfi er mikilvægt að huga að því sem okkur er nauðsynlegt til þess að líkaminn virki. Hraðinn á okkur er oft svo mikill að við gefum okkur ekki tíma til þess að gæta þess að líkaminn fái öll þau næringarefni og bætiefni sem hann þarf og þá er stórkostlegt að geta leitað til snillinganna sem sjá um að safna þeim saman fyrir okkur í litlar meðfærilegar krukur,“ segir Ragnhildur.

Smoother Skin & Hair frá Eylif inniheldur:

- Kollagen
- Smáþörungur (Astaxanthin)
- GeoSilica
- Vítamín A, B2, B6, C, D3
- Biotín
- Niasín
- Kopar
- Zink
- Joð
- Selen

Heilsan er dýrmætust

Vörulínan Eylif býður upp á fjórar frábærar heilsvörur sem reynst hafa fólki vel. Þær eru Active Joints, Stronger Bones, Smoother Skin & Hair og nýjasta varan Happier

Fljótlega eftir að ég byrjaði að nota Smoother Skin & Hair frá Eylif fór ég að finna mun og mér finnst hárið á mér verða heilbrigðara og heilbrigðara með hverjum deginum sem líður.

Guts. Vörurnar eru framleiddar á Íslandi úr hreinum, íslenskum hráefnum og engum aukefnum er bætt við. Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnandi Eylif.

„Hugmyndin að vörulínunni kom til vegna þess að mig langaði að setja saman þau frábæru hráefni sem framleidd eru á Íslandi á sjálfbærnan hátt úr íslenskum, náttúrulegum auðlindum og auka þannig aðgengi fólks að þessum hráefnum,“ upplýsir Ólöf.

Framleiðslan fer fram á Grenivík og þróun varanna er í samstarfi við sérfræðinga frá Matis. „Vinsælasta varan okkar er Active Joints sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og sýna margra ára rannsóknir fram á jákvæð áhrif þeirra,“ segir

Ólöf Rún. „Við vöndum til verka, sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi, og notum hreina, íslenska náttúruafurð og hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum.“

Hráefni sem notuð eru í bætiefninu frá Eylif eru ekki erfða-breytt. „Þau stuðla að heilbrigði og sveigjanlegri líkama því þá erum við færari um að takast á við verkferfin í dagsins önn. Við vitum öll að heilsan er okkur dýrmætust og því er svo mikilvægt að gæta vel að henni og fyrirbyggja ýmis heilsufarsvandamál. Heilbrigð melting er grunnur að góðri heilsu og þess vegna vildum við hjá Eylif bjóða upp á hágæðavöru fyrir meltinguna,“ segir Ólöf Rún. ■

Eylif vörurnar fást í öllum apótekum, Fjarðarkaupum, Hagkaupi, Nettó, Heilsuhúsinu, Krónunni og Melabúðinni. Ókeypis heimssending ef keypt er á eylif.is.

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.

Bílar & Farartæki



Nýr 2021 Mitsubishi Outlander Hybrid Spirit+ Tíglamynstruð leður á sætum. 18" álfelgur. 5 ára evrópsk verksmiðjuábyrgð. Þessir bílar hækka í verði um áramót! 4 litir á staðnum. Verð 5.950.000,-



Nýr 2021 Nissan Leaf N-Connecta 40 kWh battery. Evrópubíll í fullri ábyrgð. Eigum hvíta og svarta til afhendingar strax. 700.000 undir listaverði á aðeins 3.990.000,-

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

Keypt & Selt

Til sölu

LED leiðiskrossar



• Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagn.

• Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir krossar á leiði!



JS LJÓSAMÍÐJAN
VÉLAVERSTEDI
SLÁTTUVÉLAHJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmíðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opíð virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

Heilsa

Heilsuvörur



HEIMA ER BEZT

HEIMA ER BEZT

MÁNUDAGA KL. 19.30
OG AFTUR KL. 21.30

HRINGBRAUT

vinnvinn

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF

Náttfatadagar í Curvy

20% afsláttur

Af öllum náttfötum & kósýfötum

Dagana 10-13 desember

sjáðu úrvalið í netverslun www.curvy.is
Eða komdu við í verslun Curvy við Grensásveg

Breyttur opnunartími í desember

Opið alla virka daga frá kl. 11-18

Laugardaga frá kl. 11-18

Sunnudaga frá kl. 13-17

SENDUM FRÍTT
EF PANTAB ER FYRIR
5.000 KR EDA MEIRA



Náttkjóll
með ermum
6.392 kr
7.990 kr




Síður náttkjóll
7.192 kr
8.990 kr



Síður náttbolur
3.992 kr
4.990 kr



Náttbuxur
5.592 kr
6.990 kr



Kósýpeysa
6.392 kr
7.990 kr

Kósýbuxur
6.392 kr
7.990 kr

Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is

Merkisatburðir

- 1768** Fyrsta útgáfa alfræðiorðabókarinnar Britannica kemur út í Edinborg.
- 1799** Frakkland verður fyrsta ríki heimsins til að taka upp metrakerfið.
- 1817** Mississippi verður tuttugasta ríki Bandaríkjanna.
- 1884** Skáldsagan Stíkilsberja-Finnur eftir Mark Twain kemur út í Bretlandi.
- 1901** Nóbelsverðlaunin eru veitt í fyrsta sinn.
- 1909** Selma Lagerlöf hlýtur bókmenntaverðlaun Nóbels. Hún var fyrsti kvenkyns rithöfundurinn til að hljóta verðlaunin.
- 1924** Rauði krossinn á Íslandi stofnaður. Sveinn Björnsson sem síðar varð fyrsti forseti lýðveldisins var fyrsti formaður Rauða krossins.
- 1972** Brian Molko, forsprakki hljómsveitarinnar Placebo, er í heiminn borinn á þessum degi.
- 2005** Unnur Birna Vilhjálmstöðttir kjörin ungfrú heimur en keppnin fór fram í Sanya í Kína.



Lagerlöf, Selma Örnulfa Lovisa, 1858-1940



Áframhaldandi sigurganga Aðventu á heimsvísu

Upplestur á Aðventu eftir Gunnar Gunnarsson verður venju samkvæmt í Gunnarshúsum á Dyngjuvegi og Skriðuklaustri næsta sunnudag. Forstöðumaður Gunnarsstofnunar segir söguna eiga nóg inni þegar að alþjóðlegri velgengni kemur.

arnartomas@frettabladid.is

Síðan 2005 hefur Aðventa Gunnars Gunnarssonar um eftirleitir Fjalla-Bensa og förunauta hans á Mývatnsöræfum, verið lesin upp venju samkvæmt í Gunnarshúsum í Reykjavík og á Skriðuklaustri og verður þeirri hefð haldið áfram 12. desember, þriðja sunnudag í aðventu. Í ár les Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir, leikkona og handritshöfundur, í Gunnarshúsi á Dyngjuvegi og Þór Ragnarsson, áhugaleikari og heimamaður, í Gunnarshúsi á Skriðuklaustri.

Þessi hefð hefur einnig teygst sig út fyrir landsteinana, meðal annars til Berlínar og Moskvu.

„Síðan bókinn var gefin út á rússnesku fyrir einum tíu árum þá hefur hún verið lesin á aðventunni af Íslandsvinafélaginu í Moskvu,“ segir Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar. „Síðan hefur hún verið lesin lengi í norrænu sendiráðsbyggingunni í Berlín. Það hefur alltaf verið fullt hús þar í salnum.“

Skúli Björn segir að innanlands haldi upplestrarhefðin einnig áfram að vaxa. „Hún er búin að stimpla sig allrækilega inn sem jólasagan,“ segir hann og í ein átta ár var Aðventa lesin í Ríkisútvarpinu á aðfangadag. „Menn lesa bókina heima hjá sér, en svo skjóta upplestrar-samkomur upp kollinum hér og þar.“

Margt ósagt milli línanna

Gunnar Gunnarsson skrifaði nóvelluna Aðventu árið 1936 og kom hún út í fyrsta sinn það ár í Þýskalandi. Skúli Björn segir alþjóðlega velgengni bókarinnar vera ymsu að þakka.

„Þetta er náttúrulega stutt saga fyrir það fyrsta, innan við hundrað blaðsíður, sem á sinn þátt í því að það gengur vel hjá okkur með útgáfur erlendis. En innihaldið er auðvitað það sem skiptir máli.“

Aðventa byggir á raunverulegri persónu sem Þingeyingar, og sérstaklega Mývetningar, þekkjá sem Fjalla-Bensa.

„Gunnar vinnur með sanna frásögn sem söguefni,“ segir Skúli. „Hann les fyrst viðtal við Fjalla-Bensa í Eimreiðinni þar sem hann lýsti erfiðum eftirleitum sem hann hafði lent í, sér í lagi einni þar sem hann hafði næstum orðið úti.“

Eftir þann lestur skrifaði Gunnar svo smásögu um Fjalla-Bensa, fimm árum áður en hann skrifaði bókina sjálfa.

„Þegar hann skrifar svo Aðventu er hann búinn að fullmelta söguefnið og nær að skrifa þessa perlu sem rekur meðal annars samband manns og dýra, og síðan þessa baráttu við náttúruöflin,“ segir Skúli. „Það fer oft hrollur um mann við að hlýða á óveðurslýsingarnar.“



Gunnar Björn Gunnarsson, barnabarnabarn skáldsins, að lesa Aðventu á Skriðuklaustri 2017. Skúli Björn segir viðburðinn iðulega vera vel sóttan. MYND/ÁÐSEND



Kápa itölsku útgáfunnar af Aðventu frá 2016 er ansi jólaleg. MYND/ÁÐSEND



Það er eitthvað í Aðventu sem er alveg ótímabundið og tekur á mannkærleik og stórum lífsspurningum sem eiga alltaf við.

Skúli segir að í sögunni liggja einnig margt á milli línanna sem er ósagt.

„Það er eitthvað í Aðventu sem er alveg ótímabundið og tekur á mannkærleik og stórum lífsspurningum sem eiga alltaf við,“ segir hann. Þótt það séu 85 ár síðan bókinn var skrifuð á hún alveg jafn vel við í dag eins og vinsældirnar sanna. Hún hefur meira að segja verið þýdd á arabísku.“

Aðspurður segir Skúli Björn að langvarandi sigurganga Aðventu eigi enn nóg inni.

„Aðventa var gefin út fyrir nokkrum árum á Ítalíu og við höfum þegar fengið Ítalí til okkar á Skriðuklaustur sem segist hafa lesið bókina,“ segir hann. „Það sýnir auðvitað hversu víðlesin hún er og við eigum enn þá eftir fullt af tungumálum!“ ■



Bróðir okkar,
Haukur Gíslason

Einholti 7, Akureyri,

lést á öldrunarheimilinu
Hlíð 3. desember.

Útför hans mun fara fram í kyrrþey.

Fyrir hönd aðstandenda,
systkini hins látna.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Ingunn K. Kristensen

lést á Hrafnistu, Boðabíngi, 1. desember.

Hennar verður sárt saknað.
Ingunn verður jarðsungin frá Seljakirkju
þriðjudaginn 14. desember klukkan 15.

Allir sem vilja fylgja henni eru velkomnir en vegna sóttvarnarmarkana þarf að sýna neikvætt hraðpróf við innganginn frá viðurkenndum aðila, ekki eldra en 48 tíma. Streymt verður frá athöfninni: https://youtu.be/_LxtLO-hhcU

Karl Kristensen
Lilja Kristensen
Arnheiður I. Kristensen
Hrefna Kristensen

Oktavía Ágústsdóttir
Unnsteinn G. Jóhannsson
Oscar Diano
Gil Cereno
Jóhanna M. Kristensen
barnabörn og barnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkyningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



Okkar ástkæri

Jón Bjarnar Ingjaldsson

Grensásvegi 60,

verður jarðsunginn frá Grensáskirkju
mánudaginn 13. desember klukkan 11.

Allir eru velkomnir í kirkjuna en vegna sóttvarna þurfa kirkjugestir að sýna neikvætt hraðpróf við innganginn sem er ekki eldra en 48 klst. Hraðpróf er pantað fyrir fram á testcovid.is, covid.is eða testcovid.is. Streymt verður frá athöfninni á <https://youtu.be/Sifgu1AgvA>.

Ólafur Viðar Ingjaldsson
Guðmann Ingjaldsson
Ágúst Ólafsson

Ragnhildur Ísleifsdóttir
Eygíó Þóra Guðmundsdóttir
Sigríður Sveinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær sonur okkar og bróðir,
Bragi Óskar Baldursson

lést 1. desember á Landspítalanum
í Fossvogi. Útförin fer fram frá
Fossvogskirkju, mánudaginn
13. desember kl. 13.00.

Vegna sóttvarna eru gestir beðnir um að sýna neikvætt hraðpróf við inngöngu, ekki eldra en 48 klst. Heimapróf ekki tekin gild. Faðmlög afþökkuð í athöfn vegna Covid. Athöfninni verður streymt: laef.is/bragi-oskar-baldursson/

Anna Maggý Pálsdóttir
Lárus Baldursson
Páll Baldursson
Baldur Bárður Bragason
Róbert Badi Baldursson

Esmat Paimani Bragason



JÓLIN HLJÓMA BETUR MEÐ SAMSUNG HEIMABÍÓI

SAMSUNG The Frame á jólatilboði



Breyttu sjónvarpinu þínu í myndasafn með fallegum listaverkum, öll vinsælu snjöllu sjónvarpsforritin, veggfesting og One Connect box fylgir með, því aðeins ein snúra í sjónvarpið. Nýtt útlit, en nú er það örþunnt og hangir alveg upp við vegg! Til í stærðum frá 43" til 75".

The Frame verð:

Stærð 43" - kr. 159.900,- Stærð 50" - kr. 199.900,-
Stærð 55" - kr. 219.900,- Stærð 65" - kr. 279.900,-
Stærð 75" - kr. 419.900,-

JÓLIN ERU Í
ORMSSON

LÁGMÚLA 8 OG AKUREYRI

Glæsilegt heimabíó sem stillir hljóðið í samræmi við herbergið. Með: Dolby ATMOS, Surround sound, Q-Symphony, Space Fit Sound+



Soundbar Q710A kr. 79.920,-
á jólatilboði

Glæsilegt heimabíó sem stillir hljóðið í samræmi við herbergið. Með: Dolby ATMOS, Surround sound, Q-Symphony, Space Fit Sound+



Soundbar Q910A kr. 135.915,-
á jólatilboði


SAMSUNG QLED Q60A

á jólatilboði



Stærð 55" kr. 149.900,-
QLED Smart TV - öll vinsælu snjallforritin.

Veðurspá Föstudagur



Fremur hæg norðlæg átt í dag og víða bjartviðri, en dálítill el norðanlands fram eftir degi. Kólnandi veður og frost 0 til 6 stig síðdegis. Snýst í vaxandi austanátt og þykknar upp um landið suðvestanvert í kvöld með hlýnandi veðri. ■

Skák Gunnar Björnsson



Krossgáta

- LÁRÉTT**
1 skár
5 ellegar
6 klišur
8 fjandskapur
10 átt
11 stafur
12 greinilegur
13 eining
15 sköpun
17 glepja
- LÓÐRÉTT**
1 réttast
2 skriðdýr
3 málfæri
4 fluga
7 einhuga
9 belgur
12 viðskipti
14 málmur
16 tveir eins

1	2	3	4		
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15					16
	17				

LÁRÉTT: 1 betur, 5 eða, 6 ys, 8 illska, 10 na, 11 samræða, 9 sekur, 12 sala, 14 tít, 16 rr.
LÓÐRÉTT: 1 beinast, 2 eða, 3 tal, 4 rýkmy, 7 eim, 12 skýr, 13 stak, 15 tilurð, 17 narra.

Horvath átti leik gegn Dantar í Ungverjalandi árið 1981.

1. Dxb5! axb5 2. Ha8 Kd8 3. Bb7 Bb8 4. Hxb8 Kc7 5. Hxc8+ Kxb7 6. Rxd6+ Kb7 7. Hb1 1-0. Ellefta og mögulega síðasta skák heimsmeistarainvígisins, ef Carlsen vinnur, fer fram í dag. Friðriksmót Landsbankans fer fram á morgun. Nánast allir bestu skákmenn landsins taka þátt. Beinar útsendingar á netinu.

www.skak.is: Allt um Friðriksmót Landsbankans. ■

Sudoku

8	3							
		5	4	3	7	1	2	
			5		9			3
				5	8	3	7	
9	8			6				
2		7	9					
			1				6	4
	2				5	8		
	6				1	7		


		5						6
							4	1
			4		9			
	1	3		8	5			7
				7			2	
6			9	2				3
3		1	5	9				
	9		7		6	3		2
			8				5	

Þrautir felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Geljan



Barnalán



RISTORANTE Caruso

AUSTURSTRÆTI 22

Gjafabréfin okkar eru tilvalin jólagjöf fyrir þá sem eiga allt

Við gefum 20% afslátt af öllum gjafabréfum fram að jólum

Borðapantanir í síma 5627335
caruso@caruso.is

FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið

Neitaði að missa af þjóðsöngnum

Íslenska kvennalandsliðið í hóp-fimleikum varð Evrópumeistari um síðustu helgi með afar dramatískum hætti. Liðið vann mótið, sem fór fram í Portugal, með minnsta mögulega mun og landsliðsfyrirlíðinn **Andrea Sif Pétursdóttir** sleit hásin í síðasta stökkinu. Andrea segir frá því hvernig tilfinningin var að vinna loks gull eftir þrjú silfur á síðustu mótum og láta halda á sér upp á verðlaunapallinn.



Eldgos og bólusetningar á Instagram

Máni Pétursson og Fanney Birna Jónsdóttir settust á rökstóla og fóru yfir árið 2021 sem senn er á enda. #MeToo-byltingin og heimsfaraldur Covid settu sinn svip á spjallið þeirra á milli, rétt eins og árið sjálft, en í ljós kom að hvorugt þeirra fór að eldgosinu í Geldingadöllum.

Jólaseriuóð

Þórunn Ívarsdóttir, eigandi þorslunarinnar Valhnetu, er mikið jólabarn og elskar að gera notalegt í kringum sig þegar myrkrið verður allsráðandi. Hún byrjar að skreyta um miðjan nóvember og segist hafa verið jólaseriuóð frá því hún var krakki.



Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi.

Sæfarar, hipsterar, söngvarapör þurfa söfn til að kanna og lakkrísör.



Brandenburg | sía

Þegar þú velur íslenska vöru eða þjónustu skilar það sér aftur til þín. Þú styður við íslenskan iðnað, verslun, framleiðslu og hugvit. Þannig skapast verðmæti og störf, samfélaginu okkar til góða.

Kynntu þér málið á gjoridsvovel.is.

ÍSLENSKT

LÁTTU ÞAÐ GANGA

Leit að hamingjunni

BÆKUR

Fegurðin ein
Guðmundur Steingrímsson
Útgefandi: Bjartur
Fjöldi síða: 208

Björn Porláksson

Fegurðin ein hefst á siguraugnabliki Önnu í leikhúsinu, sem hrifur lesandann inn í heim sem svo sannarlega er spennandi og áhugaverður.

Upphaf þessarar nýjustu skáldsögu Guðmundar Steingrímssonar grípur því lesandann nokkuð þéttum tókum. Það hefði verið gaman að fá að skyggjast enn frekar um bak við tjöldin í leikhúsinu.

Ástir og afbrýði koma snemma til sögunnar. Anna, aðalpersóna bókarinnar, er milli stafs og hurðar í bókarbyrjun. Þegar henni býðst óvænt ferðalag til Tene lætur hún slag standa, kannski til að flýja ósköpin heima fyrir, sem hún er þó að nokkru leyti ábyrg fyrir sjálf.

Ferðin verður öðruvísi en ætlað er. Látlausar óvæntar upptakomur verða á vegi hennar. Insta-drottningar og -kóngar taka sitt pláss, sem og ýmsir ruglaðir karlar. Þá er ógetið tilgangs ferðarinnar. Að finna fallegt en „venjulegt“ fólk.

Eftir því sem atburðarásin verður farsakenndari verður erindi bókarinnar óljósara. Léttmetið stangast sumpart á við hnyttið líkingamál, sögulegan fróðleik og snjallar samfélagsgreiningar.

Bókin er oft fyndin og stundum íhugul. Kannski hefði mátt eiga betur við hlutföll, byggingu og framsetningu. Kaflarnir sem varða mannkyn í aldanna rás eru listilega gerðir, enda höfundur þar á heimavelli sem hugsandi manneskja.

Leitin að hamingjunni og spurningar um ást og kynlíf eru klassískt viðfangsefni. Persónusköpun geldur aftur á móti fyrir hve sagan er viðburðadrifin. En í öllu falli er hugrekki höfundar lofsvert, enda er hann þekktur fyrir að fara ekki troðnar slóðir.

Það er nefnilega leitun að öðrum eins renaissance manni og Guðmundi Steingrímssyni. Hann virðist jafn fær um að stofna stjórnmalaflokk, spila listavel á harmónikku og að skrifa ólíkar bækur, ekki síst liggur eftir hann frábært efni fyrir börn. Maður getur því ekki annað en borið virðingu fyrir kraftinum og fjölhæfninni.

Það er líka forvitnilegt að kynnst tilraun karls á miðjum aldri að skrifa bók sem þessa, þá tegund bóka sem konur skrifa oftast sjálfar.

Innst inni virðist samt blunda í höfundi löngun til að bókin verði eitthvað meira en létt og skemmtileg afþreying. Um það vitna meðal annars sögulokin. ■

NIÐURSTADA: Erindi bókarinnar er svolítið óljóst en sagan er skemmtileg og höfundur fær enn eitt prikið fyrir sjálfstæði og hugrekki.



Þetta er mjög erfitt og viðkvæmt efni sem fjallar meðal annars um ofbeldi innan fjölskyldu, segir Hlín.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Konur af minni kynslóð drusluskömmuðu sjálfar sig

Meydómur heitir fjórða skáldsaga Hlínar Agnarsdóttur. Bókin er sannsaga sem er bæði bréf til föður Hlínar og uppgjör á ofbeldi sem hún varð fyrir sem ung kona. Hlín segir #MeToo-umræðu síðustu ára hafa vakið upp miklar vangaveltur um þá drusluskömmu sem hún og konur af hennar kynslóð beittu sjálfa sig.

Porvaldur S. Helgason

Hlín Agnarsdóttir hefur unnið jöfnum höndum sem rithöfundur, leikskáld, leikstjóri og gagnrýnandi svo áratugum skiptir. Hún sendi í haust frá sér sína fjórðu skáldsögu, sannsögu sem ber titilinn Meydómur. Hlín segir bókina í senn vera bréf til föður síns og bréf til hennar sjálfar sem ungrar stúlku.

„Bókin heitir Meydómur og fjallar um leið stúlkubarns frá sakleysi bernskunnar til uppreisnar unglingsáranna, það er svona hin klassíska kynning á bókinni. En hún fjallar voðalega mikið um æskuna eins og hún kom okkur fyrir sjónir, sem ólumst upp í Reykjavík á sjötta og sjöunda áratugnum og fram á áttunda áratuginn. Bókin spannar brot frá fyrstu sextán árunum í lífi mínu og þess vegna kalla ég hana sannsögu,“ segir Hlín.

Erfitt og viðkvæmt efni

Að sögn Hlínar á bókin rætur sínar að rekja til ljóðahandrits sem hún skrifaði árið 2007, en byrjaði svo að útfæra sem prósavverk 2013. Ljóðunum er dreift í gegnum verkið og myndar prósin einn konar vef í

”

Auðvitað var þetta erfitt og það sést allt á því hvað þetta er búið að taka langan tíma. En svo er ég líka bara mjög sátt við að hafa gefið sjálfri mér tækifæri til að losa mig við þetta.

Hlín Agnarsdóttir

kringum þau. Þá segir Hlín sannsögun henta einkar vel til að blanda saman þessum ólíku formum, en sem bókmenntagrein stendur hún á mörkum skáldskapar og ævisögu.

„Það hefur verið gefandi í sjálfum skrifunum að fást við einmitt þetta. En það hefur líka verið flókið og tekið langan tíma. Ég byrja að skrifa þessa bók 2013, legg hana síðan til þess að skrifa skáldsögu til þess að hvíla mig, því þetta er mjög erfitt og viðkvæmt efni sem fjallar meðal annars um ofbeldi innan fjölskyldu. Um það hvernig stúlka breytist í konu. Þetta er saga um það hvernig kvenleikinn verður til og eiginlega get ég sagt að þetta sé einhvers konar afmeyjunarferli í margs konar merkingu orðsins,“ segir hún.

Þetta er mjög persónuleg bók sem fjallar um átakanlega atburði. Var erfitt að ganga svo nærri sjálfri þér?

„Ég er náttúrulega orðin mjög full-orðin manneskja og ákvað fyrir mitt leyti að nú væri kominn tími til að tala hreint út um ákveðna hluti. Það má eiginlega segja að það ofbeldi sem ég hef orðið fyrir hafi legið á mér eins og mara í gegnum allt lífið. Auðvitað var þetta erfitt og það sést allt á því hvað þetta er búið að taka langan tíma. En svo er ég líka bara mjög sátt við að hafa gefið sjálfri mér tækifæri til að losa mig við þetta.“

Tabú að ræða kynferðisofbeldi

Undanfarin ár hafa konur í sífellt meiri mæli stigið fram og sagt frá reynslu sinni af kynferðislegu ofbeldi og áreitni. Hlín tók sjálf virkan þátt í kvenréttindabaráttunni upp úr 1970 þegar hún var ung stúlka, en hún segir mikið vatn hafa runnið til sjávar síðan þá og fannst tíminn vera kominn til að segja sína sögu.

„Það sem ég er meðal annars að skrifa um í þessari bók er það hvernig ég og fleiri konur af minni kynslóð drusluskömmuðu sjálfar sig. Umræða undanfarinna ára um kynferðisofbeldi gagnvart konum hefur vissulega vakið upp hjá manni ýmsar þælingar um það hvernig þetta var í mínu lífi sem ung kona. Þetta var svo mikið tabú á okkar tímum. Þrátt fyrir alla þessa kvenfrelsisumræðu og þrátt fyrir þessar svokölluðu frjálsu ástir sem komu í kjölfar hippatímans. Það voru í raun og veru bara frjálsar ástir fyrir karlmenn, konurnar voru enn þá viðföng karlmanna,“ segir Hlín. ■



Starfsfólk bókaverslana er stórhriðið af bók Friðu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Merking þótti best

kolbrunb@frettabladid.is

Starfsfólk bókaverslana valdi á dögunum bestu bækur ársins. Merking eftir Friðu Ísberg var valin besta íslenska skáldsagan. Besta ljóðabókin var Ég brotna 100% niður eftir Eyðísi Blöndal.

Sterk eftir Margréti Tryggvadótt-

ur var besta ungmennabókin og Fagurt galaði fuglinn sá eftir Helga Jónsson og Önnu Margréti Marínósdóttur var besta barnabókin. Ólafur Ragnar Grímsson átti bestu ævisöguna, Rætur og Laugavegur eftir Önnu Dröfn Ágústsdóttur og Guðna Valberg þótti besta fræðibókin. ■




BÍLAAPÓTEK

VIÐ VESTURLANDSVEG

Þú færð líka gjafaöskjur í bílalúgunni

Renndu við í lúguna, einfalt, fljótlegt og þægilegt.

Dömu og herra
snyrtivörukassar
beint í bílinn



Bílaapótekið við Vesturlandsveg

Opið 9 – 22 alla daga

Þú finnur Lyfsalann í Glæsibæ, Urðarhvarfi og bílaapótek Vesturlandsvegi

GLÆSIBÆR
Opið virka daga 8.30 - 18.00

URÐARHVARF
Opið virka daga 9.00 - 17.30

BÍLAAPÓTEK VIÐ VESTURLANDSVEG
Opið alla daga 9.00 - 22.00

Föstudagur

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Sportvikan með Benna Bó** Nýr íþrótt- og skemmti-þáttur með Benedikt Bóas.
- 19.30 Sportvikan með Benna Bó** Nýr íþrótt- og skemmti-þáttur með Benedikt Bóas.
- 20.00 Bíóbærinn** Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bióspjalli.
- 20.30 Fréttavaktin**
- 21.00 Sportvikan með Benna Bó (e)**

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi**
- 13.10 Kastljós**
- 13.25 Menningin**
- 13.30 Mósaik 2002-2003**
- 14.05 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins**
- 14.20 Argentina - Brasilía** Bein útsending frá leik Argentínu og Brasilíu í milliriðli á HM kvenna í handbolta.
- 16.00 Poirot** Agatha Christie's Poirot.
- 16.55 Heimilistónajól**
- 17.20 Jóln hjá Claus Dalby**
- 17.30 Jóladaatalið. Jólásótt**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Jóladaatalið. Saga Selmu**
- 18.14 Jóladaatalið. Jólásótt**
- 18.40 Húllumhæ** í þáttunum Húllumhæ er menning og fjör í forgrunni. Við förum í leikhús, hlustum á tónlist og rýnum í bækur.
- 18.50 Jólalag dagsins** Jólalag Ung-RÚV 2018
- 19.00 Fréttir.**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.40 Jólin koma** Diddú og Ragnheiður Gröndal.
- 20.10 Kappsmál** Keppendur kvöldsins eru þau Salka Sól Eyfeld, Arnar Freyr Frostason, Lóa Björk Björnsdóttir og Eygló Hilmarsdóttir.
- 21.10 Vikan með Gisla Marteini**
- 22.05 Skrimslíð kemur A Monster Calls** Ævintýrleg mynd um Conor, ungan dreng sem kallar sér til hjálpar vinveitt trjáskrimslí. Conor glímir við meiri erfiðleika en flestir á hans aldri. Einstæð móðir hans er veik, hann á litla samleið með strangri ömmu sinni og krakkarnir í skólanum leggja hann í einelti. Trjáskrimslíð ákveður að segja honum þrjár sögur ef hann segir því sína sögu á móti. Myndin er byggð á samnefndri sögu eftir Patrick Ness. Aðalhlutverk: Lewis MacDougall, Sigourney Weaver og Felicity Jones. Leikstjóri: Juan Antonio Bayona. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
- 23.50 DNA DNA**
- 00.30 Dagskrárlök**

Stöð 2 Golf

- 07.25 Honda LPGA Thailand**
- 12.10 PGA Special. Tour Life** Áhuga-verður þáttur um lífið í PGA.
- 12.35 Pure Silk Championship**
- 15.40 PGA Special. Journeys** Sérstakur þáttur frá PGA.
- 16.00 Hero World Challenge** Hápunktarnir á PGA mótunum
- 17.00 QBE Shark Shootout** Bein útsending frá QBE Shark Shootout-mótinu.
- 21.00 PGA Tour. The Cut**
- 21.25 Aramco Team Series - Sotgrande**

Sjónvarp Símans

- 11.30 Dr. Phil**
- 12.15 The Late Late Show**
- 13.00 Bachelor in Paradise**
- 14.35 The King of Queens**
- 14.55 Everybody Loves Raymond**
- 15.20 My Little Pony. The Movie - isl. tal**
- 17.00 Fjár sjóðsflakkarar (19.52)**
- 17.10 Fjár sjóðsflakkarar (20.52)**
- 17.25 Tilraunir með Visinda Villa**
- 17.30 Jóladaatal Hurðaskellis og Skjóðu**
- 17.35 Dr. Phil**
- 18.20 The Late Late Show**
- 19.05 Jóladaatal Hurðaskellis og Skjóðu**
- 19.10 Carol's Second Act**
- 19.40 Black-ish**
- 20.10 The Bachelorette**
- 21.40 Bridget Jones. The Edge of Reason**
- 23.25 The Sixth Sense**
- 01.15 Triple 9**
- 03.10 Tónlist**

RÚV Rás eitt

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
- 06.50 Morgunvaktin**
- 07.00 Fréttir**
- 07.30 Fréttayfirlit**
- 08.00 Morgunfréttir**
- 08.30 Fréttayfirlit**
- 09.00 Fréttir**
- 09.05 Í ljósi sögunnar**
- 09.45 Morgunleikfimi**
- 10.00 Fréttir**
- 10.03 Veðurfregnir**
- 10.13 Óskastundin**
- 11.00 Fréttir**
- 11.03 Mannlegi þátturinn**
- 12.00 Fréttir**
- 12.03 Hádegisdagur** Fyrri og seinni hluti.
- 12.20 Hádegisfréttir**
- 12.42 Hádegisdagur**
- 13.00 Dánarfregnir**
- 13.02 Samfélagið**
- 14.00 Fréttir**
- 14.03 Glansljósmyndir.** Myndir annarra.
- 15.00 Fréttir**
- 15.03 Sögur af landi**
- 16.00 Síðdegisfréttir**
- 16.05 Vinill vikunnar**
- 17.00 Fréttir**
- 17.03 Lestarklefinn**
- 18.00 Spegillinn**
- 18.30 Brot úr Morgunvaktinni**
- 18.50 Veðurfregnir**
- 18.53 Dánarfregnir**
- 19.00 Flugur** Fyrsta stóra plata Hljóma.
- 19.45 Lofthelgin**
- 20.35 Mannlegi þátturinn**
- 21.40 Kvöldsagan. Í verum, seinna bindi (21 af 32)**
- 22.00 Fréttir**
- 22.05 Veðurfregnir**
- 22.10 Samfélagið**
- 23.05 Lestarklefinn**

Stöð 2 Bíó

- 11.55 Like Cats & Dogs**
- 13.25 Monster in Law**
- 15.00 Johnny English**
- 16.25 Like Cats & Dogs**
- 17.55 Monster in Law**
- 19.30 Johnny English**
- 21.00 The Twilight Saga. New Moon**
- 23.05 The Hangover Part 2**
- 00.45 Running With the Devil** Spennandi glæpamynd frá 2019 með Nicolas Cage og Laurence Fishburne. Stór farmur af kókaini hverfur á dularfullan hátt á leiðinni milli Mexíkó og Kanada. Leiðtogi eitruþjófningarsins fær tvo af aðstoðarmönnum sínum til að komast að því hvað fór úrskeiðis.
- 02.15 The Twilight Saga. New Moon**

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn**
- 08.20 The Mentalist**
- 09.05 Bold and the Beautiful**
- 09.25 Jóladaatal Árna í Árdal** Ómissandi aðventuþættir með Árna Ólafi úr Hinu blómlega búi. Hér mun hann koma öllum í rétta hátíðarskapið og reiða fram einn rétt á dag fram að jólum.
- 09.30 Gossip Girl**
- 10.15 Supernanny**
- 10.55 Curb Your Enthusiasm**
- 11.30 Flipping Exes**
- 12.10 Friends**
- 12.35 Nágrannar**
- 12.55 The Great British Bake Off**
- 13.50 Aðventan með Völu Matt** Stórgóðir þættir með Völu Matt þar sem við fáum hugmyndir um það hvernig við getum haft það notalegt á aðventunni og jóluum.
- 14.15 Shark Tank**
- 15.00 The Great Christmas Light Fight**
- 15.40 The Christmas Train** Frábær jólamynd frá 2017 sem byggð er á metsölubók eftir David Bal.
- 17.25 Bold and the Beautiful**
- 17.50 Nágrannar**
- 18.20 Annáll 2021** Fréttastofa Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar rifjar upp árið alla virka daga í desember.
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakkinn**
- 18.55 Britain's Got Talent Christmas Special**
- 20.25 A Welcome Home Christmas**
- 21.50 Fatman**
- 23.30 Joker**
- 01.30 Curb Your Enthusiasm**
- 02.05 Friends**
- 02.25 The Mentalist**
- 03.10 The Christmas Train**

Stöð 2 Sport

- 07.25 Subway Körfuboltakvöld**
- 08.20 Tilþriffin**
- 09.05 Þór Þ. - KR** Útsending frá leik í Subway-deild karla.
- 10.45 Stjarnan - Njarðvík**
- 12.30 Tilþriffin**
- 13.15 Skallagrímur - Fjölnir** Útsending frá leik í Subway-deild kvenna.
- 14.55 Keflavík - Valur**
- 16.35 Subway Körfuboltakvöld**
- 17.30 Þór Þ. - KR**
- 19.10 Tilþriffin**
- 20.00 Keflavík - Tindastóll** Bein útsending frá leik í Subway-deild karla.
- 22.00 Subway Körfuboltakvöld**
- 23.05 Stjarnan - Afturelding** Útsending frá leik í Olís-deild kvenna.
- 00.25 Stjarnan - Afturelding** Útsending frá leik í Olís-deild karla.

Stöð 2 Sport 2

- 07.00 Zorya Luhansk - Bodö/Glimt**
- 08.40 Lyon - Rangers**
- 10.20 Lazio - Galatasaray**
- 12.00 West Ham - Dinamo Zagreb**
- 13.40 FCK - Slovan Bratislava**
- 15.20 AZ Alkmaar - Randers**
- 17.00 NFL Gameday**
- 17.30 Casademont Zaragoza - Real Madrid**
- 19.05 The Fifth Quarter**
- 19.40 Knicks - Nuggets**
- 21.20 Cavaliers - Jazz**
- 23.25 Urbas Fuenlabrada - Valencia Basket**
- 01.00 The Fifth Quarter**

BÍÓ
bærinn

BÍÓBÆRINN

FÖSTUDAGA KL. 20.00

Gunnar Anton og Árni Gestur fara yfir þær kvikmyndir sem eru væntanlegar í bíóhús landsmanna og dusta einnig rykið af gömlum gullmolum og fræða áhorfendur um leyndardóma kvikmyndaheimsins.



HRINGBRAUT

Jólagjafir sælkerans

Ostakörfur
4 stærðir

Verð
frá **4.499** kr/stk



HAGKAUP



Il Boschetto
kryddstaukar

Verð
frá **2.699** kr/stk



15
mánaða

Monte Nevado
Serrano læri 7 kg

17.999 kr/stk



Olio Nitti
Í fallegum
gjafakassa

Verð
frá **4.490** kr/pk



Stonewall
gjafapakningar

Verð
frá **2.599** kr/pk



Ferrero
Collection

1.899 kr/pk



Hamlet konfekt
frá Belgíu

Verð
frá **1.599** kr/pk

■ Hvar ertu?

Kíkt í góða jólastál

**Þór Saari***hagfræðingur*

„Núna er ég bara á bílastæðinu fyrir utan Gló í Faxafeninu, eða einhverju Feninu. Ég var að borða,“ segir Þór Saari, hagfræðingur og

fyrirverandi alþingismaður. „Ég fer svona stundum,“ segir Þór, þegar hann er spurður hvort hann sé kominn á kaf í hollustuna. „Þeir eru núna með einhverja sérstaka jólastál sem er alveg rosalega góð, sko. Ég mæli með þessu. Þetta er fint.“ ■

■ Á skjánum



Gjörðsamlega elskar tengdasoninn Tom

odduarvar@frettabladid.is

**Stefán Árni Pálsson***sjónvarpsmaður*

Ég er aðallega að horfa á handbolta þessa dagana. Hef lítinn tíma í

annað, en það er eitt sem ég verð hreinlega að gefa mér tíma í og það eru þættirnir Succession á Stöð 2.

Ég er mikill New York-maður og þessir þættir gefa manni þessa borg beint í æð, tónlistin er geggjuð og karakterarnir sturlaðir. Sérstaklega tengdasonurinn Tom. Þann mann gjörðsamlega elska ég.

Svo er ég mikið að vinna með Latabæ. Horfi daglega með sextán mánaða dóttur minni. Illa nettir þættir og Stefán Karl stórkostlegur. Mikill missir í þeim yndislega manni. Annars hvet ég bara alla til að horfa á handbolta, skemmtilegra en allir þættir og kvikmyndir. ■

Allt of mikið fjör til þess að hægt sé að hlusta á líkamlegu hættumerkin

Baldur Ragnarsson er rokkari ekki einhamur, en milli þess sem hann heillar leikhúsgesti í Guðmundarlundi og framleiðir vinsælustu hlaðvörp landsins, semur hann tónlist á glænýjan gítar fyrir stærstu þungarokkssveit landsins, sem er alls ekki hætt.

odduarvar@frettabladid.is

Varla er dauða stund að finna í sólarhringnum hjá Baldri Ragnarssyni, sem stendur ásamt Leikhópnum Lottu á sviði í leikverkinu Ævintýri í Jólaskógi í Guðmundarlundi, semur glænýja tónlist með félögum sínum í Skálmöld sem hyggur á endurkomu eftir pásu og svo framleiðir hann vinsælustu hlaðvörp landsins fyrir Hljóðkirkjuna.

„Trikkið er eiginlega bara að hundska öll varnarskilaboð frá líkamanum og vona það besta,“ segir Baldur, þegar hann er spurður hvernig hann fari að þessu. „Nei, nei, þetta bara spurning um gott skipulag og forréttindin eru náttúrulega þau að ég er aldrei að gera eitthvað sem mér þykir leiðinlegt.“

Gleði í Guðmundarlundi

Ævintýri í Jólaskógi var fyrst sett á svið í Guðmundarlundi í fyrra, en þá tók Baldur ekki þátt og heillaðist sjálfur upp úr skónum. „Ég er sá eini í hópnum sem er hæfur til að meta hversu mikil snilld þetta er, því þau voru öll meira og minna í þessu í fyrra.“

„Mér hefur aldrei verið kipt jafn harkalega út úr raunheimum í leikhúsi. Þarna eru sagðar fjórar smásögur úti í skógi í vasaljósaleikhúsi þar sem er auðvelt að halda fjarlægð. Ég vissi ekkert þegar ég mætti og þetta er heilmikil upplifun,“ segir Baldur. Hann viðurkennir að þetta sé keyrsla enda um þrettán sýningar á dag. Eftir að rökkva tekur.

„Maður finnur ótrúlega lítið fyrir því og þetta er svo hryllilega gaman og fólk er svo glatt því það er svo flókið að ætla að gera eitthvað með fjölskyldunni þessa dagana og þetta er framúrskarandi upplifun.“

Skálmaldarpásan búin


Þungarokkssveitin Skálmöld lýsti því yfir í lok desember 2019 að hún væri farin í pásu. „Fólk misskildi þetta eitthvað. Við vorum alls ekki hættir,“ segir Baldur hlējandi. „Við fundum það eftir þessa hvíld að



Baldur segist aldrei hafa séð hljóðfæri sem hafi öskrað eins mikið á sig og þessi gítar, sem hafi verið eins og sérsníðaður fyrir kappann. MYNDIR/ADSENDAR



Veruleikinn hverfur í skóginum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Baldur segir gesti gríðarlega glaða. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Trikkið er eiginlega bara að hundska öll varnarskilaboð frá líkamanum og vona það besta.

þetta væri allt of gaman til að gefa alfarið upp á bátinn.“

Baldur eignaðist nýlega glænýjan gítar, smíðaðan af Gunnari Erni Sigurðssyni. „Ég hef bara aldrei séð hljóðfæri sem hefur öskrað jafn mikið á mig úr fjarlægð. Það var eins og ég hefði verið hafður með í ráðum frá fyrstu handahreyfingu,“ segir Baldur. Hann segir gítarinn koma sér vel, en þeir í Skálmöld hittust á dögnum og eru byrjaðir að semja nýtt efni.

„Þegar maður sest niður með nýtt hljóðfæri, sem maður tengir svona vel við, þá allt í einu byrjar maður að semja öðruvísi lög og gleymir

sér gjörðsamlega og það er það sem er að gerast núna. Þannig að allt þetta sem ég er að semja núna fyrir Skálmöld kemur frá nýjum stað. Hann er ótrúlegur þessi gítar.“

Þeir félagar verða með tónleika í Eldborg á næsta ári í tilefni af tíu ára afmæli plötunnar Börn Loka. „Þetta verður veisla og það verða óvæntir gestir með okkur.“

Baldur segir meðlimi sveitarinnar sultuslaka og óljóst hvenær nýja efnið kemur út. „Við erum ekki í neinu stressi. Það er fátt skemmtilegra en að búa til músík með vinum sínum þannig við höldum því bara áfram.“ ■

■ Sérfræðingurinn

Stóri vinningurinn kallar á að freyðivínsflaska verði opnuð

**Björn Berg Gunnarsson***höfundur bókarinnar Peningar*

„Í dag verður hellt úr stærsta potti Hapdrættis Háskóla Íslands til þessa, þegar

heilar 110 milljónir króna falla á einn gullsleginn miða,“ segir Björn Berg Gunnarsson, deildarstjóri greiningar og fræðslu Íslandsbanka og höfundur bókarinnar Peningar, sem var af þessu tilefni beðinn um að setja þessa fjárhæð í samhengi.

„Eins langt og það nú nær, því

sigurvegarinn hlýtur að fjárfesta í 69 þúsund miðum í næsta drætti til að vinna aftur,“ bætur Björn við. „Eftir að hafa burðast út úr Smáralindinni með burðarpoka á pari við Húsavíkurhelluna er ekki úr vegi að vinningshafinn hugi að því að greiða niður skuldir.“

Sá aldurshópur landsmanna sem skuldar mest er á aldrinum 45-49 ára og ef hinn heppni er dæmigerður fulltrúi þess hóps má losa sig við allar skuldirnar og eiga 95 milljónir í afgang til að leika sér.

Ef ætlunin er þó að koma sér upp þaki yfir höfuðið, segjum í sérbylí, fer mögulegur fermetrafjöldi að sjálfsögðu eftir staðsetningu. Ef við leikum okkur aðeins með fer-

metra verð virðast ekki fást nema rétt ríflega 180 fermetrar í sérbylí fyrir 110 milljónir í Ása- og Flatahverfum Garðabæjar, en hátt í 300 fermetrar á Akranesi og yfir 700 fermetrar á Hofsi, að því gefnu að sjálfsögðu að til sölu sé 700 fermetra einbýlishús á Hofsi.

Mikilvægast er þó að sjálfsögðu að gleyma sér ekki í fagnaðarlátunum, þó svo við gerum að sjálfsögðu kröfu um að í það minnsta ein freyðivínsflaska sé rifin upp. Öllu flóknara viðfangsefni er að haga málum með þeim hætti að stóri vinningurinn beri áfram ávöxt og hægt verði að njóta hans til framtíðar. En það er önnur saga.“ ■



Þetta eru 110 milljónir íslenskra króna í þúsundköllum. MYND/ADSEND

BRAUÐ
— & CO —

Mættir á vaktina!

Frír uppáhellingur fyrir orkulyklahafa í desember

Við óskum vinum okkar hjá Brauð&Co til hamingju með fyrsta kaffihúsið og bílalúgubakarið á Laugavegi 180 (Næturvaktarhúsinu). Hlökkum til að sjá ykkur.



Fyrir jól og áramót

Fléttubrauð, skrautrúnstykki, súpurúnstykki og gróf snittubrauð, fín og gróf samlokubrauð, partýbrauð 15 og 30 kúla



Pantið í verslunum okkar eða hringið í síma 561 1433



GLEÐILEG JÓL



mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35

www.bjornsbakari.is



GEFÐU GJÖF TIL HEILLA
HEILLAGJAFIR.IS



Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Fékk trommara Florence + The Machine til liðs við sig

Sænsk-íslenska söngkonan Hanna Mía Brekkan gefur í dag út lagið Like a tree, sem trommuleikari Florence and the Machine, Matt Ingram, hljóðblander. Lagið er af plötunni Human, sem kemur út í heild sinni á gamlársdag.

ninarichter@frettabladid.is

Söngkonan Hanna Mía Brekkan sendir frá sér plötuna Human á gamlársdag en forsmekkurinn af því sem koma skal, lagið Like a tree, kemur út í dag. Matt Ingram, trommari rokkhljómsveitarinnar margverðlaunuðu Florence and the Machine, hljóðblander lagið.

Hanna Mía segist hafa tekið plötuna upp í Reykjavík þegar samgöngubann stóð sem hæst í fyrri. Hún segist hafa hlustað mikið á tónlistarkonuna Lauru Marling á þeim tíma og í framhaldinu farið að velja fyrir sér hljóðblönduninni sem Marling notaði.

„Ég fann í framhaldinu Instagram-ið hjá Matt Ingram. Hann var nýkominn í útgöngubann í Bretlandi og var að auglýsa eftir verk efnum,“ segir Hanna Mía. Alla jafna hefði Matt verið á tónleikaferðalagi með Florence and the Machine, sem tilnefnd hefur verið til sex Grammy-verðlauna. Matt sló til og úr varð lokaafurðin, platan Human, sem kemur út í heild sinni á síðasta degi ársins.

Pródúsent plötunnar er Salka Valsdóttir, sem hefur getið sér gott orð með Reykjavíkurdætrum og Cyber. Leiðir Sölku og Hönnu Míu lágu saman á námskeiði sem Hanna Mía sótti fyrir nokkrum árum. „Ég kynntist Sölku á raftónlistar-námskeiði árið 2016 þegar ég var nýkomin til Íslands,“ segir Hanna Mía og bætir við að það sé búið að vera skemmtilegt að fylgjast með ferli Sölku dafna.

Amma fór holi í höggi

Hanna Mía samdi lagið Like a tree um íslensku ömmu sína sem lést 2019. „Ég var úti að labba í snjókomu veturinn eftir að amma lést. Það var svo fallett úti og ég hugsaði með mér að nú væri ég flutt til Íslands, þar sem amma bjó þegar hún var



Hanna Mía Brekkan fékk trommara einnar stærstu rokkhljómsveitar heims til að hljóðblanda plötu fyrir sig í miðju samgöngubanni. MYND/CAT GUNDRY BECK



Ég ákvað að læra sjálf á gítar til að hækka aðeins standardinn.

ung. Hún gekk þessar götur eins og ég,“ segir Hanna Mía.

Amma Hönnu Míu hét Ólöf Helga Brekkan. Hanna Mía segir að Ólöf Helga hafi verið ein fyrstu kvenna á Íslandi til að starfa sem tannrétt- ingalæknir. Ólöf Helga rataði síðan í fréttir árið 2011 þegar hún fór holi

í höggi á golfvelli á Seltjarnarnesi, þá 82 ára gömul.

Samdi lag um ást á höfrungum

Hanna Mía segist hafa samið fyrsta lagið sitt þegar hún var tíu ára gömul. „Ég samdi þá lag fyrir Eurovision. Það fjallaði um ást mína á höfrungum,“ segir hún og hlær. „Ég er með leyni-hlekk á það lag,“ bætir hún við.

„Svo lærði ég sjálf á gítar á netinu þegar ég var þrettán ára. Þá var ég í sumarþúðum og á kvöldin var spilað og sungið, mér fannst það svo illa gert að ég ákvað að læra sjálf á gítar til að hækka aðeins standardinn,“ segir Hanna Mía glettin.

Like a tree er aðgengilegt hlustendum á streymisveitum. ■

Krókur á mót Danmerkurbragði

ninarichter@frettabladid.is

Auður Ingólfssdóttir var búin að kaupa sér flugmiða til Kaupmannahafnar, aðra leiðina, þegar örlogin gripu fram fyrir hendurnar á henni og leiddu hana á Saudárkrók, þar sem hún unír hag sínum jafnvel betur en hún hefði gert í Köben.

Hún á íbúð í Reykjavík en segir húsnæðisverðið á Saudárkróki margfalt lægra en í borginni og því takist henni í dag að borga lánin af íbúðinni hraðar en áður.

„Ég var síðan fljót að komast inn í samfélagið, ég er ekki sammála því sem sumir segja, að það sé endilega erfitt. Ég á fullt af vinum hérna núna,“ segir Auður, sem flutti á Saudárkrók í byrjun september. Hún kveðst þó hafa þekkt aðeins til og kynnst vinum vana sinna í plássinu. „Ef maður hefur engin tengsl er þetta kannski meira vesen,“ bætir hún við.



Auður Ingólfssdóttir

Að sögn Auðar er þetta í fyrsta sinn sem hún býr í smærra plássi en segist þó hafa nóg fyrir stafni. „Ég var þreytt á að vera í Reykjavík að gera endalaust það sama,“ segir hún. „Hér get ég verið að smíða og gera upp húsgögn. Ég get gert það bæði í Endurnýtingarmiðstöðinni á Hofsósi og líka í Fab Lab, en þar eru til dæmis prentari og skurðarvélur,“ segir Auður. Hún bætir við að hún geti nýtt aðstöðuna sér að kostnaðarlausu. „Ég myndi ekki hafa þetta í bænum,“ segir hún um aðstöðuna.

Auður segist nýta skíðasvæðið

í Tindastóli óspart og bætir við að innanbæjar þurfi hún ekki að nota bíl. „Ég labba almennt allt sem ég fer. Ég keyri bara þegar ég fer til Reykjavíkur eða Akureyrar. Annars eru 200 metrar í allt héra.“

Aðspurð segir hún ungt fólk hafa fleiri tækifæri í plássinu en áður. „Covid hefur gefið fólki meiri sés á að flytja til baka. Það getur verið í fjarvinnu og flutt vinnuna með sér,“ segir hún. „Að mínu mati veitir það fólki meiri hamingju að geta ráðið sér sjálft.“

Auður starfar í dag sem verkefnastjóri áfangastadaáætlunar á Markaðsstofu Norðurlands. Hún segist mjög ánægð í starfinu, enda gefi það henni tækifæri til að ferðast mikið. „Ég ferðast mjög mikið í vinnunni og held líka vinnustofur í landshlutunum. Svo er ég að gista á þessum finu hótelum og í einhverjum endalausum næsheitum uppi í sveit,“ segir Auður og hlær. ■



TÆKIFÆRI TIL AÐ

PANNA SIG

PÖNNUTILBOÐ ALLA DAGA Í DESEMBER

STÓR PIZZA ★ 1.590

PEPPERONI • HAWAII • MARGARITA • EF ÞÚ SÆKIR

pizzahut.is - 515 1617 - Smáralind og Staðarbergi 2-4 Hafnarfirði



Bakþankar

Jóhönnu Vigdísar
 Guðmundsdóttur



Búin að öllu!

Einu sinni var mikilvægt að gera „allt“ fyrir jólin. Eitt árið þótti mér bráðnaudsynlegt að skera og steikja mitt eigið laubrauð. Keypti í því skyni rándýrt laubrauðsjárn, kökur tilbúnar til skurðar og helling af feiti. Þetta gæti ekki verið mikið mál. Þegar á reyndi kom í ljós að skortur á stofnanaþekkingu í laubrauðsgerð háði frammistöðu og afraksturinn minnti á nachos.

Þá þrjúskadist ég í nokkur ár við framleiðslu heimagerðra jólakorta, með aðstoð óþolinmóðra barna, og stóð síðan í röð á pósthúsinu til þess að senda kortin til fólks sem sjálf var löngu búid að missa áhugann og hætt að senda jólakort. Ein jólin ákvað ég svo að strauja rúmfötin sem færu á sængur heimilisfólks á Þorláksmessukvöld. Ég á sex manna fjölskyldu og þetta verður ekki endurtekið.

Ýmsar rannsóknir sýna að streitan sem fjölmargar konur upplifa fyrir jólin er hættuleg andlegri og líkamlegri heilsu þeirra. Með órlitlum andlegum þroska hef ég komist að því að jólin eru hugarástand sem ekki er hægt að skapa með því að klára „allt“. Á straumlínulagaðri jólahátíð eru því fáar skyldur. Þar er þó boðið upp á rúsinukökur samkvæmt uppskrift ömmu í Múla, og hangilæri og heima-gerðar flatkökur frá afa gamla á jóladag. Öllu öðru sem tengist jólnum er síðan skipt á milli heimilisfólks og frjáls aðferð hverju sinni látin ráða ferðinni. Svo les ég jólabækurnar og borða konfekt fram á nýársdag, þá fer ég í ræktina.

Við metnaðarfullra fólk hef ég þetta að segja: Laubrauðsjárn fæst gefins, það er lítið notað. ■

NÝSKÖPUN



ICELANDIC WOOL

ULLARJAKKAR

BYLTING Á HEIMSVÍSU
 NÁTTÚRUVÆN EINANGRUN
 ÚR ÍSLENSKRI ULL



icewear.is

FROM ICELAND WITH LOVE

STORMUR
 HEILSUINNISKÖR
 9.900 kr.

RAUDIR, BLÁIR, LJÓSIR, BLEIKIR OG GRÁIR



kosy
 WALK HAPPY

BYLTING FYRIR PREYTTA FÆTUR

Með NÍU svæða nuddinnleggi nærðu slökun og vellíðan sem dregur úr spennu og örvar blóðflæði. Heilsuinniskórnir eru fallegir, hlýir og einstaklega þægilegir.



PRESSURE POINTS



BYLTINGAKENNT 9 SVÆÐA
 NUDDINNLEGG ÚR LEDRI

DREGUR ÚR SPENNU
 & EYKUR BLÓÐFLÆÐI

- 1 MJÓBAK & HRYGGUR
- 2 NÝRU & HNÉ
- 3 STUÐNINGUR VIÐ LANGBOGANN & MJÓBAK LUNGU, HJARTA & FRAMRISTARBEIN
- 4
- 5 ENNISHOLUR
- 6 HÖFUÐ
- 7 HÁLS
- 8 AUGU
- 9 EYRU

DÚNMJÚKAR GJAFIR FYRIR ÞÁ SEM ÞÉR ÞYKIR VÆNST UM

BOSS HUGO BOSS

20%
 AFSLÁTTUR AF SLOPPUM

LORD SLOPPUR
 Nú 23.920 kr.
 Verð: 29.900 kr.

LACOSTE CLUB SLOPPUR
 Nú frá 21.520 kr.
 Fullt verð frá: 26.900 kr.

20%
 AFSLÁTTUR

TEMPRAKON ZONE SÆNG
 Sæng með innbyggðri hitastýringu.
 Fylling: Gæsadúnn og fjadrir. Sæng. 135x200 cm.
 Verð 59.900 kr.
 47.920 kr. JÓLAVERÐ

TEMPRAKON ERGOMAGIC
 Koddí með memory foam svampi og innbyggðri hitastýringu. Koddí. Verð 26.900 kr.
 21.520 kr. JÓLAVERÐ



JOOP RÚMFÖT
 CORNFLOWER
 140x200 cm. 100% egypsk bómull. Verð: 25.900 kr.
 20.720 kr. JÓLAVERÐ



ELEGANTE RÚMFÖT
 BRILLIANT
 140x200 cm. 100% egypsk bómull. Verð: 28.900 kr.
 23.120 kr. JÓLAVERÐ



DIMMA RÚMFÖT
 ÝMSIR LITIR
 140x200 cm. 100% bómull.
 Verð: 14.900 kr.
 11.920 kr. JÓLAVERÐ



VEFVERSLUN

www.betrabak.is

OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

Betra
 BAK

FAXAFENI 5
 Reykjavík
 588 8477

DALSBRAUT 1
 Akureyri
 588 1100

SKEIDI 1
 Ísafirði
 456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
 Mán.-fös. 11-18 | Lau. 11-16
 www.betrabak.is